



Fyrsta skemmtiferðaskip sumarsins á Vesturlandi kom í gærmorgun til Grundarfjarðar. Fjörðurinn tók spegilsléttur á móti seglskipinu The Blue Clipper þegar það skreið inn til bryggju árla morguns. The Blue Clipper er breskt skip sem sinnir skemmtisiglingum með farþega á sumrin en á veturna eru farnar á því vísindaferðir, m.a. til Svalbarða. Sjá nánar bls. 11.

Ljósm. tfk.

Listakosningar í sex sveitarfélögum og persónukjör í fimm

Frestur til að skila framboðslistum fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 26. maí næstkomandi rann út á hádegis á laugardaginn. Spennu gætti á nokkrum stöðum um hvort listum yrði skilað inn eða persónukjör færi fram. Í Eyja- og Miklaholtshreppi var einum lista skilað en í ljósi þess ákváðu fulltrúar hans að draga framboðið til baka og fer því fram persónukjör að nýju í hreppnum. Sami háttur verður einnig hafður á í Helgafellssveit, Reykhólahreppi,

Dalabyggð og Skorradalshreppi. Í sex sveitarfélögum verður kosið milli lista. Flest verða framboðin á Akranesi og í Borgarbyggð, fjögur í hvoru sveitarfélagi. Þrír listar verða í boði í Hvalfjarðarsveit og Stykkishólmsbæ en tveir listar í Grundarfjarðarbæ og Snæfellsbæ.

Nánar er fjallað um kosningarnar sem framundan eru á bls. 12-13 en auk þess birtast fjölmargar greinar frambjóðenda í blaðinu í dag.

mm



Framkvæmdir fyrir fimm milljarða á teikniborðinu

Fyrirtækið Uppbygging ehf. hefur keypt um tveggja hektara land við Smiðjuvelli á Akranesi og áformar að byggja þar allt að 17 þúsund fermetra blandað verslunar- og þjónusturými. Tillögur hafa verið kynntar fyrir skipulagsyfirlöndum hjá Akraneskaupstað og hefst vinna við deiliskipulag í framhaldinu.

Gert er ráð fyrir að byggingar á svæðinu verði 6-8 sem myndi umgjörð um 200-250 bílastæði, samanber meðfylgjandi frumhönnun sem ASK arkitekta hafa unnið. Framkvæmdin í heild mun kosta um fimm milljarða króna og taka um fimm ár. Sjá nánar á bls. 8.

mm

APÓTEK
VESTURLANDS
Augndropar!



Clear eyes

LYFIS
Traust í lyfjum



Framtíðarreikningur -í fullu gildi í framtíðinni

Með því að leggja fermingarpeningana inn á Framtíðarreikning auðveldar þú þér að láta framtíðardraumana rætast.

Ef 30.000 kr. eru lagðar inn á Framtíðarreikning leggjum við 6.000 kr. á móti.

Arion banki
-fyrir framtíðina



Stærstum hluta þjóðlendukrafna í Dölum hafnað

Óbyggðanefnd kvað á fimmtudag upp úrskurði vegna krafna Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendir á svæði 9A, sem nær yfir Dalasýslu að undanskildum fyrrum Skógarstrandarhreppi.

Þjóðlendukröfur í Dölum náðu til Svínadals, Flekkudals, Vatnsþverdals, fjalllendi Skarðs í Haukadal, Stóra-Vatnshornsmúla, Jörfaafréttar, landsvæðis sunnan og vestan Villingadalsdraga, Geldingadals, Sauðafellslands, landsvæðis sunnan Hundadals og Hundadalsheiði, fjalllendis Fremri-Vífilsdals, fjalllendis Hrafnabjarga og Botns við Svínbjúg. Var kröfunum skipt upp í þrjú mál eftir svæðum. Ítarlega lýsingu krafna og yfirlitskort af hverju svæði fyrir sig er að finna á vefsíðunni obyggdanefnd.is.

Skemmst er frá því að segja að obyggðanefnd hafnaði þjóðlendu-kröfunum að langstærstum hluta.

Landsvæðið vestan Skothryggs telst þjóðlenda samkvæmt úrskurði nefndarinnar, en þar er aðeins um að ræða lítinn hluta þess lands Flekkudals sem aðalkrafa ríkisins um þjóðlendu náði til. Stóra-Vatnshornsmúli telst einnig þjóðlenda samkvæmt úrskurði nefndarinnar, en landsvæði er í afréttareigu eigenda jarðarinnar Stóra-Vatnshorns samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar. Sama gildir um Jörfaafrétt, sem nefndin úrskurðaði að væri þjóðlenda, en í afréttareign eigenda jarðarinnar Jörfa.

Að lokum úrskurðaði nefndin að vesturhluti Víðimúla teldist þjóðlenda. Er það aðeins lítill hluti af því fjalllendi Hrafnabjarga sem gerð var krafa um. Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðanna Ytri-Hrafnabjarga og Fremri-Hrafnabjarga skv. úrskurði obyggðanefndar.

kgk



Aðalkröfur ríkisins um þjóðlendir eru merktar með rauðum útlínum á kortinu. Óbyggðanefnd samþykkti aðeins brot af kröfunum.



Snjókall í maí

Maímánuður er gjarnan mildur vormánuður en í ár hefur það sem af er mánaðarins frekar minnt á haustið eða jafnvel vetrartíð. Um liðna helgi var snjóþekja á Vesturland og víða nokkuð vetrarlegt um að litast. Í Þurranesi í Saurbæ í Dölum var nægur snjór til að hnoða í myndarlegan snjókall án mikillar fyrirhafnar og var það einmitt það sem Ingunn Jóna Jónsdóttir gerði. Hún bjó til þennan fína kall á pallinum hjá sér snemma á laugardag. Snjókallinn var þó ekki langlífur því síðar um daginn fór að rigna en rigning er ein helsta dánarorsök snjókalla.

-avg



Efnisgeymslan smám saman að hverfa

Íbúar á Akranesi urðu margir hverjir varir við nokkurn hávaða og drunur síðastliðinn föstudag. Bárust þær frá Sementsverksmiðjunni, þar sem starfsmenn fyrirtækisins Work North ehf. vinna að niðurrifi bygginga og búnaðar. Drunurnar orsökuðust af því að þá var þak efnisgeymslunnar að falla, en undanfarnar vikur hefur verið unnið að því að rífa þetta stóra mannvirki. Hefur Faxabraut verið lokað frá 13. apríl vegna þessa. Ekki er annað að merkja en að verkið sækist vel.

-mm

Breyting á lista VG

BORGAR-BYGGÐ: Á félagsfundi VG í Borgarbyggð síðastliðinn fimmtudag var samþykkt breyting á áður samþykktum framboðslista fyrir sveitarstjórnarkosningarnar. Guðmundur Freyr Kristbergsson, ferðaþjónustubóndi á Háafelli í Hvítársíðu, tekur þriðja sæti á listanum. Kemur hann í stað Eiríks Þórs Theódórssonar sem óskað hafði eftir því að draga framboð sitt til baka af persónulegum ástæðum. Listinn er að öðru leyti óbreyttur frá kynningu á honum í frétt Skessuhorns nýverið.

-mm

Samið um endurbætur og stækkun grunnskólans

Síðastliðinn föstudag var undirritaður samningur milli Borgarbyggðar og byggingarfyrirtækisins Eiríkur J. Ingólfsson ehf. um stækkun og heildarendurbætur á húsnaði Grunnskólans í Borgarnesi. Er samningurinn gerður að undangengnu útboði sem Ríkiskaup sá um fyrir sveitarfélagið. Einungis barst eitt tilboð í verkið. Á vef sveitarfélagsins segir að framkvæmdir muni nú hefjast á næstu dögum. Verkið mun standa yfir í þrjú ár og er heildarkostnaður við það um 750 milljónir króna. „Langþráður áfangi er nú í höfn varðandi endurnýjun og stækkun húsnaðis skólans og stórbætta aðstöðu nemenda og starfsfóks,“ segir í tilkynningu vegna undirritunar samningsins.

mm



Samningar voru undirritaðir og loks handsalaðir. F.v. Eiríkur J Ingólfsson verktaki, Pálmi Sævarsson formaður byggingarnefndar og Gunnlaugur A Júlíusson sveitarstjóri.

Fyrirtækjaheimsókn FKA Vesturlands í Borgarnes 15. maí nk.

Fyrsta fyrirtækjaheimsókn FKA Vesturlands verður í Landnámssetri Íslands í Borgarnesi.

Skráning á viðburð í útsendum tölvupósti.

Allar FKA konur hjartanlega velkomnar. Hlökkum til að sjá ykkur.



Hvar: Landnámssetur Íslands, Brákarbraut 13-15
Hvenær: 15. maí
Tími: 19:30



FKA Vesturlands



TIL MINNIS

Meðal viðburða sem í boði verða um næstkomandi helgi er stórsýning Rafta og Fornbílafélags Borgarfjarðar í Brákarey. Þá verður einnig haldin krakka flóamarkaður í Brákarey sama dag og Háskólahestin verður með vísindaveislu í Hjálmaðelli. Þetta er aðeins hluti af viðburðum helgarinnar en tilkynningu um fleiri viðburði má sjá í dalknum Á döfinni bls. 29 og á vef Skessuhorns.

VEÐURHORFUR

Spáð er breytilegri og síðar sunnanátt 8-13 m/s en norðaustanátt 10-15 m/s á Vestfjörðum á morgun fimmtudag. Rigning á köflum og hiti víða 5-10 stig. Á föstudag er gert ráð fyrir suðaustan- og austan 8-15 m/s og rigningu. Hægari vindur og úrkomulitið á Norðurlandi. Hiti 6-14 stig. Á laugardag er spáð austlægri átt og víða bjart en skýjað og dálitil rigning á Suðausturlandi. Hiti 7-15 stig að deginum og hlýjast á Norðurlandi og Vesturlandi. Á sunnudag og mánudag er gert ráð fyrir suðaustanátt og mildu veðri. Rigning með köflum á Suður- og Vesturlandi en þurr og bjart norðaustanlands.

SPURNING VIKUNNAR


Í síðustu viku var spurt á vef Skessuhorns hvort Ari Ólafsson kæmist með framlag Íslands upp úr undanúrslitum í Eurovision, sem fram fór í gærkvöldi (eftir að Skessuhorn fór í prentun). Svarendur voru ekki bjartsýnir á árangur. 51% sögðu Ara örugglega ekki komast áfram og 24% að hann kæmist sennilega ekki áfram. 10% svarenda sögðu að Ari kæmist sennilega upp úr undanúrslitunum og 9% voru bjartsýnastir og sögðu hann örugglega komast áfram. 6% svarenda voru ekki vissir.

Í næstu viku er spurt: **Ert þú komin/n á sumardekkinn?**

VESTLENDINGUR VIKUNNAR

Sindri Viðir Einarsson sem kemur fram undir listamannanafninu MC Ísbjörn rappaði af stakri snilld ásamt þeim JóaPé og Króla á hátíðinni List án Landamæra sem hófst í Reykjavík í síðustu viku. Sindri Viðir er Vestlendingur vikunnar.

**90% af 323
óðýrustu dælum
landsins eru hjá
Orkunni***



Orkan - Ódýrt fyrir alla

*miðað við eldsneytisverð á Íslandi kl. 15:00, 8. maí 2018.



SKESSUHORN



Kirkjubraut 54-56 - Akranesi - Sími: 433 5500 - www.skessuhorn.is

Skeessuhorn kemur út alla miðvikudaga. Skilafrestur auglýsinga er kl. 14.00 á þriðjudögum. Auglýsendum er bent á að panta auglýsingapláss tímanlega. Skráningarfrestur smá-auglýsinga er til kl. 12.00 á þriðjudögum.

Bláðið er gefið út í 3.700 eintökum og selt til áskrifenda og í lausasölu. Áskriftarverð er 2.976 krónur með vsk. á mánuði. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða kr. 2.580. Rafræn áskrift kostar 2.337 kr. Rafræn áskrift til elli- og örorkulífeyrisþega er 2.160 kr. Áskrifendur blaðs fá 50% afslátt af verði rafrænnar áskriftar. Verð í lausasölu er 750 kr.

SKRIFSTOFA BLAÐSINS ER OPIN KL. 9-16 VIRKA DAGA

Útgefandi: Skeessuhorn ehf.	skessuhorn@skessuhorn.is
Ritstjórn: Magnús Magnússon, ritstjóri s. 894 8998	magnus@skessuhorn.is
Kristján Gauti Karlsson	kgauti@skessuhorn.is
Anna Rósa Guðmundsdóttir	arg@skessuhorn.is
Auglýsingar og dreifing: Hrafnhildur Harðardóttir	auglysingar@skessuhorn.is
Umbrot og hönnun: Tinna Ósk Grímarsdóttir	tinna@skessuhorn.is
Bókhald og innheimta: Guðbjörg Ólafsdóttir	bokhald@skessuhorn.is
Prentun:	Landsprent ehf.



Þráast við grillið

Í miklu bjartsýniskasti síðastliðinn föstudag gerði ég tilraun til þess ómögulega. Í vestan strekkingsvindi og hita rétt ofan við frostmark kveikti ég undir grillinu á vestursvölum hússins út við svalan sæinn og reyndi að byggja upp nægjanlega hita. Það var náttúrlega vonlaust verk og eftir korters steikingu voru lærissneiðar af vænum dilk einungis komnar með fölbleikan lit, en með öllu hráar að innanverðu. Þarna var náttúrlega alls ekkert grillveður fremur en alla síðustu viku. Þótt dagatalið sýndi erlausan mánuð, sem undir venjulegum kringumstæðum þýðir í mínum huga kaldur á kantinum og grill í boði húsbóndans, þá átti það ekki við þennan dag. Inn hélt ég því með kjetíð, snöggssteikti það á pönnu og skellti í ofninn. Grillið bíður því betri og hlýrri tíma.

Meðan steikin snarkaði í ofninum renndi ég yfir fréttir blaðanna. Meðal annars las ég frásögn af ræðu Ragnars Þórs Ingólfssonar, formanns VR, frá 1. maí. Mikið hafði þá þegar verið rætt um boðskap hans og ýmis hagsmunaöfl samviskusamlega tekið til háværra varna. Sennilega mun þessi ræða marka ákveðin þáttaskil í kjaraviðræðum. Ég leyni ekki þeirri skoðun minni að Ragnar Þór hefur fært býsna ferska vinda inn í annars ládaúða hreyfingu launafólks. Það er nefnilega mín skoðun sem atvinnurekanda að kjör millistétta og þeirra lægst launuðu í okkar ágæta landi þurfa að vera öllum bjóðandi, ekki bara sumum. Lágmarkslaun eru undir þrjú hundruð þúsund krónum og af þeirri upphæð eru jafnvel greiddar um fimmtíu þúsund krónur í skatta. Mér er lífsins ómögulegt að skilja hvernig fólk sem hefur nettó 250 þúsund krónur til framfærslu á mánuði hreinlega geti það. Nægir að vísa til þróunar húsaleigu sem eðli málsins samkvæmt fylgir þróun fasteignaverðs. Við sjáum fréttir af ótrúlegum hækkunum húsaleigu, ekki síst í boði nýrrikra fasteignafélaga sem rek-in eru af svokölluðum fagfjárfestum, lífeyrissjóðum og jafnvel þeim sem með réttu mætti kalla hrægamma samtímans.

Í ræðu sinni vék Ragnar Þór að þeirri möntru sem segir að Íslendingar eiga aldrei að hafa haft það betra en einmitt nú kjaralega séð, aldrei hafi verið settir meiri peningar í grunnþjónustuna og kaupmáttur launa sé fordæmalaus. Þessu halda ráðamenn á lofti við hvert tækifæri sem gefst. Undir þann kór taka jafnvel fulltrúar ákveðinna verkalyðsfélaga sem halda því fram að mikill árangur hafi náðst á umliðnum árum. Ræddi Ragnar vítt og breitt um kaupmáttinn, heilbrigðiskerfið, fjármálakerfið og hús-næðismálið. Um þau síðastnefnda sagði hann meðal annars: „Húsnæðis-markaðurinn er vígvöllur þar sem almenningur er að berjast vopnlaus gegn leigurisum og okurlánastarfsemi fjármálakerfisins. Braskarar og stóreignafélög græða á tá og fingri á meðan sveitarfélög og stjórnvöld klóra sér í hausnum.“

Grunnþarfir okkar byggja á því að eiga í okkur og á, hafa húsaskjól og þá þjónustu sem okkur á að vera tryggð svo sem í formi vel rekins heilbrigðis- og menntakerfis. Ef útborguð laun duga jafnvel ekki til að standa straum af matarinnkaupum og húsaleigu, hvað þá öðru, þá er eitthvað mikið að. Á það bendir hin nýja forysta verkalyðsfélaga og svei þeim sem leyfa sér að mótmæla slíkum málflutningi.

Ég kvarta ekki um kaup og kjör. Fram til þessa hef ég yfirleitt náð þeim launum að geta talist með miðlungstekjur. Þess vegna gat ég síðastliðinn föstudag baslað í þrjósku minni við að steikja lambalærisneiðar. En mikið lifandis ósköp og skelfing vildi ég óska að allir landsmenn hefðu efni á slíkum munaði. Þess vegna tek ég ofan fyrir þeim sem halda því fram að gæðum landsins er ekki réttlátt skipt og því muni í komandi kjaraviðræðum ekki verða hvikað frá leiðréttingu í þeim efnun.

Magnús Magnússon

Vatnsverksmiðjuhúsið í Rifi rifið

Í síðustu viku var byrjað að rífa vatnsverksmiðjuhúsið í Rifi í Snæfellsbæ og munu eigendur hússins, fyrirtækið Móabyggð í Reykjavík, láta flytja það með skipi burt af staðnum. Að sögn Kristins Jónasonar bæjarstóra veittu skipulagsnefnd og bæjarstjórn samþykki fyrir niðurriði hússins og því að það yrði fjarlægt af svæðinu.

Húsið er um 7200 fermetrar að flatarmáli og var á sinni tíð byggt af félaginu Iceland Glacier Product. Eins og kunnugt er fór vatnsátöppun aldrei fram í húsinu. Félagið sem stóð fyrir byggingu hússins og væntanlegum vatnsúftlutningi fór í þrot og húsið á uppboð í framhaldi þess. Reikna má með að ofantaka



hússins sé ekki flókið verkefni þótt húsið sé mikið að vöxtum. Grind þess er úr límtré og það er síðan

klætt með yleiningum sem festar eru með skrúfum utan á grindina.

mm/af

Big band tónleikar í sal FSN

Í Fjölbrautaskóla Snæfellinga er kenndur áfangi í tónlist. Þar er á ferðinni Stórsveit Snæfellsness sem samanstendur af nemendum FSN. Sveitin æfir tvisvar í viku allan veturinn undir stjórn Baldurs Orra Rafnssonar. Nemendurnir sýndu afrakstur vetrarins í sal skólans miðvikudaginn 2. maí síðastliðinn. Þá hljómuðu þekkt dægurlög í bland við klassískar perlur. Góður rómur var gerður að flutningnum og ljóst að um afar hæfileikarík ungmenni er að ræða.

tfk



Búið að reisa vallahús við Ólafsvíkurvöll

Framkvæmdir við byggingu vallahúss við Ólafsvíkurvöll eru í fullum gangi sem og við völinn sjálfan og er allt kapp lagt á að hann og húsið verði tilbúið sem fyrst. Veðrið hefur þó aðeins verið að stríða þeim sem að verkinu koma. Búið er að reisa vallahúsið og þegar þetta er skrifað er vonast til þess að þakið komist á sem fyrst. Inni í vallahúsinu verður allt rafmagn og vatn ásamt stjórnborðum sem tengjast gervigrasinu. Þar inni verða einnig geymd öll áhöld, boltar og annað sem nota þarf á knattspyrnuæfingum. Einnig verður sópurinn fyrir gervigrasið geymdur þar.

þa



Hnoðrabólsmenningarferð



Foreldrafélag leikskólans Hnoðrabóls í Reykholtssdal fór í vorferð að Ökrum á Mýrum þriðjudaginn 1. maí síðastliðinn. Ágætis veður var, á milli elja. Góðar mótökur voru svo hjá Önnu Dröfn Sigurjónsdóttur í Ensku húsunum, en þar var grillað fyrir hópinn. Loks var komið við í Samgöngusafninu í Brákarey. Meðfylgjandi myndir tók Jósefína Morell í ferðinni.

mm

UNDIR YFIRBORÐINU



HEIMILDARMYND UM LAXELDI
SÝND 13. MAÍ Á RÚV KL 20.15



Framhalds- skólakennar- ar samþykktu

LANDIÐ: Félagsmenn í Félagi framhalds- skólakennara og Fé- lagi stjórnenda í fram- haldsskólum hafa sam- þykkt nýgerðan kjara- samning með yfirgnæf- andi meirihluta. Gildis- tími samningsins er út mars á næsta ári. Á kjör- skrá voru tæplega 1500 kennarar og stjórnend- ur og voru 69% þeirra fylgjandi en 29% and- vígir. Tæplega 2% skil- uðu auðum seðlum eða gerðu ógilt.

-mm



VR sendir Hörpu skýr skilaboð

RVK: „Í ljósi yfirlýs- ingar forstjóra Hörpu í dag 8. maí, hefur VR ákveðið að hætta að nota Hörpu tónlist- arhús undir viðburði félagsins. Sóma síns vegna getur VR ekki átt í viðskiptatengslum við fyrirtæki sem hagar sér með svo lítilmann- legum hætti gagnvart launafólki,“ segir í til- kynningu frá VR í gær. „Lægst launuðu starfs- menn Hörpu tónlist- arhúss, sem einum var gert að taka á sig launa- lækkun á meðan for- stjórinn fékk ríflega launahækkun, sýndu það einstaka þor og áráði að segja nær öll upp störfum til þess að mótmæla hinu hróp- andi óréttlæti sem blasir við í þessu máli. Beðið var með eftirvæntingu eftir niðurstöðu fundar forstjóra og yfirstjórnar í morgun og blasti það við öllu réttisýnu fólki að hið augljósa órétt- læti yrði leiðrétt með einhverjum hætti og yf-irstjórn hússins myndi sjá að sér.“ Þá segir að yfirlýsing Svanhild- ar Konráðsdóttur, for- stjóra Hörpu tónlistar- húss, í dag þriðjudag- inn 8. maí 2018 komi sem blaut tuska í andlit félagsmanna VR. „Einu viðbrögðin eru þau að kveðja þessa dugmiklu starfsmenn og óska þeim velfarnaðar. VR sem stéttarfélag get- ur ekki annað en tek- ið sér stöðu með starfs- mönnum sem hafa ver- ið smánaðir með þess- um ótrúlega hætti og hætt öllum viðskiptum við Hörpu tónlistar- hús þar til þetta mál fær eðlilega afgreiðslu.

-mm



Búið að opna sundlaugina

GRUNDARFJ: Skólasund hófst í Sundlaug Grundfirð- inga 30. apríl síðastliðinn og 2. maí var svo opnað takmark- að fyrir almenning. Núna er laugin opin frá 7-8 á morgn- ana og svo frá 17-21 seinni- partinn. Á laugardögum er svo opið frá 13-17 og lok- að á sunnudögum. Þann 19. maí næstkomandi tekur full sumaropnun gildi en þá verð- ur opið alla virka daga frá kl. 7-21 og laugardaga og sunnu- daga frá 10-18. Þetta er alltaf ákveðin vorboði fyrir Grund- firðinga þar sem sundlaugin er lokuð yfir vetrartímann. Nú í vetur var reyndar prófað að hafa opið í heitu pottana yfir vetrarmánuðina og gekk það ágætlega.

-tfk

Skipulagsvinna vegna rifs á strompinum

AKRANES: Á fundi skipu- lags- og umhverfisráðs Akra- neskaupstaðar síðastliðinn fimmtudag var samþykkt að hefja vinnu við breytingu á deiliskipulagi á Sementsreit á Akranesi. Breytingin felst í að sementsstrompurinn verði rif- inn. Byggir sú ákvörðun á af- gerandi niðurstöðu sem fékkst úr skoðanakönnun sem Akra- neskaupstaður stóð fyrir. Þar vildu 94,25% bæjarbúa að strompurinn yrði felldur, en 5,75% að hann yrði látinn standa áfram um ókomin ár.

-mm

Smiðjuloftið opnað á Akranesi

Margt var um manninn við opn- un Smiðjuloftsins, nýs afþreying- arseturs við Smiðjuvelli á Akra- nesi, um liðna helgi. Það eru hjón- in Valgerður Jónsdóttir og Þórð- ur Sævarsson sem eiga og reka Smiðjuloftið en þar er að finna klifuraðstöðu og rými sem m.a. hentar undir ýmsa viðburði eða tónlistariðkun. „Nóg var um að vera á Smiðjuloftinu í tilefni af opnuninni og margt um mann- inn alla helgina. Á laugardegin- um var opið hús á efri hæðinni, lif- andi tónlist og léttar veitingar. Á sunnudeginum var svo fjölskyldu- klifur og söngstund, þar sem litlir söngfuglar létu ljós sitt skína. Mik-



Klifurveggurinn var í stöðugri notkun alla helgina.



Þórður og Valgerður ásamt Sylvíu dóttur sinni.

ill fjöldi fólks á öllum aldri mætti á Smiðjuloftið báða dagana til að prófa klifurveggina og voru gestir gífurlega ánægðir með þessa nýj- ung í íþrótt- og menningarlífinu á Akranesi,“ segja þau Valgerður og Þórður.

Klifurfélag ÍA verður með æf- ingaaðstöðu sína í húsinu og

spenningur var meðal iðkenda í félaginu að hefja æfingar. Leyndi sá áhugi sér ekki þegar ljósmynd- ari Skessuhorns leit við á laugar- daginn. Margir þeirra voru mætt- ir á Smiðjuloftið strax og tekið var úr lás á laugardagsmorguninn, að sögn þeirra Valgerðar og Þórðar.

arg/ Ljós. mm

Líkamsræktin í Grundarfirði skiptir um eigendur

Fyrir rúmlega níu árum hóf Lík- amsræktin starfsemi sína í Grund- arfirði en samfélagið hafði þá kall- að eftir slíkri þjónustu. Það voru hjónin Ásgeir Ragnarsson og Þór- ey Jónsdóttir sem keyrðu þetta verkefni í gang og viðtökurnar voru góðar. Nú hálfu tíunda ári síðar var kominn tími á breytingar. Líkamsræktin var auglýst til sölu og hefur ungt og kraftmikið par fest kaup á ræktinni. Það eru þau Guðmundur Njáll Þórðarson og Sigurhanna Ágústa Einarsdóttir sem taka við keflinu. Líkamsrækt- in mun verða rekin í sömu mynd til að byrja með en svo er aldrei að vita nema eitthvað bætist við eða breytist eftir því sem á líður, að sögn þeirra.

tfk



Þórey Jónsdóttir er hér að afhenda Ágústu og Guðmundi lyklana. Með þeim á myndinni er Hallberg Helgi sonur þeirra.

KAFFI-
OG VÖFFLUSALA

ADGANGUR
ÓKEYPIS

BÍFHÓLA- OG FORNBÍLASÝNING 2018

Bíll í 100 ár
í Borgarnesi

ALLIR
VELKOMNIR




LOGEY EHF

DRONEFLY.IS
AERIAL VIDEOGRAPHY / PHOTOGRAPHY




STORMUR EHF
Kletthálsi 15 • Sími 577 1717



Hjólasafn
Hjartar Jónassonar

Laugardaginn 12. maí kl. 13-17
í Brákarey í Borgarnesi

SKESSUHORN





Fimm buðu í rekstur tjaldsvæðis

AKRANES: Akraneskaupstaður hefur opnað tilboð í rekstur tjaldvæðis við Kalmansvík á Akranesi árin 2018 - 2020. Fimm tilboð, frá 800.000 til 2.621.000 krónum, bárust og var samþykkt á fundi skipulags- og umhverfisráðs í síðustu viku að ganga til viðræðna við hæstbjóðanda, Ástu Ósk Sigurðardóttur, á grundvelli tilboðsins.

-mm



Aflatölur fyrir Vesturland

dagana 28. apríl - 4. maí

Tölur (í kílóum) frá Fiskistofu:

Akranes: 23 bátar.
Heildarlöndun: 124.620 kg.
Mestur afli: Eskey ÓF: 48.383 kg í tveimur róðrum.

Arnarstapi: 11 bátar.
Heildarlöndun: 56.843 kg.
Mestur afli: Álfur SH: 24.959 kg í þremur róðrum.

Grundarfjörður: 20 bátar.
Heildarlöndun: 225.341 kg.
Mestur afli: Hringur SH: 69.032 kg í einni löndun.

Ólafsvík: 41 bátur.
Heildarlöndun: 720.057 kg.
Mestur afli: Steinunn SH: 134.277 kg í fimm róðrum.

Rif: 35 bátar.
Heildarlöndun: 581.494 kg.
Mestur afli: Rífsnes SH: 105.797 kg í tveimur löndunum.

Stykkishólmur: 10 bátar.
Heildarlöndun: 18.230 kg.
Mestur afli: Rán SH: 6.812 kg í fimm róðrum.

Topp fimm landanir á tímabilinu:
1. Örvar SH - RIF: 86.348 kg. 2. maí.
2. Tjaldur SH - RIF: 80.739 kg. 2. maí.
3. Hringur SH - GRU: 69.032 kg. 2. maí.
4. Rífsnes SH - RIF: 59.756 kg. 4. maí.
5. Rífsnes SH - RIF: 46.041 kg. 30. apríl.

-kgk

Stórt verslunar- og þjónustusvæði á teikniborðinu við Smiðjuvelli á Akranesi:

„Verkefni upp á fimm milljarða sem mun skapa fjölmörg störf á næstu árum“

Nýverið skipti ríflega tveggja hektara landrými við Smiðjuvelli 12-22 á Akranesi um eigendur. Land þetta sem liggur við þjóðveginn inn í bæinn var að stórum hluta nýtt undir garðyrkjustöð sem fyrir nokkrum árum var lögð niður og gróðurhúsin rifin. Uppbygging ehf. hefur nú keypt landið auk 700 fm. skemmu. Seljandi er Skagaverk ehf. Engilbert Runólfsson og Kristín Minney Pétursdóttir eru eigendur Uppbyggingar ehf.

Engilbert segir í samtali við Skessuhorn að nú sé skipulagsferli hafið á lóðunum, en á þeim er fyrirhugað að reisa 15-17 þúsund fermetra húsnæði sem verður blanda af skrifstofu-, verslunar- og þjónusturými auk sérhæfðs geymslurýmis. Gert er ráð fyrir um eða yfir 200 bílastæðum. Páll Gunnlaugsson hjá ASK arkitektum hefur grófhannað skipulag svæðisins, samanber meðfylgjandi útlitsteikningu, og var erindið formlega lagt inn hjá Akraneskaupstað á föstudaginn og kynnt á fundi skipulags- og umhverfisráðs í gær. Engilbert væntir þess að Akraneskaupstaður taki þessari fyrirhuguðu uppbyggingu á atvinnuhúsnæði fagnandi. Formlegt deiliskipulagsferli mun því hefjast fljótlega og taka nokkra mánuði, en reiknað með að jarðvegsframkvæmdir geti hafist síðar á þessu ári. Engilbert segir kaupin á landi og 700 fm. skemmu Skagaverks fullfjármögnuð og því ekkert til fyrirstöðu að verkefnið komist í gang. Skemman verður á síðari stigum verkefnisins tekin niður og flutt á annan grunn, en notuð sem aðstaða fyrir verktaða fyrst í stað á byggingartímanum.

Viðræður í gangi við marga

Á undanförunum vikum hefur verið rætt við nokkra aðila sem lýst hafa vilja til að koma inn í væntanlegt húsnæði á lóðunum. „Þetta eru aðilar í fyrirtækjarekstri og stofnanir sem sum hafa starfsemi nú þegar á Akranesi en einnig aðrir sem



Fyrsta útlitshönnun svæðisins við Smiðjuvelli 12-22, horft til suðurs.

Teikning: ASK arkitektar.

vilja koma hingað.“ Engilbert vill á þessu stigi ekki nafngreina þessi fyrirtæki, en segir að þau muni hafa aðsetur í 6-8 byggingum sem saman mynda þyrpingu samkvæmt fyrstu drögum að skipulagi á svæðinu. Reka þau verslanir og þjónustu af ýmsu tagi, skrifstofur, sérhæfðar geymslur auk líkamsræktar- og afþreyingarstarfsemi, svo dæmi séu tekin. „Við lítum á þetta sem gríðarstórt og spennandi atvinnutækifæri enda eru fyrirtækin sem við erum í viðræðum við afar áhugasöm. Margt af þeirri þjónustu og verslun sem þarna verður er löngu tímabært að fá hingað á Akranes og við finnum fyrir mikilli jákvæðni í garð uppbyggingar á Akranesi, enda bæjarfélagið í vexti,“ segir Engilbert. Aðspurður segir hann að ætlað sé að verkefni þetta muni kosta um fimm milljarða króna og að byggingartíminn verði allt að fimm ár. Viðræður við fjárfesta og leigjendur eru vel á veg komnar og segir hann að þeir verði nafngreindir þegar byrjað verður á skipulagsvinnunni, enda taki hönnun húsa og skipulag mið af þeirri þjónustu sem þar verður.



Engilbert Runólfsson hjá Uppbyggingu ehf. segir verkefnið gríðarlega spennandi og að vel hafi verið tekið í það af fyrirtækjum og stofnunum að festa sér húsnæði á svæðinu. Til hægri er hluti skemmunnar og svæðið sem um ræðir.

Stuðlar að fjölgun starfa

„Það er fyrir okkur sem bæjarfélag afar mikilvægt að fjárfestar og framkvæmdamenn sýni vilja til uppbyggingar á Akranesi. Þessar hugmyndir, sem Uppbygging ehf. kynnti okkur með formlegu erindi síðastliðinn föstudag, falla vel að hugmyndum Akraneskaupstaðar um að efla bæjarfélagið á sem flest-

um sviðum, stuðla að aukinni fjölbreytni í atvinnulífinu og fjölgun starfa,“ segir Sævar Freyr Þráins-son bæjarstjóri í samtali við Skessuhorn. Hann bætir því við að töluverð vinna er eftir en nú fari erindið til lögformlegrar afgreiðslu í stjórnkerfinu, fyrst hjá skipulags- og umhverfissviði.

mm

Framkvæmdir á Vesturgötu á lokametrunum

Verktaki telur víst að gatan verði opnuð fyrir kosningar

Nú sér fyrir endann á umfangsmiklum framkvæmdum sem hófust á Vesturgötu á Akranesi síðastliðið sumar. Um er að ræða jarðvegsskipti undir götunni allri milli Stillholts og Merkigerðis og malbikun eftir það. Samhliða því hefur verið skipt um lagnir sem liggja í götunni og gangstéttir endurnýjaðar eða endurbættar eftir því sem við á. Verkið tafðist töluvert síðasta haust, m.a. vegna þess að skipta þurfti út fleiri lögnum en gert hafði verið ráð fyrir í fyrstu og ýmissa annarra breytinga sem urðu á verkinu. Þar að auki reyndist klöppin í götunni fimmfalt meiri en búist hafði verið við. „Það urðu ýmsar breytingar og viðbætur á verkinu og endaði með því að það fraus inni í vetur,“ segir Guðmundur Guðjónsson hjá Skóflunni hf., sem annast verkið, í samtali við Skessuhorn. „En um leið og frost fór úr jörðu í byrjun apríl hófumst við handa að nýju við þennan stutta spöl sem ekki náðist að klára í vetur,“ segir hann, en kafl-

inn sem um ræðir nær frá Vesturgötu 119 að Merkigerði. „Það hefur gengið alveg áfallalaust fyrir sig síðan við byrjuðum aftur eftir páska.“

Hægt að aka á kjörstað

En hvenær má búast við því að verkinu ljúki? „Við stefnum að því að malbika í næstu viku og ég er öruggur á því að Vesturgata verði opnuð fyrir kosningar, 26. maí,“ segir Guðmundur. „Farið verður í gangstéttirnar í beinu framhaldi af því. Síðan verður unnið að frágangi á svæðinu öllu fram eftir júnímánuði,“ segir hann og bætir því við að íbúar við götuna þurfi ekki að búast við teljandi óþægindum vegna framkvæmdanna hér eftir. „Það er búið að skipta um allar lagnirnar og verður því ekki meiri truflun á vatni og rafmagni, sem betur fer. Ekki má búast við neinum teljandi truflunum meðan unnið verður við gangstéttirnar,“ segir Guðmundur í Skóflunni að endingu.

kgk



Framkvæmdasvæðið við Vesturgötu á Akranesi, séð frá götunni við Merkigerði. Búið er að skipta um allar lagnir og til stendur að malbika í næstu viku.



Ekið með efni á framkvæmdasvæðið, en verkið felur meðal annars í sér jarðvegsskipti undir götunni.

Fjölmarginir prufukeyrðu bíla á afmæli Bíláss

Bílasalan Bíláss á Akranesi er 35 ára um þessar mundir. Af því til efni var opið hús og bílasýning síðastliðinn laugardag. Þeir bræður Ólafur og Magnús Óskarssynir hafa rekið bílasöluna frá upphafi. Þeir voru hæstánægðir með viðtökur en um fimmtíu manns nýttu tækifærið og prufukeyrðu nýja bíla sem voru til sýnis og sölu. Þá voru margir að auki sem nýttu sér grillaðar pylsur og annan viðurgjörning í tilefni dagsins.



mm Magnús Óskarsson, Ólafur Óskarsson og Elvar Már Sturlaugsson starfa á Bíláss.



Kuldalegar móttökur sem farfuglarnir fá

Tíðin það sem af er máimánuði hefur verið afar rysjótt. Hafa menn í flymtingum að þetta sé kaldasti mánuður ársins fram að þessu. Viðá hefur snjóað og þrálátur útsynningur hefur gert mönnum og dýrum lífið leitt. Kaldar lægðir á færiböndum frá Kanada orsaka þetta. Í þessari viku hefur heldur hlýnað þótt útlit sé fyrir vætutið eitthvað áfram. Meðfylgjandi mynd var tekin á Akrafjallsvegi um liðna helgi. Jaðran þessi norpaði í leit að æti meðan hriðargusa gekk yfir.

Ljósm. gó.



Laus staða við Grunnskólann í Borgarnesi

Mikil þróun á sér stað innan Grunnskólans í Borgarnesi, m.a. í teymiskennslu og einstakt tækifæri fólgið í því að vera hluti af þeirri sterku heild sem kennarar og starfsfólk skólans mynda. Skólinn vinnur eftir hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar.

Leitað er eftir íslenskukennara á unglingastigi með umsón sem er tilbúinn að taka þátt í virku og skapandi skólastarfi með nemendum, samstarfsfólki og foreldrum frá 1. ágúst 2018.

Menntun, reynsla og hæfni:

- Kennsluréttindi í grunnskóla og kennslureynsla.
- Ríkir samstarfs- og samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Jákvæðni, ábyrgðarkennd og skipulagshæfileikar.
- Lausnamiðuð vinnubrögð og góð íslenskukunnátta.

Umsóknarfrestur er til 16. maí 2018

Umsóknir skal senda til Júlíu Guðjónsdóttur skólastjóra, julia@grunnborg.is. Einnig er hægt að fá nánari upplýsingar hjá henni í síma 862-1519.

SKESSUHORNN 2018

Bæjarstjórnarkosningar 2018



Eftirtaldir listar eru til framboðs við bæjarstjórnarkosningar á Akranesi laugardaginn 26. maí 2018. Kjörseðill til bæjarstjórnarkosninga í Akraneskaupstað 26. maí 2018.

B	D	M	S
Framboðslisti Frjálsra með Framsókn	Framboðslisti Sjálfstæðisflokksins	Framboðslisti Miðflokksins	Framboðslisti Samfylkingarinnar
Elsa Lára Arnardóttir Ragnar Baldvin Sæmundsson Liv Áse Skarstad Karítas Jónsdóttir Ole Jakob Volden Helga Kristín Björgólfsdóttir Alma Dögg Sigurvinsdóttir Ellert Jón Björnsson Hilmar Sigvaldason Anna Þóra Þorgílsdóttir Olga Katrín Davíðsdóttir Skarstad Þröstur Karlsson Sigurður Oddsson Maren Rós Steinþórsdóttir Axel Guðni Sigurðsson Guðmundur Páll Jónsson Björk Elfa Jónasdóttir Ingibjörg Pálmadóttir	Rakel Óskarsdóttir Sandra Margrét Sigurjónsdóttir Einar Brandsson Ólafur Guðmundur Adolfsson Þórður Guðjónsson Kristjana Helga Ólafsdóttir Stefán Þór Þórðarson Aldís Ylfa Heimisdóttir Carl Jóhann Gränz Ester Björk Magnúsdóttir Ingbór Bergmann Þórhallsson Rúna Björg Sigurðardóttir Guðmundur Brynjar Júlíusson Ólöf Linda Ólafsdóttir Daníel Þór Heimisson Ólafur Grétar Ólafsson Eiríkur Jónsson Sigríður Indriðadóttir	Helga Kristín Haug Jónsdóttir Rúnar Ólason Steinþór Árnason Hörður Svavarsson Kolbrún Líndal Guðjónsdóttir Íris Baldvinsdóttir Lárus Jóhann Guðjónsson Krystyna Jabluszewska Gunnar Þór Gunnarsson Hallbjörn Líndal Viktorsson Ásgeir Einarsson Sævar Sigurðsson Örn Már Guðjónsson Jón Andri Björnsson Gunnar Þór Heiðarsson Oddur Gíslason Bergþór Ólason	Valgarður Lyngdal Jónsson Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir Bára Daðadóttir Kristinn Hallur Sveinsson Guðjón Viðar Guðjónsson Ása Katrín Bjarnadóttir Guðríður Sigurjónsdóttir Uchechukwu Michael Eze Björn Guðmundsson Margrét Helga Ísaksen Pétur Ingi Jónsson Ragnheiður Stefánsdóttir Guðríður Haraldsdóttir Ívar Orri Kristjánsson Gunnhildur Björnsdóttir Guðmundur Þór Valsson Þráinn Ólafsson Ingibjörg Valdimarsdóttir

Yfirkjörstjórn Akraneskaupstaðar:
Hugrún Olga Guðjónsdóttir formaður, Björn Kjartansson og Einar Gunnar Einarsson

SKESSUHORNN 2018

Fjölmenni á fundi um tvær skipulagstillögur á Akranesi

Skipulags- og umhverfissvið Akraneskaupstaðar boðaði síðastliðinn miðvikudag til almenns íbúafundar um skipulagsmál. Þar voru til kynningar tillögur um breytingu aðalskipulags og deiliskipulags vegna tveggja aðskildra framkvæmda í sjó fram. Annars vegar var kynnt fyrirhuguð lenging hafnargarðs og brimvarnargarðs í Akraneshöfn. Hins vegar var kynnt fyrirhuguð breyting á hafnasvæðinu við Grenjar, en þar sækir Skaginn 3X um að fá að stækka land út í Krókalón til að rúma um 4000 fm viðbyggingu við núverandi iðnaðarhúsnæði á athafnasvæði fyrirtækisins. Skemmst er frá því að segja að aðsókn á fundinn var slík að fresta þurfti því að hefja hann í bæjarþingsalnum og fundurinn færður í aðalsal Grundaskóla. Þangað mættu á annað hundrað bæjarbúar.

Fram kom að fundur þessi er hluti af lögbundnu kynningarferli þegar skipulagsbreytingar eru fyrirhugaðar. Á fyrstu stigum skipulagsbreytinga þarf að kynna hugmyndir og kalla eftir viðhorfi hagsmunaaðila. Byrjað var að segja frá fyrirhugaðri lengingu aðalhafnargarðs Akraneshafnar um 90 metra og samsvarandi aukið umfang grjótnarar. Árni Ólafsson frá arkitektastofu Gylfa Guðjónssonar fór ítarlega yfir skipulagsferlið og Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, fór yfir lögbundinn feril skipulagsbreytinga. Fram kom að báðar fyrrgreindar tillögur eru nú í kynningarfasa og því var boðað til fundarins. Lenging hafnargarðs er til að bæta aðstæður skipa, koma í veg fyrir ókyrrð í höfninni, svo sem sog sem þar myndast, og auka öryggi. Á fundinum kom fram að helsti veikleiki fyrirhugaðrar framkvæmdar í höfninni væri sá að stór sementsflutningaskip gætu átt erfið-



Við upphaf fundarins í Grundaskóla.

ara með að athagna sig og leggja að Faxabryggju.

Umdeildari hugmyndir við Grenjar

Litlar umræður sköpuðust um fyrirhugaðar breytingar á aðal- og deiliskipulagi Akraneshafnar. Hið sama er ekki hægt að segja um tillögu sem snýr að tillögu um breytingu aðal- og deiliskipulags við Grenjar sem einnig var til umræðu. Þar sækir háteknifyrirtækið Skaginn 3X um að stækka landfyllingu út í Krókalón um einn hektara þannig að mögulega yrði hægt að byggja við iðnaðarhúsnæði sem fyrir er um allt að 4000 fermetra. Íbúar við Krókatún og Vesturgötu hafa mótmælt þeim áformum harðlega. Fram kom í kynningu skipulagssviðs að hverfisvernd gildi um svæðið og því kallaði landfylling á breytingu á gildandi aðalskipulagi. Árni Ólafsson arkitekt sagði að athugasemdir sem bárust fyrir 21. mars síðastliðinn hefðu verið margar og afgerandi, bæði frá Skipulagsstofnun og íbúum sem hafa hagsmuna að gæta. Annars veg-

ar toguðust á hagsmunir framsækis fyrirtækis í nýsköpun og iðnaði sem þarfnaðist stærra athafnasvæðis og hins vegar hagsmunir húseigenda sem teldu gengið á lögvarinn rétt sinn. Lóðarhafar við fyrrgreindar götur hafa auk þess réttindi eins og sjávarlóðum fylgir. Væntanlegar byggingar myndu skyggja á útsýni frá þeim, kvöldsol og almenn myndu rýrna gæði svæðisins til útivistar. Þá hefði verið bent á að lífríki við Krókalón væri stefnt í hættu með að leyfa svo stóra landfyllingu.

Kynntu mótmæli sín

Eftir kynningu fulltrúa arkitektastofu og skipulagssviðs var orðið gefið frjálst. Fyrstir kváðu sér hljóðs tveir af fjórum fulltrúum sem mótmæltu skipulaginu með formlegum hætti. Þeir búa við Krókalón og krefjast þess að landfylling verði ekki heimiluð. Þeir Guðmundur Páll Jónsson og Sveinn Kristinsson, sem reyndar eru báðir fyrrum bæjarfulltrúar, fóru yfir mótmæli þeirra og lýstu kröfugerð. Sveinn Kristinsson sagði að mjög mikilvægt væri að íbúar kæmu að öllum stigum skipulagsbreytinga og að mark yrði tekið á kröfugerð þeirra. Héldu þeir fram að landfylling sem nú þegar hefur verið gerð til að stækka athafnasvæði Skagans 3X hefði orðið 7000 fermetrar í stað 2000 fermetra sem heimild hafði verið fyrir. Þetta átöldu þeir Guðmundur Páll og Sveinn og undir þau orð tók Jóhann Ársæls-son þegar hann kvað sér hljóðs síðar á fundinum. „Sú fylling sem nú er búíð að gera á athafnasvæðinu við Grenjar er langt umfram samþykkt í núverandi aðalskipulagi og við krefjumst þess að þetta verði leiðrétt,“ sagði Sveinn og árétaði að þegar væri búíð að fylla 5000 fermetra of mikið af landfyllingu út í Krókalón og það væri fráleitt að heimila meira en hektara stækkun til viðbótar. Geta skal þess að eftir fundinn lét Akraneskaupstaður reikna umrædda landfyllingu og er niðurstaða þeirrar úttektar ekki í samræmi við fullyrðinguna sem fram kemur hér að ofan (sjá frétt hér á síðunni).

Jóhann Ársælsson benti meðal annars á helstu náttúruauðlindir íbúa væri faran og fjallið og þær auðlindir bæri að verja. Sagði hann að Skaginn 3X ætti lóðir á öðrum stað í bæjarfélaginu sem það gæti nýtt til stækkunar iðnaðarrýmis.

Geir Guðjónsson umhverfisfræðingur kvað sér einnig hljóðs og benti á að skort hefði efnahagsleg rök fyrir stækkun athafnasvæðis Skagans 3X á þessum stað og þau borin saman við aðra kosti.

Hverfisvernd

Á fundinum var gagnrýnt af nokkrum fundargestum að svo virtist sem bæjaryfirvöld litu léttvægt á hugtakið hverfisvernd. Um hverfisvernd segir í skipulagsreglugerð: „Í aðalskipulagi er unnt að setja fram stefnu og



Skömmu eftir að þessi mynd var tekin var ákveðið að færa fundinn í stærri húsakynni, í sal Grundaskóla.



Árni Ólafsson sýndi á myndrænan hátt hvernig fyrirhuguð nýbygging á landfyllingu í Krókalón hefði áhrif frá húsum við Krókatún og Vesturgötu. Hér sést sjónarhornið frá Krókatúni 14.



Sveinn Kristinsson og Guðmundur Páll Jónsson fóru yfir mótmæli þeirra við skipulagstillöguna.

skilyrði varðandi verndun tiltekinna svæða. Þá eru þau afmörkuð sem hverfisverndarsvæði. Í aðalskipulagi skal þá gera grein fyrir hvaða þættir í umhverfi viðkomandi svæðis njóta skulu forgangs og tiltekinna verndunar og hvaða réttindi, skyldur og kvaðir eru samfara hverfisvernd fyrir stjórnvöld og borgara varðandi landnotkun og framkvæmdir. Unnt er að hverfisvernda í aðalskipulagi þau svæði sem skilgreind eru sem „náttúruverndarsvæði“ í svæðis- skipulaginu og tilgreina þar hvaða reglur skuli gilda um verndun og mannvirkjagerð á svæðunum.“

Fullnýta sín svæði

Ingólfur Árnason forstjóri Skagans 3X svaraði fyrirsurnum sem til fyrirtækisins var beint. Fram kom hjá honum að vöxtur þess hefði verið um 30% á ári og nú væri verið að fullnýta húsakost og aðstöðu bæði á Akranesi og á Ísafirði þar sem fyrirtækið hefur einnig starfsstöðvar sínar. „Við viljum fullnýta þær lóðir sem við höfum og nýta húsnæði sem best, hvort sem er á Eyrinni á Ísafirði eða við Grenjar á Akranesi. Þegar svæðið hér verður fullnýtt verður vexti okkar á Akranesi þar með hætt.“ Sagði hann að það væri ekki á áætlun Skagans 3X að byggja starfsemi upp á öðrum stað á Akra-

nesi en við Grenjar. „Það væri einfaldlega vitlaust af okkur. Eftir að fyrirtækið getur ekki stækkað meira vegna landrýmis færum við okkur bara annað, þangað sem fólk þarf vinnu,“ sagði Ingólfur. Hann tók fram síðar í umræðunni að höfuðstöðvar Skagans 3X væru á Akranesi og það stæði ekki til að flytja þær annað, hvernig sem umsókn þeirra um landfyllingu í Krókalón yrði afgreidd af bæjaryfirvöldum.

Endanleg afgreiðsla í höndum nýrrar bæjarstjórar

Ljóst er að skipulagsmál við Krókalón eru afar umdeild í bæjarfélaginu. Framhald þessa máls verður að skipulags- og umhverfisráð Akraneskaupstaðar mun taka málið fyrir að nýju og veita álit sitt til bæjarstjórnar. Ef niðurstaðan verður að halda áfram með bæði þessi skipulög þarf að auglýsa skipulagsbreytingarnar og þá gefst íbúum og öðrum hagsmunaaðilum að nýju kostur á að koma með athugasemdir. Endanleg afstaða til málsins ræðst síðan eftir hefðbundinn auglýsingatíma á síðari stigum ferilsins. Ljóst er að það verður nýrrar bæjarstjórnar að afgreiða bæði þessi mál á hvern hátt sem það verður gert.



Uppfylling í Krókalóni var samkvæmt skipulagi

Akraneskaupstaður birti á föstudaginn tilkynningu á upplýsingavef bæjarins þar sem ákveðnar rangfærslur eru leiðréttar, eins og það er orðað, vegna umfangs landfyllingar við Krókalón. „Landfylling í Krókalóni frá árinu 2012 er í samræmi við aðal- og deiliskipulag,“ segir í frétt Akraneskaupstaðar. „Á almennum íbúafundi sem haldin var í Grundaskóla miðvikudaginn 2. maí síðastliðinn komu fram fullyrðingar af hálfu Guðmundar Páls Jónssonar, fyrrverandi formanns bæjarráðs og bæjarstjóra, Sveins Kristinssonar fyrrverandi forseta bæjarstjórnar, og Jóhanns Ársæls-sonar, fyrrverandi bæjarfulltrúa, um að landfylling sem nú þegar hefur verið gerð til að stækka athafnasvæði Skagans 3X hefði orð-

íð 7000 fermetrar í stað 2000 fermetra. Framangreind fullyrðing er endurtekin í viðtali við Svein Kristinsson í Morgunblaðinu í dag [föstudaginn 4. maí, innsk. blm],“ segir í tilkynningunni. Akraneskaupstaður leitaði til Teiknistofu Arkitekta, Gylfa Guðjónssonar og félaga sem var með skipulagsvinnu á landsvæði Grenja og bar undir þá ofangreindar fullyrðingar. „Í svari Teiknistofu Arkitekta kemur fram það álit að landfylling sé innan skipulagsmarka samanber upplýsingar í meðfylgjandi yfirliti stofunnar. Jafnframt hefur stofan staðfest að framkvæmdin er í algeru samræmi við hönnun Siglingastofnunar, sbr. meðfylgjandi loftmyndir.“



The Blue Clipper er glæsilegt á að líta þar sem möstrin gnæfa yfir höfnina í Grundarfirði.

Fyrsta skemmtiferða-skip sumarsins

Grundarfjörðurinn var spegilsléttur þegar seglskútan Blue Clipper skreið inn fjörðinn árla í gærmorgun. Það má segja að þarna hafi fyrsta skemmtiferðaskip sumarsins mætt en skipinu er nú ætlað það hlutverk. The Blue Clipper er breskt skip sem sinnir skemmtisiglingum með farþega á sumrin en á veturna er skipið mikið í vísindaferðum við Svalbarða en þá er það með vísindamenn í áhöfn. Núna er skipið í fimm daga siglingu með átta farþega en tíu manns eru í áhöfn. Seinna í sumar gerir skipið út á 21 dags ferðir með farþega en þá verður meðal annars komið við á Svalbarða.

tfk



Þetta er Jonas, einn af áhafnarmeðlimum skipsins, en hann gaf sér smá tíma í stutt spjall við fréttaritara Skessuhorns.

Ásbyrgi heimsótti Lavaland



Það var mikið fjör á vinnustofunni hans Togga í Lavaland í Grundarfirði þegar ljósmyndari Skessuhorns rak inn nefið síðasta laugar-dag. Þá voru góðir gestir frá Ásbyrgi í Stykkishólmi í heimsókn og var Toggi að sýna þeim hagnýtt handtök í fínsmíði. Gríðarleg einbeiting var í loftinu og gleðin skein úr hverju andliti þarna inni.

Í Ásbyrgi er rekin dagþjónusta og vinnustofa fyrir fólki með skerta starfsgetu og fá starfsmenn aðstoð við að fá og halda vinnu á almennum vinnumarkaði hluta úr degi eða hluta úr viku. Thor Kolbeinsson, eigandi Lavalands, hefur fengið þau í heimsókn einu sinni til tvisvar á ári undanfarin misseri með góðum árangri.

tfk





BORGARBYGGÐ

Leikskólinn Andabær á Hvanneyri

Komdu í lið með okkur!

Okkur vantar **deildarstjóra** í leikskólann Andabæ á Hvanneyri. Um er að ræða 100% stöðu. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að taka þátt í og leiða áfram gott faglegt starf í leikskólanum. Við erum Grænfánaskóli síðan 2005, Heilsuleikskóli síðan 2013, einnig erum við að vinna með verkefnið Leiðtögin í mér, sjö venjur til árangurs, en það er samstarfsverkefni leik- og grunn-skóla í Borgarbyggð. Leikskólinn er vel staðsettur í fallegu umhverfi kletta og náttúru.

Helstu verkefni og ábyrgð deildarstjóra:
Deildarstjóri er þátttakandi í stjórnunarteymi skólans ásamt leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra og öðrum deildarstjórum. Deildarstjóri fylgist með nýjungum á sviðið kennslu og er leiðandi í faglegri umræðu. Hann vinnur samkvæmt starfslýsingu deildarstjóra að uppeldi og menntun leikskólabarna og tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfs undir stjórn leikskólastjóra.

Menntun og færnikröfur:

- Leikskólakennararéttindi
- Jákvæðni, frumkvæði og samstarfsvilji
- Færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi, reynsla og hæfni í starfi með börnum
- Góðir skipulagshæfileikar
- Færni í að tjá sig í ræðu og riti
- Góð íslenskukunnátta
- Vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Félag leikskólakennara.

Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Ráðið er í starfið frá og með 1. júní 2018 eða eftir nánara samkomulagi.

Umsóknarfrestur er til 18. maí 2018.

Nánari upplýsingar veitir Ástríður Guðmundsdóttir leikskólastjóri eða Áslaug Ella Gísladóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 433-7170.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til leikskólastjóra á netfangið andabaer@borgarbyggd.is.



Fjölbrautaskóli Vesturlands

Innritun á haustönn 2018



Dagskóli

Innritun fyrir nám í dagskóla á haustönn 2018 fer fram rafrænt á menntagatt.is eða á skrifstofu skólans. Umsóknarfrestur er til 8. júní.

Dreifnám

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í húsasmíðanám og vélvirkjanám í dreifnámi fyrir haustönn 2018. Hægt er að sækja rafrænt um dreifnám á heimasíðu skólans.

Umsóknareyðublað er að finna á heimasíðunni, www.fva.is og umsóknum skal skilað á skrifstofu skólans fyrir 8. júní 2018.

Heimavist

Við skólann er starfrækt heimavist með plássum fyrir 60 nemendur.

Nánari upplýsingar gefa Guðrún Sigríður Guðmundsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, gudruns@fva.is og Jónína Víglundsdóttir, áfangastjóri, jonina@fva.is.

Námsbrautir í boði

Stúdentsbrautir

Náttúrufræðabraut

Félagsfræðabraut

Opin stúdentsbraut

Íþrótta- og heilsusvið

Listnámssvið

Tungumálasvið

Viðskipta- og hagfræðisvið

Afreksíþróttasvið

Iðnnám

Húsasmíði

Húsgagnasmíði

Vélvirkjun

Grunndeild bíliðngreina

Rafvirkjun

Framhaldsskólabraut

Starfsbraut

Viðbótarnám eftir iðn- og starfsnám



Fjölbrautaskóli Vesturlands

Vogabraut 5, 300 Akranesi

Sími 433-2500 skrifstofa@fva.is www.fva.is

Telur sýslumann brjóta jafnræðis-regluna gagnvart Grundfirðingum

Þorsteinn Steinsson, bæjarstjóri í Grundarfirði, ritaði í síðustu viku sýslumanninum á Vesturlandi bréf þar sem gerð var athugasemd vegna þess að ekki er gert ráð fyrir að íbúar í Grundarfirði geti kosið utan kjörfundar í heimabyggð í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga 26. maí nk. Fer hann þess á leit að bætt verði snarlega úr. Þá hefur dómsmálaráðuneytinu einnig verið ritað bréf varðandi utankjörfundaratkvæðagreiðslu í Grundarfirði. Frá þessu greindi bæjarstjóri á vefsíðu Grundarfjarðarbjar fyrir síðustu helgi. Samkvæmt auglýsingu sýslumanns er kosning

utan kjörfundar hafin. Hægt er að kjósa á sex stöðum á Vesturlandi, þ.e. á Akranesi, í Borgarnesi, Búðardal, Eyja- og Miklaholtshreppi, Snæfellsbæ og Stykkishólmi. Þorsteinn greinir frá því að í svörum sínum vísi sýslumaðurinn til reglugerðar nr. 1151/2014 um sýslumannsumdæmi. „Á undanförnum árum hafa Grundfirðingar þurft að berjast fyrir rétti sínum til þess að kjósa utan kjörfundar í heimabyggð. Í komandi kosningum endurtekur sagan sig. Jafnræðisreglan virðist því ekki í heiðri höfð hvað þessi mál varðar. Erindum til sýslumannsins og dóms-



málaráðuneytisins verður fylgt eftir og reynt að fá lausn í málið. Vonast er til að slík lausn finnist eins og raunin hefur verið undanfarnar kosningar,“ skrifar Þorsteinn Steinsson.

mmm

Einn listi var lagður fram og síðan dreginn til baka

Einn framboðslisti barst kjörstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps fyrir lögbundinn lokafrest til að skila inn framboðum á hádegi á laugardag. Það var H-listi Betri byggðar, en oddviti hans er Eggert Kjartansson, núverandi oddviti í sveitarfélaginu. Samkvæmt kosningalögum gaf kjörstjórn 48 tíma frest til að skila inn öðrum framboðslista/um. Að minnsta kosti tveir íbúar í hreppnum, Gísli Guðmundsson og Sigurbjörg Ottesen, sendu í fram-

haldi af því opinbera áskorun til H-listans um að draga framboðið til baka og höfðuðu til lýðræðislegs réttar fólks í fámennum sveitarfélögum að hafa val í kosningum. Í kjölfar þessarar niðurstöðu hélt H-listi fund á sunnudagskvöldið og réði ráðum sínum. Eggert sendi á sunnudagskvöldið frá sér yfirlýsingu fyrir hönd Betri byggðar: „Listinn Betri byggð bauð fram fyrst í síðustu kosningum og höfum við náð að gera margt fyrir okkar

samfélag á kjörtímabilinu. Vildum við halda því góða verki áfram og buðum því fram lista í kosningunum núna. Þar sem það er mikið af góðu fólki í samfélaginu vorum við að vonast eftir því að það kæmi annar listi fram. Þar sem ekki kom fram annað framboð í sveitarfélaginu fyrir tilskilinn frest hefur listinn tekið þá ákvörðun að draga til baka framboð sitt og þar með verður persónukjör að nýju í Eyja- og Miklaholtshreppi.“

mmm

Kosið milli þriggja lista í Hvalfjarðarsveit

Á hádegi síðastliðinn laugardag rann út frestur til að skila inn framboðslistum vegna kosninga til sveitarstjórna. Í Hvalfjarðarsveit var kosið persónukjori fyrir fjórum árum en svo verður ekki 26. maí næstkomandi. Að sögn Jóns Hauks Hauksónar formanns kjörstjórnar bárust þrír framboðslistar. Listarnir sem bárust kjörstjórn í Hvalfjarðarsveit voru: Á-listi Áfram, H-listi Hvalfjarðarlistinn og Í-listi Íbúalistinn.

Á-listi Áfram

„Við sem skipun Á lista Áfram bjóðum fram krafta okkar til að vinna saman að góðum málefnum og viljum leitast við að efla samstöðu í samfélaginu. Þar sem framboð okkar ber að með skömmum fyrirvara er óhjákvæmilegt að undirbúningur hefur verið knappur. Við höfum nú hafið starf okkar og munum bjóða til umræðu um framtíð okkar sem búum í Hvalfjarðarsveit,“ segir oddviti listans, Daniel Ottesen, í samtali við Skessuhorn. Í öðru sæti Á-lista er Bára Tómasdóttir leikskólustjóri, Guðjón Jónasson er í þriðja og Björgvin Helgason núverandi oddviti er í fjórða sæti.

Listinn í heild er þannig:

1. Daniel A Ottesen, bóndi, Ytra-Hólmni
2. Bára Tómasdóttir, leikskólustjóri, Hagamel 1
3. Guðjón Jónasson , bygginga-tæknifræðingur, Bjarteyjarsandi 3
4. Björgvin Helgason, bóndi, Eystra-Súlunesi 2
5. Helga Harðardóttir, grunnskólakennari, Hagamel 17
6. Guðný Kristín Guðnadóttir, leiðbeinandi á leikskóla og háskólanemi, Tungu
7. Brynjólfur Sæmundsson , rafvirki, Silfurbergi
8. Marie Creve Rasmunssen, bóndi/félagsráðgjafi, Steinsholti 1
9. Benedikta Haraldsdóttir, háskólanemi, Vestri-Reynir
10. Jón Þór Marinósson,

bóndi, Hvítanesi

11. Jónella Sigurjónsdóttir, grunnskólakennari, Lækjarmel 9
12. Helgi Pétur Ottesen, rannsókn-arlögreglumaður, Akarakoti 2
13. Sigríður Helgadóttir, bóndi/sjúkraliði, Ósi 1
14. Stefán G. Ármannsson, vélsmiður/bóndi, Skipanesi

H-listi Hvalfjarðarlistans

Hvalfjarðarlistinn mun bjóða fram í Hvalfjarðarsveit í komandi sveitarstjórnarkosningum. Listanum hefur verið úthlutað listabókstafnum H. „Listann skipar fólk sem ber hag samfélagsins fyrir brjósti, er annnt um umhverfið, sem vill jafna stöðu íbúa, auka skilvirkni í meðferð mála og bæta upplýsingastreymi til íbúa. Brynja Þorbjörnsdóttir, viðskiptafræðingur MBA og sveitarstjórnarfulltrúi, er oddviti listans. Annað sæti skipar Helgi Magnússon grunnskólakennari og þriðja sæti skipar Helga Jóna Björgvinsdóttir sjúkraliði og bóndi.

Listinn í heild er þannig:

1. Brynja Þorbjörnsdóttir, viðskiptafræðingur MBA, Kalastöðum
2. Helgi Magnússon, grunnskólakennari, Garðavöllum 2
3. Helga Jóna Björgvinsdóttir, sjúkraliði og bóndi, Eystra-Miðfelli
4. Sæmundur Rúnar Þorgeirsson, viðskiptafræðingur, Hlíðarbæ 2
5. Inga María Sigurðardóttir, verkstjóri, Stóra-Lambhaga 5
6. Elísabet Unnur Benediktsdóttir, starfsmaður félagsþjónustu, Eystra-Reyni
7. Hlynur Eyjólfsson, verkamaður, Hlíð
8. Sigurður Sverrir Jónsson, bílstjóri, Stóra-Lambhaga 4
9. Jón S. Stefánsson, bifvélavirki, Hnúki

Í-listi Íbúalistans

Íbúalistinn, sem fengið hefur listabókstafinn Í, býður fram lista í Hval-

fjarðarsveit fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar. Ragna Ívarsdóttir, leiðbeinandi á Lækjarmel, er oddviti listans, Atli Halldórsson sauðfjarbóndi skipar annað sæti og Sunneva Hlín Skúladóttir þriðja. „Hvalfjarðarsveit er glæsilegt og fjölbreytt samfélag, með mikla möguleika til framfara og góð tækifæri til uppbyggingar. Íbúalistinn leggur áherslu á opna og öfluga stjórnsýslu, þar sem íbúar geta haft áhrif á framgang mála. Tryggja þarf vandaða stjórnun þar sem lýðræðið er virkt og íbúar hafa greiðan aðgang að upplýsingum um ákvarðanatöku kjörinna fulltrúa samfélagsins, rekstur þess og starfsemi. Heildarsýn okkar fyrir næstu ár birtast í stefnuskrá sem nær til allra helstu málaflokka,“ segir í upphafi stefnuskrár Íbúalistans.

Í heild er listinn þannig:

1. Ragna Ívarsdóttir, leiðbeinandi, Lækjarmel 6
2. Atli Halldórsson sauðfjarbóndi, Neðra-Skarði
3. Sunneva Hlín Skúladóttir skólaliði, Geitabergi
4. Örn Egilsson rafvirki, Lækjarmel 1
5. Elín Ósk Gunnarsdóttir búfræðingur, Belgsholti 1
6. Marteinn Njálsson bóndi, Vestri-Leirárgörðum
7. Hafsteinn Sverrisson viðskiptalögfræðingur, Hlíðarbæ 14
8. Jóhanna G. Harðardóttir Kjalnesingagoði, Hlésey
9. Hreinn Gunnarsson iðnverkamaður, Hagamel 16
10. María Milagros Casanova Suarez þerna, Hlaðbúð
11. Ingibjörg María Halldórsdóttir viðskiptafræðingur, Vestri-Leirárgörðum
12. Birgitta Guðnadóttir húsmóðir, Hlíðarfæti
13. Magnús Ólafsson eldri borgari, Hagamel 13
14. Eyjólfur Jónsson sjálfstætt starfandi, Hlíð.

mmm



Persónukjör í Dalabyggð

Engir framboðslistar bárust kjörstjórn Dalabyggðar fyrir tilskilinn frest laugardaginn 5. maí og verða því óbundnar kosningar (persónukjör) í sveitarfélaginu 26. maí næstkomandi eins og fyrir fjórum árum. Allir kjósendur sveitarfélagsins verða því í kjöri, nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri. Tvær beiðnir um undanþágu bárust kjörstjórn, segir í tilkynningu frá kjörstjórn á vef Dala-

byggðar. Þær eru frá Höllu Sigríði Steinólfsdóttur í Ytri-Fagra-dal og Ingvaldi Guðmundsdóttur í Stórholti. Báðar hafa þær setið í sveitarstjórn í 12 ár og uppfylla því skilyrði um að biðjast undan endurkjöri. „Óski fleiri eftir að verða undanþegnir skyldu að taka sæti í sveitarstjórn skulu þeir hafa samband við Svein Gestsson formann kjörstjórnar,“ segir í tilkynningu kjörstjórnar. *mmm/ Ljósni. úr safni.*



Persónukjör verður í Reykhólahreppi

Í Reykhólahreppi barst kjörstjórn enginn framboðslisti vegna sveitarstjórnarkosninganna 26. maí næstkomandi. Það þýðir að persónukjör verður viðhaft líkt og í undanförm kosningum til sveitarstjórnar. Á vef Reykhólahrepps kemur fram að þrír sveitarstjórnarmenn hafa skorast undan endurkjöri. Það eru þau

Vilberg Þráinsson Hríshóli, Ás-laug B. Guttormsdóttir Mávavatni og Sandra Rún Björnsdóttir Reykhólum. Einnig gefur Gústaf Jökull Ólafsson á Reykhólum ekki kost á sér, en hann var búinn að sitja þrjú kjörtímabil samfleytt fyrir síðustu kosningar, og getur því skorast undan að taka kjöri jafn lengi. *mmm*

Miðflokkurinn kynnir framboðslista á Akranesi

Miðflokkurinn hefur birt framboðslista sinn fyrir bæjarstjórnarkosningar á Akranesi 26. maí næstkomandi. Helga K. Jónsdóttir vélsmiður mun leiða lista flokksins. Í öðru sæti er Rúnar Ólason framkvæmdastjóri og þriðja sæti skipar Steinþór Arnason veitingamaður. Í tilkynningu frá framboðinu segir að málefnaáherslur flokksins verði kynntar á næstu dögum.

Listinn í heild sinni er eftirfarandi:

1. Helga K. Jónsdóttir, vélsmiður.
2. Rúnar Ólason, framkvæmdastjóri
3. Steinþór Arnason, veitingamaður
4. Hörður Svavarsson, rafvirkjameistari
5. Kolbrún Línal Guðjónsdóttir, innkaupastjóri
6. Íris Baldvinsdóttir, kennari
7. Lárus Jóhann Guðjónsson, málari
8. Krystyna Jabloszewa, fiskverkakona
9. Gunnar Þór Gunnarsson, framkvæmdastjóri



10. Hallbjörn Línal Viktorsson, rafvirki
11. Ásgeir Einarsson, kafari
12. Svavar Sigurðsson, starfsmaður hjá Norðuráli
13. Örn Már Guðjónsson, bakari
14. Jón Andri Björnsson, verslunarmaður
15. Gunnar Þór Heiðarsson, hafnarverndarfulltrúi
16. Oddur Gíslason, sjómaður
17. Bergþór Ólason, alþingismaður.

mmm

Samþykktu J listann í Snæfellsbæ

Á fjölmönnum fundi J- listans, bæjarmálasamtaka Snæfellsbajar, sem haldinn var í Klifi fimmtudaginn 3. maí síðastliðinn, var tilkynnt um framboð í komandi sveitastjórnarkosningum. Var listinn einróma samþykktur. Sex af þeim sem voru síðast á J listanum gáfu aftur kost á sér. Það eru þau Kristján Þórðarson, Marta Pétursdóttir, Drífa Skúladóttir, Guðmundur Ólafsson, Fríða Sveinsdóttir og Svandís Jóna Sigurðardóttir. Kristján var oddviti listans og búinn að vera í bæjarsjórn í 16 ár. Hann skipar nú heiðursætið. Þær Fríða og Svandís eru báðar fulltrúar í bæjarstjórn en Svandís kom inn sem aðalfulltrúi í bæjarsjórn snemma árs 2015 og tekur nú við oddvitasæti listans fyrir komandi kosningar.

Listann skipa.

1. Svandís Jóna Sigurðardóttir, kennari
2. Michael Gluszek, rafvirkjameistari



3. Fríða Sveinsdóttir, bókasafnsvörður
4. Eggert Arnar Bjarnason, sjómaður
5. Gunnsteinn Sigurðsson, þroskaþjálfari og kennari
6. Ása Gunnarsdóttir, kennaranemi
7. Monika Cecylia kapanke, túlkur
8. Guðmundur Ólafsson, verkstjóri
9. Drífa Skúladóttir, verslunarkona

10. Adam Geir Gústafsson, sjómaður
11. Óskar Þór Þórðarsson, matreiðslumaður
12. Marta Pétursdóttir, sjúkraliðanemi
13. Þórunn Káradóttir, leikskólaliði
14. Kristján Þórðarson, bóndi.

mm/ Ljósnn. þa.



Framsókn og óháðir opnuðu kosningaskrifstofu á Akranesi á laugardaginn. Hér er stór hluti frambjóðenda ásamt þingmönnum flokksins í kjördæminu og formanninum.

Stemning að myndast í kringum framboðin



Frá opnun kosningaskrifstofu Samfylkingarinnar á Akranesi síðastliðinn sunnudag. Hér eru efstu á lista flokksins ásamt Loga Einarssyni formanni. F.v. Valgarður L. Jónsson, Logi og Gerður J. Jóhannsdóttir.



Framsóknarmenn í Borgarbyggð heimsækja bændur um þessar mundir. Talsverður fjöldi kom í fjárhússpjall á Lækjarbug þar sem Gísli Guðjónsson og Ingunn Alexandersdóttir tóku á móti gestum.



Á spjalli á skrifstofu Samfylkingarinnar á Akranesi.



Svipmynd frá opnun kosningamiðstöðvar Sjálfstæðisflokksins á Akranesi.



Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri á Akranesi setti sér það markmið að mæta á opnun allra kosningaskrifstofa í bæjarfélaginu. Hann hefur því marktækan samanburð á gæðum veitinga hjá hverjum og einum.



Málin rædd á kosningaskrifstofu Sjálfstæðisflokksins á Akranesi.



Uppstigningardagur - 10. maí

Dagur aldraðra

Hátíðarguðsþjónsta kl. 14.
Sr. Þráinn Haraldsson þjónar

Hljómur, kór eldri borgara, syngur
Stjórnandi er Lárus Sighvatsson
Sveinn Arnar Sæmundsson leikur á orgel.

Barn borið til skírnar
Allir velkomnir

Kynningarfundur

fyrir væntanleg fermingarbörn
miðvikudaginn 16. maí kl. 18.30 í Vinaminni
Akranes Kirkja

SKESSUHORNN 2018



Akraneskaupstaður

Eftirfarandi störf eru laus til umsóknar hjá Akraneskaupstað

Brekkubæjarskóli

- Umsjónarkennarar
- Heimilisfræðikennari

Frístundamiðstöðin Þorpið

- Verkefnastjóri barnastarfs

Grundaskóli

- Umsjónarkennarar
- Uppeldismenntaður starfsmaður á yngsta stigi

Íþróttahúsið á Jaðarsbökkum

- Sumarstarf

Leikskólinn Akrasel

- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar
- Proskapjálfi/leikskólasérkennari

Leikskólinn Teigasel

- Leikskólakennari

Leikskólinn Vallarsel

- Leikskólakennarar

Tónlistarskólinn

- Píanókennari
- Trommu-/slagverkskennari
- Ritari

Vinnuskólinn

- Sumarvinna fyrir 17 ára unglinga (f. 2001)

Nánari upplýsingar um störfin ásamt umsóknareyðublöðum má finna á heimasíðu Akraneskaupstaðar, www.akranes.is/lausstorf



SKESSUHORNN 2018

Reiðhöll verður byggð á Æðarodda

Formaður Dreyra líkir væntanlegum aðstöðumun hestafólks í Dreyra við byltingu

Þriðjudaginn 1. maí voru tímamót hjá Hestamannafélaginu Dreyra. Þá var skrifað undir samning um byggingu nýrrar reiðhallar á svæði félagsins á Æðarodda við Akranes. Félagið er nú eitt fjögurra hestamannafélaga í landinu sem enn er án reiðhallar eða annarrar aðstöðu til tamningar og þjálfunar. Hin þrjú félögin eru öll fámennir klúbbar í samanburði við Dreyra. Akraneskaupstaður verður eigandi reiðhallarinnar, en hún verður byggð fyrir um sextíu milljóna króna framlag frá Akraneskaupstað auk afsláttar af gatnagerðargjöldum, tíu milljóna króna framlag kemur frá Hvalfjarðarsveit auk vinnuframlags frá félögum í hestamannafélaginu. Áætlaður heildarkostnaður við bygginguna er um 97 milljónir króna, ef gatnagerðargjöld eru talin með. Skrifað var undir samning síðdegis á afmældisdag hestamannafélagsins 1. maí að lokinni firmakeppni. Til stendur að byggja límtréshús og á það að vera tilbúið eftir eitt ár. Skessuhorn hitti að máli Ásu Hólmarsdóttur, formann Dreyra, og ræddi við hana um þær framkvæmdir sem framundan eru.

Purfa deiliskipulagsbreytingu

Í gildandi deiliskipulagi fyrir Æðarodda er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir reiðhöll á flötinni sunnan við fyrstu hesthúsin í hverfinu. Hugur hestamanna stefnir þó í þá átt að byggja reiðhöllina sunnan við og sem næst félagsheimilinu á Æðarodda, sem heitir Oddinn. „Okkur list best á að byggingin risi þar sem hestakerrum hefur verið lagt fram að þessu. Því þarf að breyta deiliskipulagi fyrir svæðið áður en framkvæmdir geta hafist,“ segir Ása. Hún segir að byggt verði 1.125 fm. hús sem verður 25 metra breitt og 45 metra langt. Sambærilegar reiðhallir er til að mynda að finna á Flúðum og Selfossi. „Við erum hins vegar ekki með í býgerð dýra byggingu. Gólfhlöturinn verður vissulega góður en þetta verður ekki hús með mikilli áhorfendaaðstöðu, fáir bekkir og engin stúka. Húsið er þó ekki enn fullteiknað en við urðum að ákveða stærð þess til að getað aflað verðhugmynda í bygginguna. Fengum svo verð úr forútbóði frá Límtré-Vírneti í límtréshús sem okkur list afar vel á. Þá er góð reynsla af reiðhöllum sem byggðar hafa verið úr einingum frá Límtré-Vírneti. En þar sem Akraneskaupstaður verður formlegur eigandi hússins getur verið að byggingin þurfi að fara í formlegt útböð. Það á eftir að koma í ljós. Við Dreyrafélagar lítum á það sem kost að reiðhöllin verði staðsett sem næst félagsheimilinu. Bæði mun það auka nýtingu á húsunum og hægt verður t.d. að samnýta hreinlætisaðstöðu sem fyrir er í félagsheimilinu. Það er afar mikilvægt fyrir okkur að Akraneskaupstaður eigi reiðskemmuna rétt eins og öll önnur íþróttahús á Akranesi. Eignarhaldið er í raun ákveðin yfirlýsing um hestamennsku sem íþrótt á Akranesi og á starfsemi félagsins.“

Aðstöðuleysið hamlandi

Ása dregur ekki dul á að það hamli faglegrí reiðkennslu og keppnisþjálfun hjá Dreyra að hafa ekki aðgang að reiðhöll. „Það eru einungis fjögur hestamannafélög á landinu sem eru án aðstöðu af þessu tagi. Dreyri er langfjölmennasta fé-

lagið án reiðhallar, en félagafjöldinn hjá okkur er nú um 240. Félagið er fimmta fjölmennasta aðildarfélag Íþróttabandalags Akraness og því má segja að tími hafi verið kominn á að ÍA og Akraneskaupstaður létu röðina koma að okkur hvað fjárfrekar framkvæmdir varðar.“

Ása segir að þótt umræðan um reiðhöll á Æðarodda hafi verið í gangi í mörg ár, hafi það gerst fremur snögglega að hún komst upp úr þeim fasa og á framkvæmdastig. „Þetta var hálfgerð póker-spil á síðustu metrunum milli fulltrúa úr sveitarstjórnnum á félagssvæðinu okkar, þ.e. Hvalfjarðarsveit og Akraneskaupstað. Dálítið eins og Dreyri væri skilnaðarbarn þar sem koma þurfti foreldrunum til að tala saman,“ segir Ása og hlær. „En það er bara frábært að ná lendingu í svona máli fyrir sveitarstjórnarkosningar. Eftir þær kemur nýtt fólk í sveitarstjórnir sem mun taka tíma að setja sig inn í stöðuna áður en byrjað verður að ákveða dýrar framkvæmdir. Þar að auki hefur það því miður verið að þannig undanfarinn áratug að hestmennskan er fjarlægur heimur fyrir flesta sem hafa starfað í sveitarstjórnnum á okkar svæði og er það líka fyrir þá nýju sem nú munu taka sæti í sveitarstjórnnum eftir kosningar. Við höfum því á liðnum mánuðum verið með það sem kalla mætti kynningarþrýsting í málinu. Höfum haldið fólkinu í



Ása Hólmarsdóttir formaður hestamannafélagsins Dreyra.

frá Akraneskaupstað ásamt Sæv-ari Frey Práinssyni bæjarstjóra, en auk þeirra var Björgvini Helgasy- og Stefáni Ármannssyni sveitarstjórnarfulltrúum og Skúla Þórðarsyni sveitarstjóra í Hvalfjarðarsveit mjög umhugað að klára þetta mál. Í samningi um reiðhöllina er sérstaklega getið þess að Dreyri

sveit 10,28% og Dreyri 27,39%. Ása segir að framlag hestamannafélagsins verði bæði í formi fjármagns og einnig í formi mikillar vinnu við byggingu hússins og því verði það afar mikilvægt að félagsmenn verði virkir í þeirri vinnu sem framundan er.

á reiðnámskeið fyrir börn á Skáney og niðurgreiddum verulega kostnað þeirra við þátttöku. Skemmst er frá því að segja að tæplega 30 börn nýttu sér þetta boð og ber það vott um líflegt æskulýðsstarf hjá okkur þrátt fyrir allt. En við þurfum að vera á tánum. Ef aðstaðan hjá okkur hefði áfram verið með þessum hætti



Fulltrúar Dreyra, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar og Íþróttabandalags Akraness við undirritun samnings síðdegis 1. maí. F.v. Hrafn Einarsson, Sævar Freyr Práinsson, Ása Hólmarsdóttir, Skúli Þórðarson og Marella Steinsdóttir.



Tekist í hendur að lokinni undirritun byggingasamnings.



Áformað er að deiliskipulagi verði breytt og reiðhöllin reist sunnan við félagsheimilið, þar sem hestakerrur standa nú

sveitarstjórnnum vel upplýstu, farið í kynningarferðir með það og verið fylgin í þeirri staðföstu trú okkar að reiðhöll muni nýtast mörgum, ekki bara hestamönnum. Þarna verður til aðstaða sem hægt verður að nýta fyrir margt annað en hross og hestamenn,“ segir Ása. Hún vill þakka þeim sveitarstjórnarfulltrúum sem staðið hafa þéttast við bakið á hestamönnum í þessari baráttu. Nefnir hún sérstaklega Ólaf Adólfsson og Einar Brandsson

opni félagsstarf sitt meira gagnvart almennum íbúum sveitarfélaganna. „Við skuldbindum okkur til að kynna hestamennsku sérstaklega og hér verður opið hús a.m.k. á hverju ári. Allt verður gert til að nýtingin verði sem best á reiðhöllinni.“

Virkjum félagsmennina

Af 97 milljónum sem reiðhöllin er talin kosta leggur Akraneskaupstaður fram 62,33%, Hvalfjarðar-

Rækta þarf sprotana

„Þetta verður bylting, það er ekki hægt að nota hófstílltari orð,“ segir Ása um þann aðstöðumun sem skapast þegar reiðhöllin verður tekin í notkun. „Það er ekki alltaf logn á Æðarodda og það vita til dæmis reiðkennarar sem hafa neitað að koma til okkar vegna aðstöðuleysis. Þannig má segja að félag okkar hafi verið mjög aftarlega á merinni. Nýverið buðum við t.d. upp

Agalega hamingjusöm

Næstu skref í undirbúningi byggingar reiðhallar er deiliskipulagsbreyting sem áætlað er að taki um fjóra mánuði. Skóflustunga að byggingunni verður tekin í haust og efn-ið í húsið komið í nóvember. „Ef yleiningahús verður fyrir valinu gæti það risið fyrir áramót ef allt gengur að óskum og vígsla á 72 ára afmæli Dreyra 1. maí 2019.“ Ása Hólmarsdóttir kveðst stolt á þessum tíma-mótum í sögu félagsins. „Ég er agalega hamingjusöm með að ná þessu í gegn á minni vakt sem formaður Dreyra.“

Háskólalestin heldur vísinda-veislu í Hjálmakletti

Háskólalest Háskóla Íslands er nú á ferð um landið og heimsækir fjögur sveitarfélög á landsbyggðinni. Föstudaginn og laugardaginn 11. og 12. maí verður lestin í Borgarnesi og verður nemendum í 8.-10. bekk boðið upp á fróðleg og skemmtileg námskeið. Á föstudeginum munu kennarar í Háskólalestininni taka að sér kennslu í efri bekkjum grunnskólans. Á laugardegnum verður haldin vísindaveisla í Hjálmakletti þar sem öllum heimamönnum er boðið að spreyta sig á alls kyns þrautum, tækjum og tólum. Meðal þess sem boðið verður upp á eru óvæntar uppgötvanir, undraheimar Japans, vindmyllusmíði, leikur með ljós og hljóð, furðulegar fornleifar og margt fleira.

Er þetta áttunda árið í röð sem Háskólalestin brunar um landið en lestin fór í sína fyrstu ferð á aldaraf-



Svipmynd frá heimsókn Háskólalestarinnar í Stykkishólm fyrir tveimur árum. Ljósmynd af safni.

mælisári Háskóla Íslands árið 2011. Hún hefur heimsótt á fjórða tug sveitarfélaga um allt land og boðið upp á lifandi og skemmtilega vísindamiðlun fyrir alla aldurshópa.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Háskólalestarinnar: <http://haskolalestin.hi.is> og í auglýsingu í Skessuhorni í dag.

arg

Hjólar til að vekja athygli á álfasölu SÁÁ

Arnór Gauti Helgason, kokkur á Sjúkrahúsinu Vog, er þessa dagana að hjóla hringinn um landið til að vekja athygli á álfasölu SÁÁ sem hefst 15. maí nk. Ferðalagið hófst í Tíðaskarði í Hvalfirði á laugardaginn. Planið er að hjóla hringinn á sjö dögum og taka myndir/selfie af álfinum á öllum helstu bæjar-skiltum landsins. Þrátt fyrir erfið veðurskilyrði er Gauti á áætlun og lætur ekkert stoppa sig, segir í tilkynningu frá SÁÁ. Hann er væntanlegur til Reykjavíkur á föstudaginn.

mmm



KARLAKVÖLD SAMFYLKINGARINNAR

Á kosningaskrifstofunni okkar að Stillholti miðviðkudaginn 9. maí kl. 19:00

Bjór, Bratwürst og Bretzel

Veislustjóri:

Stefán Pálsson sagnfræðingur



Auglýsing um framboðslista í Hvalfjarðarsveit

Þrír listar eru í framboði til sveitarstjórnarkosninga 26. maí 2018 í Hvalfjarðarsveit. Listarnir og frambjóðendur eru:



Á-listi: Áfram	H-listi: Hvalfjarðarlistinn	Í-listi: Íbúalistinn
1. Daníel A. Ottesen, bóndi, Ytra-Hólmi 2. Bára Tómasdóttir, leikskólastjóri, Hagamel 1 3. Guðjón Jónasson, byggingatækni-fræðingur, Bjarteyjarsandi 3 4. Björgvin Helgason, bóndi, Eystra-Súlunesi 2 5. Helga Harðardóttir, grunnskólakennari, Hagamel 17 6. Guðný Kristín Guðnadóttir, leikskólaleiðbeinandi og háskólanemi, Tungu 7. Brynjólfur Sæmundsson, rafvirkir, Silfurbergi 8. Marie G. Rasmussen, bóndi og félagsráðgjafi, Steinsholti 1 9. Benedikta Haraldsdóttir, háskólanemi, Vestri-Reyni 10. Jón Þór Marínósson, bóndi, Hvítanesi 11. Jónella Sigurjónsdóttir, grunnskólakennari, Lækjarmel 9 12. Helgi Pétur Ottesen, rannsóknarlögreglumaður, Akurkoti 2 13. Sigríður Helgadóttir, bóndi og sjúkraliðanemi, Ósi 1 14. Stefán G. Ármannsson, vélsmiður og bóndi, Skipanesi	1. Brynja Þorbjörnsdóttir, viðskiptafræðingur MBA, Kalastöðum 2 2. Helgi Magnússon, grunnskólakennari, Garðavöllum 2 3. Helga Jóna Björgvinsdóttir, sjúkraliði og bóndi, Eystra-Miðfelli 1 3. Sæmundur Rúnar Þorgeirsson, viðskiptafræðingur, Hlíðarbæ 2 4. Inga María Sigurðardóttir, verkstjóri, Stóra-Lambhaga 5 5. Elisabet Unnur Benediktsdóttir, starfsmaður félagsþjónustu, Eystra-Reyni 6. Hlynur Eyjólfsson, verkamaður, Hlíð 7. Sigurður Sverrir Jónsson, bílstjóri, Stóra-Lambhaga 4 8. Jón S. Stefánsson, bifvélavirkir, Hnúki	1. Ragna Ívarsdóttir, leiðbeinandi, Lækjarmel 6 2. Atli Halldórsson, sauðfjárbóndi, Neðra-Skarði 3. Sunneva Hlín Skúladóttir, skólaliði, Geitabergi 4. Örn Egilsson, rafvirkir, Lækjarmel 1 5. Elín Ósk Gunnarsdóttir, búfræðingur, Belgsholti 1 6. Marteinn Njálsson, bóndi, Vestri-Leirargörðum 7. Hafsteinn Sverrisson, viðskiptalögfræðingur, Hlíðarbær 14 8. Jóhanna G. Harðardóttir, Kjalnesingagoði, Hlésey 9. Hreinn Gunnarsson, iðnverkamaður, Hagamel 16 10. Maria Milagros Casanova Suarez, þerna, Hlaðbúð 11. Ingibjörg María Halldórsdóttir, viðskiptafræðingur, Vestri-Leirargörðum 2 12. Birgitta Guðnadóttir, húsmóðir, Hlíðarfæti 13. Magnús Ólafsson, eldri borgari, Hagamel 13 14. Eyjólfur Jónsson, sjálfstætt starfandi, Hlíð

Kjörstjórn



Nemendur í Grunnskóla Snæfellsbæjar á leið í hvalaskoðun.



Nemendur í 1. bekk í Tröð.



Nemendur í 8. bekk á leið í Vatnshelli.

Átthagafræði kennd í Grunnskóla Snæfellsbæjar

Nemendur fá að kynnst umhverfi sínu

Átthagafræði hefur verið fastur liður í skólastarfi Grunnskóla Snæfellsbæjar síðastliðin átta ár. Föstudaginn 20. apríl sl. var opnuð heimasíða fyrir átthagafræðina, www.atthagar.is, þar sem er að finna námskrá og allar helstu upplýsingar um átthagafræðikennslu í skólanum. „Við viljum að nemendur kynnist samfélaginu sem þeir búa í og því var tekin ákvörðun um að fara út í skipulagða átthagafræðikennslu hjá öllum árgöngum skólans. Fyrsta námskráin var tekin í notkun árið 2010 og hefur hún verið í stöðugri þróun síðan. Í dag er búið að setja upp nákvæmt skipulag um hvaða viðfangsefni eru tekin fyrir hjá hverjum árgangi,“ segir Svanborg Tryggvadóttir, kennari í Grunnskóla Snæfellsbæjar, í samtali við Skessuhorn.

Fjölbreytt nám í gegnum skólagönguna

Námskráin er sett þannig upp að nemendur sem ljúka námi við skólann eiga að hafa farið í gegnum alla þætti hennar. En hvað felst í námskrá í átthagafræði? „Námskráin byggir í grunninn á náttúru, landafræði og sögu bæjarfélagsins. Nemendur læra um sérstöðu bæjarfélagsins sem þeir búa í og hvernig þróun þess hefur verið í gegnum árin. Þeir læra til að mynda um jarðfræði, fugla, fiska og villt dýr. Kynnst verslunarsögu, búsetu fólks fyrr á tímum, raforkuframleiðslu og útræði til forna. Nemendur heimsækja söfn og fyrirtæki, taka svæði í fóstur og hreinsa umhverfið, fara í gönguferðir, læra örnefni og kynnst sögum af svæðinu,“ segir Svanborg. Átthagafræðinni er fléttuð saman við hefðbundið nám ásamt því að vera tekin fyrir á ákveðnum þemadögum. „Skipulag kennslunnar fer eftir aldri nemenda. Þeir vinna verkefni jafnt og þétt yfir árið auk þess sem valin verkefni eru unnin í hringekjum og á þemadögum,“ segir Svanborg.

Mikil velvild í samfélaginu

Í átthagafræði eru vettvangsferðir og upplifun mikilvægur þáttur námsins. Nemendur fara í ferðir þar sem þeir skoða náttúruna og ýmsa starfsemi í bæjarfélaginu í þeim tilgangi að kynnst nærsamfélaginu enn betur. „Við höfum lagt mikla áherslu á góða samvinnu við íbúa, félagasamtök og fyrirtæki í Snæfellsbæ og höfum alltaf mætt mikilli velvild. Þessi góða samvinna er okkur mikilvæg,“ segir Svanborg og heldur áfram. „Þau fyrirtæki sem við höfum leitað til hafa alltaf tekið vel á móti okkur og eiga tvö fyrirtæki sérstakar þakkir skildar. Það eru LákiTours í Grundarfirði sem hefur tekið vel á móti nemendum og boðið þeim í hvalaskoðun á Breiðafirði og Summit Adventure Guides á Gufuskálum sem hefur boðið nemendum í hellaskoðun í Vatnshelli og ferðir upp á Snæfellsjökul. Það er ómetanlegt að geta farið með nemendum í þessar ferðir og gera þeim kleift að upplifa þessar náttúruperlur. Þessar ferðir eru því mikilvægur hluti í námskránni, enda er starfsemi þessara fyrirtækja nátengd námsefni átthagafræðinnar,“ segir Svanborg og bætir því við að án velvilja þessara fyrirtækja hefði skólinn ekki kost á að fara þessar ferðir vegna kostnaðar. „Að sama skapi höfum við mætt miklum velvilja annarra fyrirtækja og félagasamtaka. Fulltrúar þessara hópa hafa ýmist komið í skólann með fræðslu eða tekið á móti nemendum.“

Þróun námskrár og nálgun viðfangsefna

Aðspurð hvers vegna þessi áhersla er lögð á átthagafræði í skólanum segir Svanborg forsöguna vera þá að við vinnu að

skólastefnu Snæfellsbæjar árið 2009 hafi áhugi vaknað meðal starfsfólks skólans á að auka þekkingu nemenda á nærsamfélagi sínu. Skólinn fékk styrk úr Vonarsjóði til að vinna að gerð námskrár í átthagafræði sem er vendipunkturinn í innleiðingu námskrárinnar og því sem átthagafræðin byggir á í dag. Eins og fram hefur komið kom fyrsta útgáfa námskrárinnar út árið 2010 og hefur verið í stöðugri þróun síðan. Námskráin eins og hún er í dag hefur sterka tengingu í grunnþætti nágildandi aðalnámskrá grunnskóla samanber læsi, sjálfbærni og sköpun svo eitthvað sé nefnt.

Þá segir Svanborg einnig að helsti kosturinn við námskrána sé uppbrot á almennri kennslu. „Fyrir utan hversu mikilvægt það er að þekkja nærsamfélagið vel er þetta einnig góð leið til að brjóta upp hefðbundið nám og kynna nemendur fyrir nýrri og fjölbreyttri nálgun við úrvinnslu og upplifun. Kennarar hafa frjálsar hendur með kennsluna og verkefnavinnu sem gerir námsefnið enn fjölbreyttara og skemmtilegra. Við höfum sett upp verkefnabanka sem kennarar geta leitað í til að sjá hvernig kennslunni hefur verið háttað. Hver og einn kennari getur unnið með viðfangsefni eftir sínu höfði. Sumir kjósa að nýta náttúruna og umhverfið í kennslu á meðan aðrir nota til dæmis listsköpun, upplýsingatækni eða hverja þá nálgun sem þeim dettur í hug,“ segir Svanborg og bætir því við að umhverfisvernd sé alltaf stór partur af öllum verkefnum átthagafræðinnar og nemendum skólans sé kennt að bera virðingu fyrir umhverfi sínu.

arg/ Ljósm. GSNB/ýmsir.



Börn in í 1. bekk kát í vettvangsferð í Tröð.



Nemendur í 1. bekk í Keflavíkurvör.



Þessir hressu krakkar skemmtu sér vel í ferð á Snæfellsjökul.



Nemendur í 10. bekk að renna sér niður jökulinn.



Börn in í 1.-2. bekk unnu fuglaverkefni þar sem þessi nemandi gerði þessa flottu mynd.



Gengið upp frá Djúpálónssandi.



Verið að gæða sér á nesti við Malarríf.



5. bekkur í heimsókn í Pakkhúsinu.

Langisandur hlýtur Bláfánann í sjötta sinn

Bláfáninn er alþjóðleg umhverfisvottun sem veitt er smábátahöfnum, baðströndum og þjónustuaðilum í sjávarferðamennsku (t.d. hvalaskoðunarbátum) fyrir árangursríkt starf að umhverfismálum. Meginmarkmið verkefnisins er að vernda lífríki haf- og strandsvæða, draga úr umhverfisáhrifum, bæta öryggi og efla umhverfisvitund. Bláfáninn er tákn um góða frammistöðu í umhverfismálum og bætir ímynd og ásýnd rekstraraðila þar sem hann blaktir við hún. Til þess að fá leyfi til að flagga Bláfánanum þarf að senda inn umsókn og uppfylla strangar kröfur sem lúta að umhverfisstjórnun, öryggismálum og umhverfisfræðslu. Verkefnisstjóri Bláfánans á Íslandi metur umsóknina og aðstoðar umsækjendur í ferlinu, innlend dómnefnd fer í kjölfarið yfir umsóknina og sendir hana að lokum til alþjóðlegrar dómnefndar sem tekur ákvörðun um hvort að viðkomandi umsækjandi fái að flagga Bláfánanum.

Bláfánanum er flaggað víða um heim, m.a. á Spáni, Suður Afríku og í Mexíkó en árið 2017 var fánanum flaggað á 4.423 stöðum í 45 löndum. Umhverfisvottunin varð 30 ára á síðasta ári og er mjög virt og eftirsótt. Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök, reka verkefnið á Íslandi fyrir hönd alþjóðlegru samtakanna FEE (Foundation for Environmental Education).

Ísland er umkringt hafi og byggir íslenskt samfélag að miklu leiti hag sinn á auðlindum hafsins og ferðaþjónustu og því mikilvægt að stuðla að aukinni umhverfisfræðslu til verndar hafinu en Bláfáninn er



gott tæki fyrir sveitarfélög til þess að sinna því ábyrgðarhlutverki. Ég óska íbúum Akraness til hamingju með sinn sjötta Bláfána á Langasandi, en Langisandur hefur verið með í verkefninu frá árinu 2013. Einnig vil ég hvetja ykkur til að taka þátt í þeim viðburðum og verkefnum sem boðið verður upp á á Langasandi í sumar og njóta

strandarinnar ykkar. Bæjarstjóri Akraness tekur við Bláfánanum í formlegri afhendingu þriðjudaginn 15. maí kl. 11:00 við vesturenda Jaðarsbrautar við flaggstöngina hjá bílastæðunum við Langasand og eru allir velkomnir.

Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir, verkefnisstjóri Bláfánans á Íslandi

Gerum lífið betra

D

XOBORGARBYGGÐ2018

Kynning á stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins í Borgarbyggð

Stefnuskrá Sjálfstæðismanna í Borgarbyggð verður kynnt föstudaginn 11. maí klukkan 17:00, í Félagsbæ í Borgarnesi.

Af því tilefni bjóða frambjóðendur alla velkomna í fjölskyldugrill.

Fréttaveita Vesturlands

www.skessuhorn.is

BORGARBYGGÐ

Auglýsing um framboðslista við sveitarstjórnarkosningar í Borgarbyggð 26. maí 2018

B	D	S	V
Listi Framsóknarflokksins	Listi Sjálfstæðisflokksins	Listi Samfylkingarinnar og óháðra	Listi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs
Guðveig Anna Eyglóardóttir Davið Sigurðsson Finnbogi Leifsson Sigrún Sjöfn Ámundadóttir Orri Jónsson Sigrún Ólafsdóttir Einar Guðmann Örnólfsson Kristín Erla Guðmundsdóttir Sigrún Ásta Brynjarsdóttir Hjalti Rósinkrans Benediktsson Pavle Estrajher Sigurbjörg Kristmundsdóttir Jóhanna María Sigmundsdóttir Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir Þorbjörg Þórðardóttir Höskuldur Kolbeinsson Sveinn Hallgrímsson Jón G. Guðbjörnsson	Lilja Björg Ágústsdóttir Silja Eyrún Steingrimsdóttir Sigurður Guðmundsson Axel Freyr Eiríksson Sigurjón Helgason Haraldur M Stefánsson Gunnar Örn Guðmundsson Heiða Dís Fjeldsted Bryndís Brynjólfsdóttir Sigurpór Ágústsson Íris Gunnarsdóttir Fannar Þór Kristjánsson Vilhjálmur Egilsson Þorlákur Magnús Nielsson Guðrún María Harðardóttir Magnús B. Jónsson Ingibjörg Hargrave Björn Bjarki Þorsteinsson	Magnús Smári Snorrason María Júlía Jónsdóttir Logi Sigurðsson Margrét Vagnsdóttir Kristín Frimannsdóttir Jón Arnar Sigurþórsson Sólveig Heiða Úlfisdóttir Dagbjört Diljá Haraldsdóttir Sölvi Gylfason Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir Ívar Örn Reynisson Haukur Valsson Guðrún Björk Friðriksdóttir Jóhannes Stefánsson Jón Freyr Jóhannsson Ingigerður Jónsdóttir Sveinn G Hálfðánarson Geirlaug Jóhannsdóttir	Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir Sigríður Júlía Brynleifsdóttir Guðmundur Freyr Kristbergsson Friðrik Aspelund Brynja Þorsteinsdóttir Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir Stefán Ingi Ólafsson Ása Erlingsdóttir Rúnar Gíslason Unnur Jónsdóttir Flemming Jessen Eyrún Baldursdóttir Sigurður Helgason Hildur Traustadóttir Kristberg Jónsson Bjarki Þór Grönnfeldt Vigdís Kristjánsdóttir Guðbrandur Brynjúlfsson

Borgarnesi 8. maí 2018

Yfirkjörstjórn Borgarbyggðar



Á krakka flóamarkaði í Brákarey á laugardaginn geta krakkar komið og selt hluti sem þau eru hætt að nota.

Krakka flóamarkaður á laugardaginn

Næstkomandi laugardag, 12. maí, verður haldinn krakka flóamarkaður í Brákarey í Borgarnesi, en það er Heiður Hörn Hjartardóttir sem stendur fyrir markaðinum. Þangað geta krakkar komið með leikföng, bækur, spil, eða annað sem þau eru hætt að leika sér með og selt eða skipt við aðra krakka. Að sögn Heiðar er komin ágætis þátt-

taka en enn eru nokkur pláss laus. Til að taka þátt þarf að panta pláss fyrir föstudaginn 11. maí og koma með borð, hjólbörur eða annað til að raða hlutunum á. Þátttökuverð er 300 krónur og hægt er að finna nánari upplýsingar hjá Heiði, á Facebook-viðburðinum „Krakka flóamarkaður, Brákarey“ eða á netfanginu bjarg@simnet.is.

arg

Vorgleði 2018 haldin í Grundarfirði

Fyrir nokkrum árum tíðkaðist það að halda svokallaða Vorgleði í Grundarfirði. Þá tóku sig saman grundfirskir tónlistarmenn og söngvarar og héldu skemmtun í Samkomuhúsi Grundarfjarðar. Síðast var haldin vorgleði árið 2005 en þá gekk hún svo vel að hún fór í útrás og var flutt á Broad-

way í Reykjavík síðar sama ár, þar sem Grundfirðingar skemmtu fyrir fullum sal af fólki. En eftir það lagðist þessi hefð af og hefur ekki verið haldin vorgleði síðan þá. Nú á að endurvekja vorgleðina og hafa tónlistarmenn og söngvarar bæjarins verið við stífar æfingar undanfarnar vikur. Herlegheitin

verða haldin í Samkomuhúsi bæjarins föstudaginn 11. maí næstkomandi. Þar verður hlaðborð frá Bjargarsteini áður en skemmtiatriðin hefjast og ljóst að það verður mikið fjör þarna. Fyrir áhugasama er skráning á gleðina í fullum gangi á netfanginu tomasfreyr@gmail.com.

tfk



Hópurinn stillti sér upp fyrir ljósmyndara eftir eina æfinguna á dögum.

Arnaldur Máni skipaður sóknarprestur á Staðastað:

Vígsla og embættistaka innan skamms

Biskup Íslands hefur skipað Arnald Mána Finnsson í embætti sóknarprests í Staðastaðarprestakalli á Snæfellsnesi til næstu fimm ára. Vígsla Cand. theol. Arnaldar fer fram í Dómkirkjunni í Reykjavík á annan dag hvítasunnu, en þá vígist einnig Kristján Arason til þjónustu í Patreksfjarðarprestakalli. Vígslan fer fram þann 21. maí en Kristján á einmitt einnig tengingar við sveitirnar í sunnanverðu Staðastaðarprestakalli og verður því ærið tilefni fyrir marga að gleðjast. Kjörnefnd var einhuga í vali sínu og skipar biskup í embættið í samræmi við niðurstöðuna en fimm umsækjendur voru upphaflega um stöðuna. Tveir drógu til baka. Þess má geta að Arnaldur varð þriðji í kosningu um embættið fyrir þremur árum og því öllum hnútum kunnugur. Skipun hans tekur gildi 1.júní og mun hann hafa aðsetur á Staðastað.

Beint í djúpu laugina

„Þetta verður spennandi verkefni, fyrsta brúðkaupið á hádegi fyrsta vinnudaginn og svo athafnir alla daga fyrstu vikuna. Ég mun þó predika á Hellnum á uppstigningardag í sameiginlegri guðsþjónustu kirkjustarfs aldraðra í Snæfellsbæ,“ segir Arnaldur en kveðst þó ekki kvíða þeim ögrandi verkefnum sem framundan eru. Hann lauk kandiðatsprófi í febrúar 2013 en hefur síðan starfað við fjölmiðla og margvísleg menningarverk-

efni á Vestfjörðum og Austurlandi auk kennslu. „Þessi störf eru þannig að maður er alltaf að koma fram á einhvern hátt og um leið að sinna þjónustu við fólk. Það verður aðeins gert af alúð og með virðingu fyrir öllum hlutaðeigandi og því er það mikilvægt að finna hlýhug strax frá byrjun. Heimafélkið kallar til þjónustu þegar í stað og það er mikilvægt veganesti,“ segir Arnaldur. Fyrir utan giftingarnar er búið að kalla eftir skírn og fermt verður í júní einnig, svo það reynir á fjölbreytta þjónustu prestsins þegar í stað.

Fjölbreyttur bakgrunnur

„Það vex mér ekki í augum að taka til starfa en mér er sérstakt þakklæti í huga að fá að prédika á Sjómannadaginn á Ingjaldshóli og í Ólafsvík, því sjómennskan var mér kær og lærðómsrík. Hún er að mínu viti hluti af því að átta sig á lífssamhengi manns sjálfs, eins og stórs hluta þjóðarinnar allrar í raun,“ bætir Arnaldur við, en hann býr ásamt Körnu Sigurðardóttur og börnum þeirra í Neskaupstað. Hún starfar sem forstöðumaður Menningarstofu og Tónlistarmiðstöðvar Austurlands og er ættuð að austan en Arnaldur er að vestan. „Við þekkjum lífið og tilveruna bæði í sveitasamhengi, í tengslum við landbúnað og ferðaþjónustu, eins og samfélagsdynamíkina í sjávarpláss. Auðvitað eru engir tveir staðir eins,



Arnaldur Máni Finnsson.

Ljós. Austurfrétt.

en við erum mjög spennt fyrir því að setjast að á Staðastað. Það eru forréttindi og vel tekið á móti okkur, sendar vísur og heillaóskir úr öllum áttum. Þetta er staður sem hefur mikið sögu- og menningarlegt gildi og stefnan er sett á að rækta þau,“ segir Arnaldur en hann telur það beinlínis vera hlutverk sóknarprests að halda reisin staðarins og virðingu á lofti. „Allar þessar sérstöku og fallegu kirkjur sem eru í prestakallinu eru til marks um sjálfsvirðingu þjóð-

ar og sögu, og virðing við hana felst meðal annars í því að halda kirkjunum til haga og viðhalda hlutverki þeirra sem vettvangi samhugar og gleði í lífi og starfi fólksins.“

Vísa sem Arnaldi var nýverið send er svona:

Nú glottir Guð í skjýjum og glætu sendir niður á Nes með presti nýjum; náð sé með og friður.

Andríkur og ábyrgur

Arnaldur segist hafa lært það af góðum manni að það væri heillavænlegast að tala minna um það sem maður ætli að gera, því það séu verkin sem tali og hann kveðst ekki hafa áhyggjur af því að verða verkefnalaus. „Góður prestur verður að vera andríkur og ábyrgur, kunna sér hóf og deila kjörum með sínu fólki. Þá verða verkefni fólksins manns eigin og maður sjálfur hluti af þeirri sögu sem fólk ber vitni. Það vantar ekki nýjar hugmyndir eða lausnir, heldur eljusemi og þolgæði við að túlka og miðla aldagömlum boðskap um kjarna tilverunnar inn í aðstæður fólks. Ég lærði guðfræði til að geta tekist á við það og þar lærði ég líka að það eru margar leiðir færar. Ég vona á að sýni maður sveigjanleika þá falli þetta saman og geti á endanum orðið líkt og leggist lag að ljóði. Og með því einu er hægt að gefa tóninn,“ segir Arnaldur Máni að endingu.

mm



Kirkjan á Staðastað á Snæfellsnesi.



Arnaldur ásamt Þorfinni Sigurerni, yngri syni þeirra hjóna, við Garda-vatnið á Ítalíu.



MC Ísbjörn fyrir miðju ásamt þeim JóaPé og Króla. LjósM. List án landamæra.


MC Ísbjörn opnaði List án landamæra

Listahátíðin List án landamæra hófst í Reykjavík síðastliðinn fimmtudag, 3. maí og stendur hún yfir til næsta sunnudags. Hátíðinni er ætlað að fagna fjölbreytileika mannlífsins. Hún var fyrst haldin 2003 á Evrópuári fatlaðra og hefur verið haldin á hverju ári síðan þá.

Fjöldmargir listamenn stíga á stokk á hátíðinni. Einn þeirra er Sindri Víðir Einarsson frá Fremri-Gufudal í Reykhólahreppi, en hann kemur fram undir listamannsnafninu MC Ísbjörn. Lét hann rímurnar flæða á opunarhátíð Listar án Landamæra í Ráðhúsi Reykjavíkur ásamt rappdúettinum JóaPé og Króla.

kgk

HEILSUPISTILL STEINUNNAR EVU



Núvitund verður nýja normið

Sumum finnst kjánalegt að sitja og vera bara, en ekki gera neitt eða óttast að öðrum finnst það. En það að hafa áhyggjur af því hvað öðrum finnst kjánalegt gerir voðalega lítið fyrir lífsgleðina. Finnst mér. Áður fyrr þótti það mjög afkáralegt að fólk færi út að hlaupa, án þess að vera að fara neitt sérstakt, eða hjóla þegar það gat ekið. En nú hefur það snúist við, fólk sem kemur á bíl þegar það hefði getað gengið eða hjólað afsakrar sig, ekki satt? Núvitund er hröðum skrefum að ná þeirri stöðu að vera normið en ekki undantekningin, sem er ekki skrítið því að það er svo hagnýtt og gott að stunda hana. Íþróttamenn stunda hana til að bæta árangur í sinni íþrótt, hafa hausinn í lagi eins og sagt er. Fólk sem er með langvarandi líkamlega verki þolir þá betur. Ástundun núvitundar lækkar blóðþrýsting, eykur líkamlegt þol og hamingju. Þau sem þjást af þunglyndi og kvíða ná bót, einkum fækkar endurteknum köstum. Mér skilst að HAM (hugræn atferlismeðferð) með núvitundartvísti sé núna árangursríkasta meðferðin við þunglyndi. Börn sem eiga foreldra sem stunda hugleiðslu eru hamingjusamari en önnur börn. Í skólum sem bjóða hugleiðslu er minna af hegðunarvandamálum, og sama má segja um fangelsi. Lögreglumenn sem hugleiða taka yfirvegaðri ákvarðanir og svo mætti áfram telja.

Hvernig er þetta gert? Einfaldlega með því að einbeita þér að líkamnum, oftast er öndunin notuð sem einskonar ankeri. Öndunin er alltaf með okkur, og ef þú andar ertu meira í lagi en ekki. Sem er hughreystandi og gott að minna sig á.

Þannig að þú situr kyrr eða liggur,

og andar, með fullri vakandi meðvitund. Einfalt? Já. Auðvelt? Ekki svo. Það sem verður átakanlega augljóst þegar reynt er að einbeita sér að önduninni er hvað hugsanirnar eru á stjórnlausri fleygiferð í hausnum á okkur. Bara það að átta sig á því er þáttur í því að ná tökum á aðferðinni. Það er svo þegar þú ferð að spá í hvaða partur af þér það sé, sem tekur eftir því að hugsanir eru hugsaðar, að þú ferð á flug.

Það er samt þannig þó að það sé gott að stunda núvitund þá er ekki æskilegt að stunda hana með ákveðna niðurstöðu í huga. Það að hugleiða til þess beinlínis að verða hamingjusamur eða rólegur getur unnið gegn markmiði sínu því að þetta er svo mild (lúmsk) aðferð. Betra er að skoða bara í rólegheitum hvað er hér núna.

Það að setjast niður og fylgjast með sjálfri/sjálfum sér vera eins og maður er, vera með sjálfum sér í orðins fyllstu merkingu, leiðir með tímanum til róttækra breytinga sem eru ólíkar milli einstaklinga og erfitt að útskýra. Fólk segir að það verði meira það sjálft, eða að lífið komi í skýrari fókus. Ef þú vilt prófa óformlega ástundun gætirðu valið ákveðna atburði sem gerast daglega eða oft á dag til að „koma í líkamann,“ verða með-vituð/vitaður um hvernig það er að vera þú. Þetta gæti verið þegar þú færð þér vatn að drekka, eða alltaf þegar þú sest inn í bílinn. Það er ekki tímalengdin sem skiptir máli heldur einbeitingin sem er sett í meðvitundina... Hvernig er að vera þú?

Steinunn Eva Þórðardóttir.
(Byggt m.a. á skrifum Jon Kabat-Zinn sem er einmitt væntanlegur til landsins)

Auglýsing um framboðslista við sveitarstjórnarkosningar í Snæfellsbæ 26. maí 2018



Snæfellsbær

D	J
Framboðslisti Sjálfstæðisflokksins	Framboðslisti Bæjarmálasamtaka Snæfellsbæjar
Björn Haraldur Hilmarsson Júnínana Björg Óttarsdóttir Auður Kjartansdóttir Rögnvaldur Ólafsson Örvar Már Marteinson Þorbjörg Erla Halldórsdóttir Jón Bjarki Jónatansson Þórunn Hilma Svavarsdóttir Poulsen Illugi Jens Jónasson Lilja Hrund Jóhannsdóttir Þóra Olsen Andri Steinn Benediktsson Kristjana Hermannsdóttir Margrét Vigfúsdóttir	Svandís Jóna Sigurðardóttir Michael Gluszuk Fríða Sveinsdóttir Eggert Arnar Bjarnason Gunnsteinn Sigurðsson Ása Gunnarsdóttir Monika Cecylia Kapanke Guðmundur Ólafsson Drífa Skúladóttir Adam Geir Gústafsson Óskar Þór Þórðarsson Marta Sigríður Pétursdóttir Þórunn Káradóttir Kristján Þórðarson

Snæfellsbær, 8. maí 2018
Yfirkjörstjórn Snæfellsbæjar

SKESSUHORNN 2018

HÁSKÓLALESTIN

Í BORGARNESI

Laugardaginn 12. maí kl. 12–16

- Vísindaveisla í Hjálmakletti
- Frábærar tilraunir
 - Óvæntar uppgötvanir
 - Dularfullar efnablöndur
 - Mælingar og pælingar
 - Undraheimar Japans
 - Prautir og áskoranir
 - Stjörnur og sólir
 - Vindmyllusmíði
 - Leikur með ljós og hljóð
 - Furðulegar fornleifar



Fjöldmargt annað að sjá og heyra
Allir hjartanlega velkomnir – enginn aðgangseyrir



Keppendur létu veðrið ekki stoppa sig í að hafa gaman.

Kvennamótið Skyttan

Kvennamótið Skyttan 2018 var haldið laugardaginn 5. maí síðastliðinn á skotæfingarsvæði Skotfélags Snæfellsness. Mótið er árlegt leirdufuskotmót sem hefur verið haldið víðsvegar um landið þar sem konur á öllum aldri hittast og skjóta saman. Keppendurnir í ár komu frá sex skotfélögum víðsvegar af land-

inu. Markmið kvennamótsins er að stuðla að aukinni þátttöku kvenna í skotiþróttum en fyrsta mótið var haldið 2010. Keppendur á mótinu fengu að kynnst vel flestum veðurbrigðum staðarins á meðan mótið fór fram en allir skemmtu sér þó vel og var mótið vel heppnað í alla staði.

tfk



Jón Pétur Pétursson formaður Skotfélags Snæfellsness.

Úrslit frá Vesturlandsmóti í skotfimi

Laugardaginn 28. apríl var haldið árlegt Vesturlandsmót í loftgreinum í inniaðstöðu Skotfélags Vesturlands í Brákarey í Borgarnesi. Keppt var í loftskammyssu karla og kvenna, loftrifflum karla og kvenna og í skammyssu og riffli í unglingaflokkum kvenna. „SkotVest þakkar mótanefnd og þátttakendum kærlega fyrir þáttökuna,“ segir í tilkynningu frá félaginu.

Helstu úrslit Vesturlandsmótsins voru eftirfarandi:

Loftskammyssu karla
Elías M. Kristjánsson, SKA
Þórður Ívarsson, SA
Ingvi Eðvarðsson, SK
Elías er Vesturlandsmeistari í loftskammyssu og vann mótið.

Loftskammyssu kvenna
Jórunn Harðardóttir, SR
Bára Einarsdóttir, SFK
Þorbjörg Ólafsdóttir, SA

Loftskammyssu, ungling-flokkur kvenna
Sóley Þórðardóttir, SA
Sigríður Láretta Þorgilsdóttir, SA

Loftrifill karla
Guðmundur H. Christensen, SR
Þórir Kristinsson, SR
Þorsteinn Bjarnason, SR
Einnig keppti Björn G. Hilmarsson, SKA og er hann því Vesturlandsmeistari.



Keppni í fullum gangi í aðstöðu Skotfélags Vesturlands í Brákarey í Borgarnesi.



Elías M. Kristjánsson, Vesturlandsmeistari í loftskammyssu og sigurvegari mótsins.

Loftrifill kvenna
Jórunn Harðardóttir, SR
Bára Einarsdóttir, SFK
Guðrún Hafberg, SFK



Björn G. Hilmarsson, Vesturlandsmeistari í loftriffli.

Loftrifill, unglingaflokkur kvenna
Viktória Bjarnason, SR

kgk

„Stærsta markmiðið að gera betur en í fyrra“ - segir Helena Ólafsdóttir, þjálfari ÍA

ÍA hafnaði í 5. sæti 1. deildar kvenna í knattspyrnu að loknu síðasta sumri eftir fall úr efstu deild árið áður. Helena Ólafsdóttir er nú að hefja sitt annað keppnistímabil sem þjálfari liðsins. Hún segir eftirvæntingu ríkja fyrir sumrinu. „Sumarið leggst vel í okkur þjálfarana. Tíminn sem búið er að bíða eftir í allan vetur er að renna upp, við hlökkum til og erum þokkalega bjartsýnar á sumarið,“ segir Helena í samtali við Skessuhorn. „Stelpurnar hafa lagt hart að sér í vetur og við höfum unnið í ýmsum hlutum. Við leggjum áherslu á að liðið sé í góðu standi, leikmenn í góðu líkamlegu formi. Einnig höfum við unnið töluvert í varnarleiknum í vetur. Við vorum meðvitaðar um það eftir síðasta mót að við fengum of mörg mörk á okkur. Því hefur markvisst verið unnið í varnarleiknum, ásamt því að slípa aðra hluti,“ segir Helena. Liðið hefur ekki gengið í gegnum miklar mannbreytingar en það er einmitt í vörninni þar sem breytingar hafa orðið. Hulda Margrét Brynjarsdóttir og Birta Stefánsdóttir, miðvarðapar síðasta sumars, verða ekki með liðinu á komandi tímabili. „Þess vegna höfum við þurft að þjálfá nýja leikmenn upp. Við erum ánægðar með stelpurnar sem komu inn í hafsentinn í staðinn en auðvitað hafa þær þurft smá tíma til að venjast því að spila með hvorri annarri,“ segir Helena. „Síðan ákvað Katrín María Óskarsdóttir markvörður að taka sér frí og við þurftum að sækja markmann. Við töldum ekki eðlilegt að láta kornungan leikmann úr 2. flokki taka á sig alla ábyrgðina og að auki standa eina í því. Þess



Helena Ólafsdóttir, þjálfari ÍA.

vegna fengum við Tori Ornela, sem spilaði með Haukum í fyrra, til liðs við okkur. Hún hefur komið virkilega vel inn í liðið,“ bætir hún við.

Byggja upp lið til framtíðar

Aðspurð segir Helena að helsta markmið sumarsins séu framfarir liðsins. „Stelpurnar hafa sagt það sjálfar að þær vilji gera betur en í fyrra, þegar við enduðum mótið í 5. sæti. Við þjálfararnir erum á sömu blaðsíðu. Í sumar á ÍA að geta þrýst á liðin sem verið er að spá upp um deild og vera samkeppnishæft við topplið deildarinnar,“ segir Helena. „Alltaf erum við samt meðvitaðar um að við erum að þjálfá upp ungt lið. Það

er verið að leggja grunn að góðu liði til næstu ára. Það verður að horfa til framtíðar þannig að þegar sá tími kemur að við förum upp þá verðum við með lið sem plummur sig þar,“ segir hún en bætir því við að allt geti gerst í sumar. „Það sýndi sig í fyrra að 1. deildin er frábær deild og ég held að hún verði ennþá betri í ár, jöfn og skemmtileg þar sem allir geta unnið alla. Það getur allt gerst í þannig deild en stærsta markmiðið okkar er að gera betur í heildina en í fyrra. Fyrst og fremst viljum við sjá stíganda í leik liðsins,“ segir Helena og væntir þess að leikmenn bæti sig. „Ég geri alltaf þær væntingar til leikmanna að þeir bæti leik sinn og séu agaðir á vellinum,“ segir hún. „Það hefur lengi verið þekkt í boltanum að það sé erfitt að spila



Leikmenn ÍA fagna marki á Akranesvelli síðastliðið sumar. Ljós. úr safni/ gbh.

á Skaganum, liðin séu baráttuglöð og með sterka liðsheild. Við höfum lagt mikið upp úr að byggja upp sterka liðsheild í vetur og við viljum sýna það í sumar. Liðsheild og barátta verða okkar aðalsmerki, það labbar enginn í gegnum okkur,“ segir Helena. „Bæði leikmenn og þjálfarar leggja sig fram um að hafa andrúmsloftið í kringum liðið jákvætt. Ég held að slíkt sé mikilvægt, sama hvernig gengur og ekki síst þegar hópurinn er ungur. Við verðum að styðja við bakið á hvorri annarri.“

„Passjón fyrir boltanum“

Fyrsti leikur ÍA í 1. deildinni er útileikur gegn Haukum á föstudaginn 11. maí næstkomandi.

Fyrsti heimaleikurinn fer síðan fram á Akranesvelli fimmtudaginn 17. maí og vonast Helena auðvitað til að Skagamenn fjölmennir á völlinn í sumar. „Ég hvet að sjálf-sögðu alla til að mæta á völlinn og styðja við bakið á stelpunum í sumar. Stuðningurinn við liðið hefur verið góður. Við eigum mjög flott fólk hér á Akranesi og það er passjón fyrir boltanum. Liðið kann að meta það,“ segir hún. „Inkasso, sem er styrktaraðili 1. deilda karla og kvenna, hefur staðið sig vel í að kynna deildina og ætlar að hafa jafn mikið verðlaunafé fyrir öll sæti í 1. deild karla og kvenna. Það er breytt landslag í kvennaboltanum sem er alveg geggjað,“ segir Helena Ólafsdóttir að endingu.

kgk



Marianna að snyrta hundinn sinn hana Stjörnu.

Lét rætast langþráðan draum um að gerast hundasnyrtir

Marianna Filipa Cabrita er fædd og uppalin á Akranesi og hefur búið þar alla tíð. Sambýlismaður hennar er Arnoldas Lucun sem flutti til Íslands frá Litháen fyrir átta árum og saman eiga þau Armand Þór Arnoldsson, tíu mánaða. Marianna segir það alltaf hafa verið hennar draum að geta lifað af því að vinna með dýrum. Nú vinnur hún hörðum höndum að því að láta þann draum verða að veruleika en hún hyggst opna hundasnyrtistofu á Akranesi. Við heimsóttum Mariönnu og fengum að heyra nánar um áform hennar varðandi snyrtistofuna. Hundar hafa alltaf spilað stórt hlutverk í lífi Mariönnu en hún ólst upp með nokkrum litlum ferfætlingum sem mamma hennar ræktaði. „Ég hef átt hunda frá því ég var sjö ára og mér líður best innan um dýr og þá sérstaklega hunda. Dýrin gefa mér bara eitthvað sem fólk getur ekki gefið. Mig dreymir um að vera alltaf umvafin hundum,“ segir Marianna brosandí.

Byrjaði allt með bráðaofnæmi

Eftir að hafa verið á vinnumarkaði í nokkur ár án þess að finna starf við sitt hæfi fékk Marianna vinnu hjá Vigni G Jónssyni á Akranesi. Fljótlega eftir að hún hóf þar störf greindist hún með bráðaofnæmi fyrri hrognunum sem þar eru verkuð og varð því samstundis að hætta störfum. „Þar sem ég varð að hætta af heilsufarslegum ástæðum fékk ég enn laun í þrjá mánuði. Arnold kom þá með hugmyndina að ég myndi fara út til að læra hundasnyrti því hann vissi hversu mikinn áhuga ég hef á hundum. Hann hafði þó ekki hugmynd um að þetta væri langþráður draumur. Ég lét til leiðast og ákvað að nýta þessa mánuði sem ég var á launum til að fara til Englands að læra hundasnyrtingu,“ segir Marianna og útskýrir að námið sem hún tók geri hana að viðurkenndum hundasnyrti í Bretlandi og hluta af British Dog Groomers Association. „Ég fór á mjög krefjandi námskeið þar sem ég lærði allt það helsta varðandi feld- og húðumhirðu hunda. Eftir að hafa staðist lokapróf sé ég loks fram á að geta fengið starf sem hentaði mér og nú er loksins að koma að því. Þeg-



Það er ekki aðeins mikilvægt að huga að feldinum heldur þarf líka að gæta þess að klippa alltaf klærnar en Marianna tekur einnig að sér að gera það.

ar ég verð búin að opna stofu mun ég vera í besta starfi í heimi, fyrir utan að vera mamma hans Armands,“ segir hún brosandí.

Feldumhirða er lykilatriði fyrir vellíðan hunda

Tvö ár eru liðin frá því Marianna lauk námi í hundasnyrtingu en síðan þá hefur hún verið að snyrta hunda fyrir vini og kunningja en nú er komið að því að opna stofuna langþráðu. „Ég hef verið að snyrta fyrir kunningja til að safna í reynslubankann svo ég geti farið aftur út að læra meira. Það er mælt með því að maður snyrti ákveðið marga hunda áður en maður heldur áfram á næsta námskeiði en ég stefni á að fara aftur út á þessu ári eða í byrjun næsta árs,“ segir hún. En er mikil eftirspurn eftir hundasnyrtingu? „Ég hef fundið að það er þörf fyrir hundasnyrti en ég er eini menntaði hundasnyrtirinn á Vesturlandi,“ segir hún og bætir því við að þó séu nokkrir ómenntaðir sem taki að sér snyrtingar. „Margir hundaeigendur hafa hvorki kunnáttu né búnað til að hugsa um feldinn á sínum hundum og þá er best að leita aðstoðar. Rétt meðhöndlun á feldi er lykilatriði til að hundinum líði sem best. Feldurinn hefur ákveðna eiginleika sem eru mikilvægir fyrir hundinn og fer það eftir tegundum hverjir eiginleikarnir eru. Röng umhirða getur orðið til

þess að ákveðnir eiginleikar í feldinum skemmast og það getur orsakað vanlíðan hjá hundinum. Hundar með mjög sitt hár eða þéttan feld geta auðveldlega fengið flækjur og þá geta myndast sýkingar í húð og jafnvel ígerð. Sumar feldgerðir eru ekki aðeins til að verja hundinn fyrir kulda heldur einnig fyrir hita. Ef slíkur feldur er rakaður af getur það haft þær afleiðingar að hundinum verður of heitt eða sólbrennur auk þess sem feldurinn gæti skemmst varanlega. Það er svo margt sem þarf að hugsa um þegar kemur að feldinum á hundunum okkar svo það er mikilvægt að leita til einhvers sem kann til verka.“

Mælir með að fólk leiti sér aðstoðar

Aðspurð hvað hún myndi ráðleggja eigendum hunda með feld sem þarf mikla umhirðu segir Marianna það mikilvægt að bursta feldinn alla daga. „Helstu mistökín sem fólk gerir er að bursta ekki nógu oft eða nota ekki réttan bursta og þá getu myndast flækjur sem erfitt er að ná úr. Ég mæli með að ef fólk er með síðhærða hunda að greiða þá á hverjum degi og fara með þá í hundasnyrtingu mjög reglulega. Það er líka mikilvægt að nota sjampó sem hæfir feldi hundsins en það er misjafnt eftir tegundum hvaða sjampó hentar best. Ég mæli alltaf með að fólk kynni sér þetta vel og leiti aðstoðar.“

arg/ Ljós. úr einkaeigu

Sturlaugur Sturlaugsson

www.studningur.is

Veiti stuðning og ráðgjöf fyrir einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög með fókus m.a. á:

- Rekstur og efnahag
- Stefnumótun í rekstri/eigin lífi
- Sölu og markaðsmál
- Þjónustu
- Gæði, nýtingu, afköst, verð
- Verkefnastjórnun (eða stök verkefni)
- Fyrirtækjamenningu
- Mannauðsmál
- Leiðir til að fjölga farsælum ákvörðunum einstaklinga/ starfsmanna/stjórnenda
- Breytingastjórnun
- Ná sátt/samvinnu á milli aðila
- Forvarnir/stefnumótun/íþróttir

Viðtæk stjórnunar- og lífsreynsla. Nánar á www.studningur.is.

Sturlaugur Sturlaugsson Cand. Oecon./ Viðskiptafræðingur
Sími +354 8960162
Sturri@studningur.is
Uppl. á www.linkedin.com

Gjaldtaka pr. tíma / fast verð / án gjaldtöku eftir verkefnum/aðstæðum. Sæki þekkingu/stuðning til annarra eftir umfangi verkefna.

M.a. í samstarfi við :
www.skaginn3x.com (sturri@skaginn3x.com)
www.knarrmaritime.is (sturri@skaginn3x.com)
www.ritari.is (sturri@ritari.is)

Fréttaveita Vesturlands

www.skessuhorn.is

Starf kirkjuvarðar við Borgarneskirkju auglýst til umsóknar

Sóknarnefnd Borgarnessóknar auglýsir eftir kirkjuverði og meðhjálpara við Borgarneskirkju. Um er að ræða fullt starf.

Í starfinu felst meðal annars umsjón með kirkju og safnaðarheimili, þar með talin útleiga og þríf. Einnig þjónusta meðhjálpara. Sömu leiðis þáttaka í helgihaldi og safnaðarstarfi og umsjón með kirkjugarði.

Sérstök áhersla er lögð á færni í mannlegum samskiptum og ríka þjónustulund.

Óskað er eftir því að umsækjendur geri skriflega grein fyrir menntun, starfsferli og öðru er þeir vilja að fram komi.

Umsækjendur skulu hafa óflekkað mannorð og veita heimild fyrir öflun upplýsinga úr sakaskrá í samræmi við siðareglur þjóðkirkjunnar.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. ágúst nk.

Umsóknarfrestur er til 1. júní.

Nánari upplýsingar veita formaður sóknarnefndar Þorsteinn Eypórsson, s. 842-5661 og sóknarprestur Þorbjörn Hlynur Árnason s. 698-8300.

Umsókn skal skila til formanns sóknarnefndar, Þorsteins Eypórssonar, Arnarkletti 32, 310 Borgarnes.

SKESSUHORN 2018

Heimsókn nemenda í Grunnskóla Borgarfjarðar til Danmerkur

Það var fyrir réttu ári síðan á föstudagsmorgni að nemendur Grunnskóla Borgarfjarðar kvöddu nýfundna vini sína frá Eistlandi og Danmörku. Það var eftir fyrstu heimsókn af þremur í tveggja ára samvinnuverkefni okkar. Verkefnið heitir The Voice og er styrkt af Nordplus Junior. Verkefni sem þetta gefur nemendum tækifæri á að vinna með jafnöldrum sínum í öðrum löndum, læra að skilja menningarmun og kynnstast mun á daglegu lífi í þeim löndum sem samvinnan nær yfir. Að sjálfsögðu eflir slíkt verkefni einnig tungumálakunnáttu og færni. Þetta verkefni byggði alfarið á sameiginlegu erlendu máli, enskri tungu.

Verkefnið sjálft snýst um að vera þátttakandi í eigin samfélagi og höfum við lagt áherslu á vinnu með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna núna í vetur ásamt því taka þátt í samfélaginu í báðum þátttökulöndunum sem eru með okkur í verkefninu. Við heimsóttum sem sagt Eistland síðastliðið haust þar sem unnið var með hugtökin heilbrigði/óheilbrigði. Sú heimsókn var ákaflega áhugaverð og mun eflaust seint líða nemendum úr minni. Þar kynntumst við m.a. því að hluti eistnesku þátttakendanna búa á munaðarleysingahæli sem er rekið í nærliggjandi byggingu nálægt skólanum. Matarmenning var einnig mjög frábregðin því sem við eigum að venjast hérlandis og tókust nemendur á við að borða sérkennilegan þjóðlegan mat þeirra Eistlendinga. Eftir að hafa kynnst þessari gjörólíku menningu Balkanþjóðar á einni vinnuviku, héldu sáttir nemendur heim til Íslands þar sem vinnunni var haldið áfram yfir veturinn og áherslan lögð á heimsmarkmiðin.

Ferðalagið til Danmerkur

Það var svo núna um miðjan apríl að hópurinn lagði af stað í sína aðra reisu þennan skólaveturinn til að ljúka verkefninu. Að morgni 16. apríl hittu nemendur kennara sína í Flugstöð Leifs Eiríkssonar klukkan 5:15. Einhverjir með stúrnar í augnum en aðrir nokkuð hressir og allir tilbúnir í ferðalagið. Ferðinni var heitið með flugi til Kaupmannahafnar og loks með rútu til Óðinsvéa. Ferðin gekk ljómandi vel, enda allir í hópnum orðnir ferðavanir, þó að bæði tilhlökkun og viss spennan lægi í loftinu. Á Kastrup hittum við eistneska hópinn og vorum við samferða í rútu á áfangastað. Það var því seinnipart mánu dags sem við lentum við Hunderupsskolen sem er danski samstarfsaðilinn í verkefninu. Þar tóku gestgjafar við sínum gestum, en allir gista á heimilum sé þess nokkur kostur í svona verkefnum, og eyddu restinni af deginum við að koma sér fyrir á nýjum stað og hvíla sig eftir ferðalagið.

Á þriðjudagsmorgni mættu nemendur svo í skólann eins og gert var alla morgna þessa vikuna. Þessi morgun var nýttur til þess að kynna hvernig vinna ætti með heimsmarkmiðin í blönduðum hópum þjóðanna út vikuna. Að auki skelltu krakkarnir sér í nokkra leiki til að samstillja sig og brjóta ísinn fyrir samvinnuna. Þennan dag leiddu síðan dönsku nemendurnir okkur bæði um skólann sinn og síðan um borgina sína. Göngutúr um miðborg Óðinsvéa þar sem leiðsögnin byggðist á frásögnum af rithöfundinum H.C. Andersen. Að lokum komum við svo að safninu um sögu hans og ævi þar sem allir fengu fræðslu um rithöfundinn og manninn sem hafði að geyma.



Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir og Ása Erlingsdóttir kennarar fylgdu nemendum Grunnskóla Borgarfjarðar til Danmerkur.



Nemendur í Grunnskóla Borgarfjarðar heimsóttu samstarfsskóla í Danmörku og fengu þá smjörþefinn af vorinu sem hefur leikið við íbúa í Danaveldi síðustu daga.



Eitt af verkefnum í heimsókninni var að fræðast um líftíma sorps og tina rusl.



Ýmis verkefni voru unnin í tengslum við heimsmarkmiðin.

Fengu fræðslu um líftíma sorps

Miðvikudagsmorgun bar í skauti sér danskenslu fyrir hópinn. Þar lærðum við að dansa danskan þjóðdans og einnig aðra hópðansa. Virkilega gaman að fylgjast með hópnum okkar og sjá bros á vör og stöku spékopp í miðju fjörinu. Þennan dag fengu nemendur að vinna saman og tengjast í gegnum íþróttir og eldamennsku. Að hádegishléi loknu skelltum við okkur upp í rútu til að heimsækja Odense Waste Management Company. Þar fengum við mjög flotta fræðslu um það hvernig sorpið okkar á sér óeðlilega langt líf. Farið var yfir hvað þarf að gera til þess að nýta svæði sem hafa farið í landfyllingu og hversu mikill kostnaður fer í að gera slík svæði meinaus fyrir umhverfið sitt. Sagt var frá svæði sem hafði verið breytt í útivistarsvæði sem er mjög fjölsótt af íbúum Óðinsvéa. Fyrirtækið er mjög framfarlega í sinni grein og frábært tækifæri að kynnst slíkri starfsemi. Til að leggja okkar að mörkum þá vann hópurinn að ruslatínsu í um tvo tíma á svæði félagsins.

Kveðjustund

Þá var það fimmtudagurinn sem var síðast heili dagurinn okkar með gest-

gjöfum og gestum. Nemendum og kennurum var í raun stíð í sundur þennan dag. Fráfarandi kennarar við skólann leiddu okkur fullorðna fólkið í göngu um Óðinsvé á meðan að unglingarnir okkar unnu verkefni í miðbænum í tengslum við heimsmarkmiðin. Sáum við til þeirra á nokkrum stöðum er við lentum á svipuðum slóðum. Í lok dags hittust síðan allir í skólanum og foreldrar gestgjafanna mættu með kræsingar á hlaðborð. Síðan var afkrastur vinnuvikunnar kynntur fyrir foreldrahópnum og samnemendum. Að endingu skellti hópurinn í dansleik sem endaði reyndar á skólalóðinni í körfubolta, fjöri og spjalli á dönsku vorkvöldi.

Föstudagsmorgun hittust allir í skólanum, búnir að pakka til heimfara, og borðuðu saman morgunmat í síðasta sinn í þessu verkefni. Að lokinni tilfinningaríki kveðjustund héldum við ásamt Eistunum í rútu til Kastrup, þar sem þeir flugu heim á leið en við breyttum um stefnu og skelltum okkur með næstu lest til Kaupmannahafnar. Það var nefnilega ákveðið að við myndum staldra við til sunnudags og kynntumst höfuðborg þeirra Dana. Á þeim tíma lögðum við leið okkar í siglingu um Kanala Kaupmannahafnar þar sem hægt er að sjá helstu minnismerki og merkisbyggingar ásamt Haf-



Nemendur að kynnst betur.



Vorið var komið í Danmörku og gróðurinn að lifna við eftir veturinn.



Ferðin var nýtt til að læra um líf og menningu nemenda í þeim löndum sem eru einnig partur af samvinnuverkefninu.

meijunni margumtöluðu. Eitthvað styrktum við danskir efnahagskerfi í verslun eða tveimur og síðast en ekki síst skelltum við okkur í Tívoli. Má segja að sú heimsókn hafi skorad hátt hjá unglingunum á meðan kennararnir nutu gospelhátíðar sem fór fram í garðinum á sama tíma. Það var svo um miðjan dag sunnudaginn 22. apríl sem foreldrar endurheimtu ungmenntinn sín í flugstöðinni Leifs okkar Eiríkssonar.

Að fara svona ferð og vera í samskiptum við erlenda nemendur er ómetanlegt fyrir skólastarf almennt. Það er gefandi fyrir nemendur að kynnst breyttum aðstæðum, menningu og efla samskipti á erlendu tungumáli. Að auki er verulega þroskandi að flytja inn á heimili í öðru landi og búa þar sem einn af

erlendri fjölskyldu. Fyrir kennarann er fræðandi að sjá nemendur sína í óhefðbundnu umhverfi og sjá hvernig þeir þroskast við breyttar aðstæður. Sjá hvernig þeir læra á nýtt umhverfi, sjálfan sig og aðra í umhverfi sínu. Það sem gerði þessa ferð sérlega skemmtilega er að við fengum að upplifa vorið springa út í Danmörku. Á hverjum degi á leið í skólann höfðu grænkað limgerði og tré ásamt því að sólarvörnin varð að nauðsynlegum ferðafélaga þessa daga okkar í Danaveldi. Vorið er á leiðinni.

...og krakkar, takk kærlega fyrir kaffibollana yndislegu sem komu okkur gersamlega á óvart.

Með kærri þökk fyrir okkur, Ása Erlingsdóttir og Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir

Opnuðu pólskt bókasafn í kassa á heimili sínu í Ólafsvík:

Leggja mikla áherslu á að vera virkir þegnar í samfélaginu

Hjónin Agnieszka og Marek Imgront hafa komið upp litlu bókasafni með pólskum bókum á heimili sínu í Ólafsvík. Hugmyndina af safninu má rekja til þess að fyrir fjórum árum stofnuðu þau hjónin hóp fyrir pólsk börn og foreldra þeirra í Ólafsvík, en þar búa margir Pólverjar. Hópurinn hittist reglulega til að gera eitthvað saman eins og að spila, fönðra, fara í lautarferðir og lesa bækur. „Á einum fundi hjá hópnum bað ein móðir tveggja drengja um pólskar bækur fyrir fullorðna og þar kviknaði



Gerard Pokruszynski sendiherra Póllands hér á landi að kíkja á safnið í Ólafsvík.

þessi hugmynd. Þetta byrjaði allt með einum litlum kassa af bókum,“ segir Agnieszka og bætir því við að safnið hefur fengið nafnið Bókasafn í kassann.

Kunna vel við sig í Ólafsvík

Þau Agnieszka og Marek fluttu til Ólafsvíkur frá Szczecin í Póllandi árið 2009 og segjast þau kunna vel við sig á Snæfellsnesinu. „Þetta er rólegur, skemmtilegur og lítill bær og hér er mjög



Pólski bókakassinn á Bókasafni Grundarfjarðar.

fínt að vera,“ segir Agnieszka en hún vinnur sem kokkur á Sjávarpakkhúsinu í Stykkishólmi og kennir börnum pólsku í Grunnskóla Snæfellsbæjar, Grunnskólanum í Grundarfirði og Grunnskólunum í Stykkishólmi. Marek vinnur á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Jaðri í Ólafsvík og syngur með Kirkjukór Ólafsvíkur. Saman eiga þau tvær dætur; Hönnu sem er í fjórða bekk og Lenu sem er að klára leikskóla nú í sumar. „Hanna stundar nám í tónlistarskólanum, æfir fótbolta og lærir pólskt náms efni í gegnum netið á kvöldin. Við viljum að börnin okkar viti hvaðan þau koma og því kennum við þeim pólskt tungumál, sögu, hefðir og menningu,“ segir Agnieszka og bætir við að pólska bókasafnið sé liður í þeirri pólskukennslu. „Við viljum einnig kynnst Íslandi betur, sögu landsins og hefðum og þess vegna skipuleggjum við gjarnan fjölskylduferðir um Ísland.“

Leggja upp úr að vera virk í samfélaginu

Bókasafnið hefur vaxið hratt og hefur færst úr bókakassanum og fyllir nú tvær hillur á heimili þeirra Agnieszka og Marek „Í dag eru bækurnar um 200 talsins,“



Agnieszka og Marek Imgront ásamt dætrum sínum Hönnu og Lenu.

segir Agnieszka og bætir því við að fjölbreytt úrval bóka sé að finna á safninu. „Þetta eru bæði bækur eftir pólska höfunda og erlenda auk þess sem þarna er að finna bækur eftir íslenska höfunda sem búið er að þýða á pólsku, til dæmis bækurnar Harmur englanna og Tíu ráð til að hætta að drepa fólk og byrja að vaska upp.“ Safnið hefur nú fært úr kvíarnar og er kominn upp kassi með pólskum bókum á bókasafninu í Grundarfirði. Bókasafnið er alltaf opið á kvöldin og morgnana þegar þau Agnieszka og Marek eru heima en áhugasamir geta haft samband við þau til að nálgast bækur. Lánaðar eru allt að fimm bækur í einu og einn-

ig er hægt að koma og fá bara að skoða. Aðspurð hvort eftirspurnin sé mikil játar hún því. „Stundum erum við svolítið þreytt en líka ánægð en það eru líka margir sem hafa hjálpað okkur með safnið.“

Þau Agnieszka og Marek leggja mikið upp úr því að vera virk í samfélaginu og kynnst Íslandi og kynna Íslendingum einnig fyrir Póllandi. „Við leitumst við að taka þátt í menningarlífi á svæðinu og höfum til dæmis tekið þátt í Fjölmenningshátíð í Rífi og í því að halda upp á pólska þjóðhátíðardaginn í leikskóla Stykkishólms,“ segir Agnieszka að lokum.

arg/Ljósm. úr einkaeygu.

Firmakeppnir hestamannafélaganna voru 1. maí

Hefð er fyrir því að hestamannafélög nýti frí sem gefst á baráttudegi verkalyðsins til að halda firmakeppni. Þannig voru t.d. slík mót haldin bæði í Borgarnesi og á Akranesi í síðustu viku. Firmakeppni hestamannafélagsins Borgfirðings var jafnframt fyrsta mót hins nýstofnaða félags sem sameinað var úr Faxe og Skugga um áramótin. Þar var fjölmennasti hópur keppenda pollaflokkur þar sem 14 keppendur tóku þátt. Að sjálfsögðu fengu allir verðlaunapening. Sami háttur var hafður á hjá Dreyrafélögum á Akranesi.

mm



Í kvennaflokki hjá Dreyra var haldið áfram keppni þótt á móti blési og dymm el gengju yfir. Ljósm. gbh.



Stoltir verðlaunahafar í sínum flokki hjá Dreyra. Ljósm. mm.



Benedikt Kristjánsson sigraði í karlaflokki hjá Dreyra. Ljósm. gbh.



Verðlaunaafhending í kvennaflokki hjá Borgfirðingi. Ljósm. iss.



Fyrstu verðlaun hlutu allir í pollaflokknum hjá Borgfirðingi. Ljósm. iss.

PENNAGREIN



Heima

Á meðan skólagöngu minni í Danmörku stóð var ég sífellt spurður af heimamönnum þarlandis afhverju ég ætlaði að flytja heim. „Líkar þér ekki Danmörk,“ var ég spurður. Eina svarið sem ég gat gefið var að mig langaði bara... heim. Heim þangað sem ég ólst upp og sækí í að vera hverja einustu stund. Heim í Borgarbyggð. Af skólabekknunum hef ég fylgst með ungu fólki, mörgum af mínum bestu vinum, flytja heim og koma sér fyrir með sínar fjölskyldur. Mig langaði bara heim líka!

Fyrir fólk sem vill koma sér fyrir í okkar fallegu byggð er mikilvægt að sveitarstjórn sýni vilja til þess að fá það heim með því að styðja við bak-ið á því með einhverju móti. Framsóknarfólk í Borgarbyggð vill beita sér fyrir því að sá stuðningur komi í formi lækkaðra gatnagerðagjalda. Það er okkar von að slíkur fjárhagslegur hvati komi til með að styrkja íbúa með beinum hætti og skapi betri möguleika fyrir fólk sem vill flytja á nýtt heimili. Gatnagerðagjöldin munu ekki einungis skila sér til íbúa í íbúðarhugleiðingum, heldur einnig stóruka möguleika nýrra fyrirtækja til að koma sér upp atvinnustarfsemi í okkar héraði og ekki síður gamalgróinna fyrirtækja að stækka við sig.

Varðandi skipulagsmál í Borgarbyggð vildi ég óska þess að ég gæti hér komið fram með töfralausn. Leysa ráðgátuna með einu bragði

og öðlast með því hylli kjósenda! En það er því miður ekki svo, hér vantar ekki eina lausn. Heldur eru það margir litlir hlutir sem þarf að sinna með elju og þolinmæði. Í Borgarbyggð þarf að fara í stóráttak til að styrkja skipulagssviðið með skilvirkni að leiðarljósi. Fara þarf vel yfir alla þá verkferla sem eiga sér stað allt frá því að umsókn berst til stjórnsýslunnar til afgreiðslu. Mynda þarf góða yfirsýn yfir öll þau litlu vandamál í ferlinu sem eiga sér stað. En það er ekki nóg að benda bara á vandamálin, heldur þarf að vinna að og skila úrlausn á þeim vandamálum! Framsóknarfólk í Borgarbyggð vill aðskilja skipulagsnefnd frá Umhverfis- og landbúnaðarnefnd. Með því teljum við að nefndirnar báðar geti skilað af sér skilvirkara starfi og skilað til okkar, íbúum Borgarbyggðar, betra starfi.

Með fjárhagslegum ívilnunum sem og bættu skipulagi er vonin sú að það verði auðveldara fyrir íbúa sem og fyrirtæki að koma sér fyrir í Borgarbyggð. Koma heim.

Að lokum vildi ég óska þess að framsóknarfólk í Borgarbyggð gæti tryggt þér lesandi góður betra veður! En ef við hefðum nokkuð um það að segja værum við löngu búin að því!

Orri Jónsson
Höfundur skipar 5. seti á lista Framsóknarflokksins í Borgarbyggð

PENNAGREIN

Bætum innviðina

Stöðugt er verið að hagræða í landbúnaði og tækninni flýgur fram. Mikil uppbygging hefur orðið í mjólkurframleiðslu í Borgarbyggð á undanförunum árum. Samhliða slíkri uppbyggingu er mikilvægt að rekstraröryggi sé tryggt. Allur nútíma rafbúnaður í landbúnaði er gerður fyrir þriggja fasa rafmagn til að mynda mjaltatæki, fóðurkerfi og haughrætur. Þriggja fasa rafmagn er því einn af grunnþáttunum sem veitir meira rekstrar- og afhendingaröryggi. Bændur sem hafa ekki aðgang að þriggja fasa rafmagni verða að taka á sig auka kostnað til þess að geta notað þessi tæki sem felst m.a. í því að fjárfesta í tíðnibreytum við rafmótora sem gerir það að verkum að þeir endast mun skemur. Það má því segja að staðan eins og hún er í dag, þar sem víðs vegar er vöntun á þriggja fasa rafmagni í sveitarfélaginu, hafi hamlandi áhrif á atvinnuuppbyggingu á svæðinu og skerði atvinnumöguleika fyrirtækja í dreifbýlinu. Rarik hefur gefið það út að lagning þriggja fasa rafmagns á Mýrunum sem dæmi sé ekki í farvatninu fyrr en árið 2025 í fyrsta lagi. Við þurfum að beita okkur

fyrir því að hraðað verði lagningu þriggja fasa rafmagns sem allra fyrst í öllu sveitarfélaginu svo íbúar sitji við sama borð og aðrir en ekki mismunað út frá búsetu. Annað mikilvægt búsetuskilyrði er góður netaðgangur. Því er algert forgangsmál að klára að ljósleiðaravæða allt sveitarfélagið sem fyrst. Leggjum við upp með að því verki verði lokið ekki seinna en árið 2020. Þá skal þrýsta á að sú vinna verði nýtt til að flýta lagningu þriggja fasa rafmagns með öllum mögulegum leiðum og þar með styrkja grunninn að atvinnustarfssemi í dreifbýli. Eiginfárstaða Rarik er sterk og full ástæða til að hvetja ríkisvaldið í að beita sér fyrir lagningu þriggja fasa rafmagns um landið allt í þeim anda sem ljósleiðaraverkefnið, Ísland ljóstengt, starfaði. Malarvegir í sveitarfélaginu eru margir og misgóðir. Við þurfum að leggja mikla áherslu á uppbyggingu og lagningu slitlags á vegi. Bú fara stækkandi og með aukinni framleiðslugetu eykst líka þungaflutningur á svæðinu, þ.e. á mjólk, fóðri og áburði. Bættar samgöngur auka búsetuskilyrði og hafa jákvæða þró-

un á atvinnuuppbyggingu og ferðabjónustu. Við Sjálfæðismenn munum auka samtal og samstarf við þingmenn kjördæmisins og markvisst leita leiða til að flýta uppbyggingu á vegum í sveitarfélaginu. Sækjum fram með nýja hugsun og nýja nálgun. Við viljum gera þjónustukönnun á tómstundaakstur úr dreifbýli og bæta þannig að hann henti notendum sem best. Einnig þarf að finna aðstöðu fyrir börn sem ekki hafa stað á meðan þau eru að bíða eftir tómstundum. Þetta á við hvort sem beðið er eftir íþróttaaefingu, öðrum tómstundum eða heimferðinni. Í þessu samhengi má m.a. skoða það að samnýta skólabíla fyrir menntaskóla og grunnskóla og ná þannig yfir alla sem á þjónustunni þurfa að halda. Sú tilhögun hvetur mögulega framhaldsskólanemendur til að sækja sér menntun í heimabyggð og búa lengur heima. Með þessu næst mikill ávinningurinn og við gerum lífið betra.

*Sigurjón Helgason
Höf. skipar 5. sæti á lista Sjálfstæðismanna í Borgarbyggð.*



Rifssaumur fluttur í stærra húsnæði

Rifssaumur var opnaður eftir flutninga í nýtt og glæsilegt húsnæði að Ólafsbraut 19 í Ólafsvík síðastliðinn laugardag. Eigandi Rifssaums er Katrín Gísladóttir. Hún byrjaði með útsaumsvél árið 2007 að Hafnargötu 22 í Rífi. Hún tók síðan inn garn frá A4 árið 2008 og bætti smám saman við garnúrvalið í verslun sinni. Katrín flutti svo yfir götuna í stærra húsnæði árið 2012 þar sem hún hefur verið þar til nú. Rifssaumur í Ólafsvík er nú í um

70 fermetra rými og mun rúmbettra en það eldra. Aðspurð um af hverju hún hafi flutt sig um set segir Katrín að þegar fjölskyldan keypti þetta húsnæði hafi hún séð þennan möguleika og slegið til að vera með verslunina í hluta húsnæðisins en veitingastaðurinn Sker mun einnig verða opnaður í húsinu á næstunni. Á annað hundrað gestir komu við opnunina á tveimur tímum og var Katrín hæstánægð með viðtökurnar.

þa

PENNAGREIN

PENNAGREIN

Vanmetnar fyrirmyndir?

Mér eru minnisstæð slagorðin „Hreint land - fagurt land“ sem ómuðu í tilkynningum í útvarpinu á uppvaxtarárum mínum, voru límd á auglýsingaskilti og skrifuð á áberandi staði dagblaðanna. Þessi orð eru eins og greipt í vitundina, meitluð í stein. Í huga mínum og margra annarra var þessi upphröpin eins konar boðorð og eftir þeim skyldi farið. Þetta var umhverfisvitundaráttak með það að markmiði að hvetja fólk til að ganga snyrtilega um landið og skilja ekki eftir rusl á víðavangi. Tilgangurinn var í raun einfaldur; fólk skyldi sýna ábyrga umgengni í náttúrunni. Því miður hefur hressilega fjarð undan áhrifum þessa átaks enda einhverjir áratugir síðan blásið var í lúðrana. Það hefur varla farið framhjá nokkrum manni umræðan undanfarin misseri um plastmengun í hafi, fjúkandi rusl og óábyrga hegðun mannfólksins gagnvart lífríkinu, náttúrunni og gagnvart kynslóðum. Svo mjög hefur almenningur tekið við sér að spröttið hafa upp hópar sem láta sig umgengni um náttúruna varða. Víða er lyft grettistaki í að hreinsa rusl og snyrta lóðir, opin svæði, strandlengjur og iðnaðarsvæði. Það hefur myndast nýtt umhverfisvitundaráttak, s.k. „plok“ þar sem fólk fer út og tínir rusl. Fólki þyrstir í að gera gagn og finnur að það

getur með einföldum og ódýrum hætti lagt umhverfinu lið samhliða útivist og hreyfingu. Er það vel og megi „plok“ bylgjan breiðast út meðan hennar er þörf. Hin hliðin á teningnum er öllu grátlegri; sú staðreynd að umgengni okkar sem þjóðar skuli vera með þeim hætti að landsátak þurfi til að hreinsa upp ruslið eftir okkur! Kem ég því aftur að þeirri ábyrgð sem hver og einn hefur gagnvart sínu rusli, sínum úrgangi. Þetta er þáttur sem því miður allt of margir tengja engan veginn við. Það er ábyrgðin sem hver og einn neytandi ætti að axla með neysluvenjum sínum. Keyptar eru vörur og þjónusta sem aldrei fyrr. Neysla og framkvæmdaglesi landans er í sögulegu hámarki; 2007 hvað? En neyslunni fylgir ekki bara stundarglesi heldur einnig skyldur. Öll neysla skilur eftir sig spor, mismikil og misafturkræfanleg. Ég lít svo á að þegar neytandi velur að kaupa þér ákveðna vöru samþykkiir sá hinn sami framleiðsluferli vörunnar, meðvitað eða ómeðvitað, en jafnframt að axla ábyrgð á því sem eftir situr þegar veislan er búin, þ.e. umbúðunum/úrganginum. Svo einfalt er það! Það sama á við um fyrirtækjarekstur og tel ég bæði rétt og sjálfsagt að sá aðili sem rekur starfsemi er verður þess valdandi að rusl fýkur frá henni, t.a.m. frá verslunum, bens-

instöðvum, byggingasvæðum eða verksmiðjum, leggi metnað sinn í að hreinsa reglulega í kringum sig. Hér var ekki ætlunin að fjalla einungis um fjúkandi rusl heldur einnig þau ómældu verðmæti sem sóað er með allt of lítilli áherslu á endurnýtingu og flokkun. Þar gæti landinn, almenningur, fyrirtæki og sveitarfélögin gert svo miklu betur. Mörg sveitarfélög á Vesturlandi hafa fyrir löngu stigið metnaðarfull skref í úrgangsmálum en önnur heldur minni. Horfi vonandi hver í sinn barm í því samhengi. Vissulega er ruslatínsla almennings verðugt verkefni, þakkarvert og sýnir að fjöldi fólks hefur sterka umhverfisvitund. Ég vil þó minna á að ábyrgðin á stefnumótun í úrgangsmálum liggur hjá sveitarfélögunum. Aldrei skyldi vanmeta þann drifkraft sem liggur í fyrirmyndunum og í mínum huga eiga ákvarðanir sveitarfélaganna í úrgangsmálum að vera til fyrirmyndar. Því skora ég á þau framboð sem hyggjast bítast um sæti í sveitarstjórnnum á Vesturlandi að kappkosta hvernig markmiðum í úrgangsmálum verði náð á komandi kjörtímabili.

*Ásta Kristín Guðmundsdóttir,
Borgarnesi*



Skipulagsmál



Við í Borgarbyggð búum í einu fallegasta sveitarfélagi landsins. Við getum svo sannarlega verið stolt af öllu sem við höfum hér upp á að bjóða. Mikil uppbygging er í héraðinu öllu og stór verkefni framundan, bæði á vegum sveitarfélagsins og einkaaðila. Á vegum sveitarfélagsins ber helst að nefna viðbyggingu við Grunnskólann í Borgarnesi og byggingu leikskólans Hnoðrabólsvið húsnæði Grunnskóla Borgarfjarðar á Kleppjárnsreykjum. Þetta eru þarfar framkvæmdir og ánægjulegt að hægt sé að koma þeim af stað. En það þarf að halda vel utan um þessi verk og gæta þess að þau haldist innan þess fjárhagsramma sem áætlaður hefur verið. Huga þarf í tíma að næstu stórfamkvæmd á vegum sveitarfélagsins sem ætti að vera bygging nýs íþróttahúss í Borgarnesi eða viðbygging þess. Undirbúningsvinna fyrir slíka framkvæmd tekur langan tíma og krefst vandaðra vinnubragða. Þessa vinnu er mikilvægt að hefja sem fyrstu svo hægt sé að fara í framkvæmdina á næstu árum. Mikilvægt er að fara strax í úrbætur á þeim mannvirkjum sem nú þegar eru þar til staðar og bæta þannig aðstöðu til íþróttaiðkunar. Skipulagsmál þarfnast sjálfskoðunar hjá sveitarfélaginu. Við verðum að vera óhrædd við að horfa á það sem betur má fara í þeim málum og ófeimin við að rýna verk okkar til gagns. Það þarf að efla stjórnsýsluna, stytta afgreiðslutíma mála og auka skilvirkni. Í því sambandi er mikilvægt að byrja nýtt kjörtímabil á stöðugreiningu á skipulagsmálum og fara strax í kjölfarið í nauðsynlegar umbætur. Þrátt fyrir óþreyjufulla bið eft-

ir fjölgun lóða og uppbyggingu er nú loksins í Borgarnesi verið að leggja lokahönd á nýtt deiliskipulag í Bjargsslandi. Þar er gert ráð fyrir 16 lóðum fyrir einbýlishús, 32 lóðum fyrir raðhús, 2 lóðum fyrir parhús og 2 lóðir fyrir fjölbýlishús með allt að 14 íbúðum. Þar sem skortur er á húsnæði Borgarnesi er ánægjulegt að sjá þetta nýja skipulag en jafnframt sem tilbúnað eru til úthlutunar. Við þurfum að móta skýra stefnu um það hvað við viljum sjá í Brákarey, þar eru spennandi tækifæri. Með breytingu sem nú á sér stað á aðalskipulagi Borgarbyggðar frá 2010 verður afturkallað það skipulag sem gerði ráð fyrir legu þjóðveggar 1 fyrir utan Borgarnes. Í framhaldi af þessari vinnu er mikilvægt að bæta umferðaröryggi við þjóðveginn í gegnum bæinn, en þar er oft mikil og þung umferð. Nú loksins er tækifæri til að koma slíkum framkvæmdum á dagskrá, því þörfin er mikil. Eins þyrfti ný sveitarstjórn að beita sér fyrir bættu umferðaröryggi á fleiri stöðum innan sveitarfélagsins sem og kaflanum frá Borgarfjarðarbrú að Mosfellsbæ. Þau eru mörg og margvísleg verkefni sem bíða á nýju kjörtímabili en tækifærin til að vanda til verka og hefja uppbyggingu eru svo sannarlega til staðar. Við þurfum að nýta þau vel.

*María Júlía Jónsdóttir
Höfundur skipar 2. sæti á lista Samfylkingar og óháðra í Borgarbyggð*

Fréttaveita Vesturlands

www.skessuhorn.is

Verkefnið Hjólað í vinnuna hafið

Hið árlega átak Hjólað í vinnuna, stendur yfir dagana 2. – 22. maí. Verkefnið höfðar til starfsmanna á vinnustöðum landsins og hefur þátttakan margfaldast á þeim 15 árum sem liðin eru frá því að verkefnið fór af stað. Það er Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands sem stendur fyrir því. „Meginmarkmið Hjólað í vinnuna er að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta. Þátttakendur eru hvattir til þess að hjóla, ganga, hlaupa eða nýta annan virkan ferðamáta til og frá vinnu. Keppt er um fjölda þátttökudaga en lið geta jafnframt skráð sig í kílómetrakeppnina þar sem keppt er um heildarfjölda kílómetra. Landsmenn hafa tekið átakanu gríðarlega vel frá upphafi



Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra hóf átakið ásamt fleira góðu fólki.

og verkefnið skapað alla jafna góða stemningu á vinnustöðum lands-
ins,“ segir í tilkynningu frá ÍÓÍ.

Ráðstefna á Bifröst um íslenska þjóðfélagið

Háskólinn á Bifröst verður aðsetur tólfstu ráðstefnunnar um íslenska þjóðfélagið dagana 10. – 11. maí nk., en ráðstefnan er vettvangur fyrir fræðimenn í öllum greinum hug- og félagsvísinda til að koma á framfæri rannsóknaverkefnum sínum og bera saman bækur sínar við aðra fræðimenn. Framtíð háskóla- starfs á landsbyggðinni er yfirskrift ráðstefnunnar og vísar hún til þess að Háskólinn á Bifröst vill á 100 ára afmælisári sínu hvetja fræðimenn til að huga að þýðingu vísinda- og fræðastarfs á landsbyggðinni fyrir þróun byggðar og mannlífs í landinu.

Það verða 61 fjölbreytt rannsóknarverkefni kynnt á ráðstefnunni í málstofum og fyrirlestrum. Dagskráin hefst fimmtudaginn 10. maí kl. 10.30 með setningarárvarpi Vilhjálms Egilssonar rektors Há-



skólans á Bifröst og stendur til kl. 15.00 þann 11. maí. Meðal umfjöllunarefna rannsóknanna er staðsetning háskóla og menntabil í háskólamenntun, staða kvenna innan háskólasamfélagsins, menningarstefna utan höfuðborgarsvæðisins og skólar og borgarar í lýðræðissamfélagi. Einnig má nefna rann-

sóknir sem snúa að dvöl barna í sveit, vinnumarkaðnum, stjórnum, endum, ferðapjónustu, glæpum, ofbeldi, jafnrétti og stjórnmálum. Málstofurnar eru öllum opnar. Skráning er í netfangið bifrost.is.

-*fréttatilkynning*

Undir yfirborðinu er mynd sem fjallar um sjókvíaeldi

Undir yfirborðinu nefnist ný íslensk heimildamynd um sjókvíældi á laxi hér á landi og víðar í heiminum. Myndin verður sýnd í Ríkissjónvarpinu sunnudaginn 13. maí kl. 20.15. Í henni er fjallað um mengun af sjókvíældi og hættuna á erfða-blöndun við villtu íslensku laxastofnana. „Þetta snýst fyrst og fremst um náttúru Íslands,“ segir leikstjórinn Þorsteinn J. „Það er í rauninni enginn á móti laxeldi heldur þeirri aðferð sem notuð er við eldið. Sjókvíældi á laxi er mengandi iðnaður, vegna þess að fóðrið og úrgangurinn úr fiskinum safnast saman undir kvíunum. Það er einnig stórkostleg ógn við íslenska náttúru að ala frjórán norskan fisk í kvíunum. Erfðanefnd landbúnaðarins vill til að mynda stöðva allt sjókvíældi á laxi í fjórðum við Ísland af þessum sökum,“ segir leikstjórinn.

Um 1500 eigendur búajarða á Ísland eiga lax- og silungsveiðirétt. „Guðrún Sigurjónsdóttir bóndi á Glitstöðum í Norðurárdal er jafnframt formaður veiðifélags Norðurrún. Hún bendir á þetta í viðtali í myndinni. Það er ótrúlegt að það skuli ekki verið haft neitt samráð við

all þetta fólk, sem á mikla hagsmuni af því að villtir laxastofnar verði ekki fyrir tjóni. Veðiréttur er stór hluti af tekjum bænda á Íslandi og ekkert einkamál stórfyrirtækja að stefna afkomu þeirra í hættu með eldi á frjóm norskm laxi í sjókvám," segir Þorsteinn J.

Í myndinni er einnig fjallað um reynslu annarra þjóða af sjókvíeldi; í Noregi, Skotlandi, Svíþjóð og Bandaríkjunum. „Það er mikilvægt fyrir okkur að sjá stóru myndina í þessu máli. Reynsla annarra þjóða af sjókvíeldi er alls ekki góð, tveir þriðju af villta laxastofninum hefur orðið fyrir varanlegum skaða og í Seattle í Bandaríkjunum sluppu yfir 200.000 laxar úr sjókví sem hrundi saman á síðasta ári. Meira að segja norsku fyrirtækin sem eiga í laxeldisfyrirtækjunum á Íslandi eru að skoða aðrar leiðir en sjókvíeldi þar sem öllum er ljóst að þessi aðferð er ógn við náttúruna. Þess vegna held ég að myndin sé mikilvægt innlegg í þessa umræðu, Íslendingar hafa ennþá möguleika á að endurtaka ekki mistök annarra þjóða með skelfilegum afleiðingum,“ segir leikstjórinn Þorsteinn J. *mm*

KROSSGÁTA SKESSUHORNS

	Nauðsyn Tatan	Áhald Fritt	Nudd Saknar Skalli	Einstigi Áhald Ókunn	Slæm Tæma	Rölt Hugrekki	Óslaði Gruna Krullar	Hugsanir	Fíjótár Gófgi Nægtir	Hreinsa	Greinarmerki Geð	Spunnunum Suðar	Tónn Sníðugir	Sár Beint
Hugsar Gremja Fæddu						→					→		5	
Ás Strax Niður					→					→				
Flokkur Ofnar Hönd					→		↓			→			↓	
Fíjótur Dót Sjór	↓	↓	↓		↓	↓		8				→		↓
Listi Sletta Bardagi			10	↓	→		→		↓	Svara		↓		
Drykkur Þegar Fjar		→			→		↓			Svall Gripa Kv.fugl	↓			
Gaf Beitan Þófi				↓			→						→	
→					Fag Skyldar Duft			→	↓	↓				6
Yfirhöfnin Ergja			2			Alda Sk.st. Skrá			↓	↓	→		Fas Hringfara	
Ílát			↓	Rígs Yljar Eyða								Leiðsla lðkar Nóa		
↘		Hrína Lokað Glöð				Blóm Rakna					Eðli Rannsókn		3	
↘	Svefn Orka Smábýli			→		Missir Ögn Auður					→		↓	
Fræg		9			Himinn Mauk		1			Reisn Plan				Bera á
Kúga Keyra Lit			→			→			Hjarir Tónn Þröng					
Samhljóðar			Á skipi Rödd		Hreyfing			Heitir Af				↓		
↘	Ílát Mjög Kall		4	↓		→			↓		Skæði Gelt			
Sleip Von				→			Drift Ungviði					→	7	
Kl. 3 Aðför				→						Í bitíð				

Hér er ný krossgáta fyrir lesendur að spreyta sig á. Auk þess birtum við lausn á krossgátu síðustu viku. Þeir sem vilja geta sent Skessuhorni lausnarorð/in á netfang-ið: krossgata@skessuhorn.is fyrir klukkan 15 á mánudögum. Athugið að fullt nafn og heimilisfang þarf að fylgja með lausninni. Þeir sem ekki hafa aðgang að tölvu-pósti sendi lausnir á: „Skessuhorn - krossgata, Kirkjubraut 56, 300 Akranesi (póst-leggja þarf lausnir í síðasta lagi á föstudegi). Dregið verður úr réttum innendum lausnum og fær vinningshafinn bókindið frá Skessuhorni.

Alls bárust 85 lausnir við krossgátunni í blaðinu í síðustu viku. Lausnin var: „Góðsemi.“ Vinningshafi er Guðbjartur A Björgvinsson, Réttarholti 3, 310 Borgarnesi.

LAUSN ÚR SÍÐASTA BLAÐI

	H	A	M	P	I	P	L	Ö	G	G		A	L	A			
	O	K	A	R	L	J	Ó	R	I		S	K	A	R			
	L	A	S	Ó	N	A		T	R	E	K	K	U	R			
	L	A	U	F	Æ	T	T	Á	N		Ú		S	O			
	U	S	S	A	R	T	A		D	Á	F	A	N	G			
	R	A	L	L		S	K	R	E	F	F	A	R	G			
	E	R	I	L	L	Æ		Æ	Đ	A	A	T	A	I			
	R	I	F	T	I	L	Á	S	A	L		A	N	N			
	S	T	R	A	X		S	T		L	O	K	I	N			
	Á		E	F		S		A		A	F	M	Á				
S	E	K	K		S	P	Á		Æ	T	L	A	Đ	I			
	R	A	U	S	N	A	M	A	R		O	R		L			
	H	R	R	Ó	A	R	I	L		Ó	F	K	U	L			
	L	A		A	T	E	N	T	I	S	T		R	Á			
	Í	S	U	R	T	I	N		I	K	T	I	R	R			
	F	A	G		A	Đ	I	L	I		S	N	Ó	T			
	I	G	L	U	S	U	N	D		E	R	N	L	A			
	R	A	U	F	T	R	G		B	Y	R	A	M	L			
G	Ó	Đ	S	E	M	I											

PENNAGREIN

Ný skólphreinsistöð á Akranesi



Með tilkomu nýrrar skólphreinsistöðvar er Akranes komið í hóp þeirra bæjarfélaga á Íslandi sem uppfylla lög og reglugerðir um fráveitu. Þetta er stór áfangi og dýr og ekki hefur gengið alveg þrautalaust að koma hreinsistöðinni á koppinn. Sagan orðin nokkuð löng og ástæðurnar meðal annars erfið fjárhagsstaða Orkuveitu Reykjavíkur, móðurfélags Veitna, eftir hrun.

En nú skal fagnað. Skólpið rennur nú í hreinsistöðina við Kalmansvík, á mótum Ægisbrautar og Esjubrautar. Þar eru föst efni, sandur og fita hreinsuð úr því, áður en skólpinu er dælt 1 km út í sjó. Þar sjá öflugir sjávarstraumar um að dreifa þeim efnum sem eftir eru og náttúrulegir ferlar brjóta niður lífræn efni og næringarefni.

Til að fráveitukerfið virki sem skyldi þurfum við öll að taka höndum saman. Á hverju ári er mikið magn af rusli og fitu fjarlægð úr skólpi í hreinsistöðvum Veitna.

Þá hefur það farið í gegnum fráveitukerfið og valdið þar álagi á dælur og annan búnað með tilheyrandi kostnaði fyrir neytendur. Mun betra er að setja allt rusl beint í ruslið og ekkert í fráveituna nema líkamlegan úrgang og klósettpappír. Þá farnast okkur, og umhverfinu, best.

Fita, sem m.a. er olía og fita úr eldhúsum, er mikill skaðvaldur í fráveitunni. Hún er fljótandi þegar henni er hellt í vaskinn eftir að eldamennsku lýkur en þegar hún kemur í lagnirnar þykkar hún og stífnar og verður martröð í pípunum. Henni ætti að koma í endurvinnslu eða urðun frekar en að fara með hana í gegnum fráveitukerfið með tilheyrandi kostnaði.

Þrátt fyrir að fita hafi alltaf fundið sér leið í fráveitukerfið hefur vandinn aukist á undanförunum árum, ekki síst vegna mikillar aukningar í notkun á blautklútum af ýmsu tagi. Margir framleiðendur merkja þessa vöru sína „flus-

hable“, þ.e. að óhætt sé að sturta henni niður. Sú er þó ekki raunin. Flestir klútar eru hannaðar til að þola mun meira en venjulegur klósettpappír og leysast því ekki upp á ferð sinni um kerfið. Klútarnir eru þó ekki það eina sem fer illa með kerfið, það gera líka tannþráður, bindi, bómullarskífur, smokkar og eyrnapinnar svo fátt eitt sé nefnt. Lifandi gullfiskar eiga heldur ekki erindi en komið hefur fyrir að þeir hafi fundist í hreinsistöðvum. Þeirra frægastur er Undri sem lifir nú góðu lífi í fiskabúri í hreinsistöðinni í Klettagörðum í Reykjavík.

Munum að ekkert af því sem skolað er niður um vaska eða sturtað niður í klósett hverfur. Allt endar þetta einhversstaðar. Það er okkar að velja bestu mögulegu leiðina. Hún liggur ekki í gegnum fráveituna þegar um er að ræða rusl og fitu.

Ólöf Snæbólm Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Veitna



PENNAGREIN

Styrk fjármálastjórn Akraneskaupstaðar



Styrk stjórn í fjármálum er grunnurinn að því að hægt sé að bæta þjónustu við íbúa og byggja upp innviði sem gera lífið betra og styrkja stoðir atvinnulífsins. Fjárhagsstaða Akraneskaupstaðar er sterk og hefur staðan styrkst á kjörtímabilinu sem nú er að renna sitt skeið á enda. Þegar skoðuð er þróun fjármála sveitarfélagsins frá árinu 2012 – 2017 má sjá að skuldir sem hlutfall af rekstrartekjum hafa lækkað úr 135% niður í 93%. Þetta hlutfall var að meðaltali 153% fyrir sveitarfélög á Íslandi árið 2016. Samningur við ríkið um að taka yfir lífeyrisskuldbindingar dvalarheimilisins Höfða er stærsti þátturinn í þessum viðsnúningi sem og markviss niðurgreiðsla skulda. Þessi breyting þýðir að kaupstaðurinn getur nýtt þá fjármuni sem áður þurfti að taka frá sjóði til þess að eiga fyrir lífeyrisskuldbindingunni, til þess að byggja upp og bæta þjónustu.

Byggjum upp

Í lok árs 2017 átti kaupstaðurinn um 1,8 milljarða króna í sjóðum og miðað við áætlanir til ársins 2021



er gert ráð fyrir fjárfestingu upp á 2,1 milljarða sem verða fjármagnaðir með handbæru fé, ekki þarf að fara í lántöku með tilheyrandi kostnaði. Þrátt fyrir miklar framkvæmdir verður fjárhagsstaða bæjarins sterk í lok ársins 2021 gangi áætlanir eftir.

Á grunni þess árangurs sem hefur náðst eru nú hafnar endurbætur gatna og uppbyggingu göngu-, hjóla og reiðstíga. Þá er í byggingu frístundamiðstöð við Garðavöll sem mun bæta aðstöðu til frístundastarfs fyrir alla aldurshópa. Áframhaldandi endurnýjun gatna og stíga, uppbygging á þjónustukjarna fyrir aldraða við Dalbraut með þjónustuíbúðum og aðstöðu til félagsstarfs, bygging á nýju fim-

leikahúsi og uppbygging við Jaðarsbakka ásamt því að gera Sementsreitinn byggingarhæfan eru meðal þeirra verkefna sem gert er ráð fyrir í fjárfestingaráætlun. Verkefni sem við teljum einnig mikilvægt að ráðast í á næsta kjörtímabili með hliðsjón af spá um þróun íbúafjölda er bygging á nýjum leikskóla og bygging á nýjum íbúakjarna fyrir fólk með fötlun.

Sjálfstæðisflokkurinn mun áfram sýna ábyrgð í stjórnun fjármála bæjarins til hagsældar fyrir bæjarbúa.

Sandra Margrét Sigurjónsdóttir og Ólafur Adolfsson

Höfundar skipa 2. og 4. seti á lista Sjálfstæðisflokksins á Akranesi til bæjarstjórnarkosninga í vor.



Dagur nakins garðyrkju-fólks tekinn alla leið

Laugardagurinn 5. maí er samkvæmt evrópskri ákvörðun sá dagur sem garðyrkjufolk gengur nakið til vinnu. Eins og gefur að skilja er ákvörðun um einmitt þennan dag á almanakinu tekin einhversstaðar í Suður-Evrópu, enda sér það hver heilvita maður að venjulegir Íslendingar veldi annan og hlýrri árstíma

til að striplast svona. En það breytti ekki því að ekki var bannað að taka þátt. Í ljósi þess að ræktun jarðarberja hér á landi er að stórum hluta í gróðurhúsum var Kristjana Jónsdóttir garðyrkjubóndi í Sólbyrgi í Reykholtssdal að snyrta jarðarberja-plöntur þennan dag eins og ekkert hefði í skorist, fáklædd þó. *mm*

PENNAGREIN

Besta niðurstaðan, betra Akranes



Síðastliðnar vikur höfum við framþjóðendur Framsóknar og frjálsra farið um víðan völl og eigum þó eftir að fara enn víðar. Við vorum með sex opna málefnafundum um málefna við bæjarins. Þangað mætti fólk sem þekkti vel til mála-flokkanna, gaf okkur upplýsingar um hvað væri gott og við hverju ætti að bregðast til að gera hlutina enn betri. Við höfum mætt á fundi, kynningar, inn í fyrirtæki, stofnanir og farið í heimsóknir, svo að eitt-hvað sé nefnt. Með þessu reynum við að vinna traust kjósenda með því að kynna okkur sjálf, sjónarmið okkar og koma því á framfæri fyrir hvað við stöndum. Í öllu þessu starfi hef ég áttað mig á mikilvægi þess að gefa sér tíma til að hlusta á þá sem við hittum og læra af mismunandi reynslu og þekkingu fólks. Allt þetta gerum við til að fá upplýsingar um málefni okkar góða samfélags því við í Framsókn og frjálsum brennum fyrir því að gera góðan bæ að enn betra Akranesi.

Það skiptir miklu máli að kynna sér sjónarmið sem flestra og öðlast þannig getu til að taka góðar ákvarðanir. Margir sem við höfum hitt eru sérfræðingar í málefnum sem standa þeim næst. Hér er ég að tala um starfsmenn og notendur þjónustu stofnana og fyrirtækja. Upplýsingar frá öllum þessum aðilum er mikilvægt nesti inn í vinnuna sem er að gera gott Akranes að enn betra Akranesi. Það er það sem

við í Framsókn og frjálsur leggjum áherslu á.

Bæjarfulltrúar fá að takast á við mörg og mismunandi mál. Það er augljóst í mínum huga, að því fleiri sjónarmið sem hlustað er á, því betri niðurstöðu fáum við. Þá er einnig líklegt að betri sátt náist um niðurstöðuna. Því verða bæjarfulltrúar að sýna pólitíska forystu, hlusta á öll sjónarmið og taka síðan ákvarðanir út frá eigin sannfæringu.

Á undanförunum vikum hef ég lært mikið um ýmiss málefni sem ég hafði litla sem enga þekkingu á. Þessar vikur hafa verið afar skemmtilegur tími og ég hlakka til að halda baráttunni áfram. Ég vonast til að hitta þig og alla þá sem búa yfir ýmiss konar þekkingu. Þekkingin þín er mikilvæg til að gera góðan bæ að enn betra Akranesi.

Ég hlakka til kosninganna og hvet þig til að kynna þér stefnumál okkar. Við munum kynna þau nk. laugardag kl. 11 - 13 í kosningamiðstöð okkar að Kirkjubraut 54 – 56. Við munum bjóða upp á léttan „bröns“ og áhugaverð stefnumál. Áherslur okkar eru byggðar upp á samtali við ykkur og mismunandi þekkingu og reynslu liðsmanna Framsóknar og frjálsra.

Ég hvet þig til að mæta! XB fyrir betra Akranes.

*Ragnar Sæmundsson
Höf. skipar 2. seti á lista Framsóknar og frjálsra á Akranesi.*

PENNAGREIN

Ferðapjónusta til framtíðar



Í Borgarbyggð eru ótal ferðapjónustuaðilar. Fjölbreytni er með mesta móti, affreying allt frá sýningum og söfnum upp í magnaðar náttúruferðir, gisting allt frá tjaldsvæðum upp í glæsileg hótél og veitingasala frá pylsum upp í steikur úr gæðahráefni úr héraði. Fyrir stuttu hlaut Vesturland titilinn „einn áhugaverðasti staður heims“ og það ekki að ástæðulausu. Eigendur og rekstaraðilar í ferðapjónustu eiga heiðurinn. Með metnaði, hugmyndaugði og þori hefur ferðapjónustuaðilum tekist að gera Borgarbyggð að enn meira aðlaðandi svæði.

Matarauður Vesturlands og Uppbyggingarsjóður Vesturlands eru verkefni og sjóður sem hafa stuðlað að öflugri uppbyggingu í atvinnulífinu, þ.m.t. ferðapjónustu og

menningarlífi, og það ber að þakka. Svona verkefni hafa skilað okkur langt. Markaðsstofa Vesturlands hefur líka átt stóran þátt í kynningu á Vesturlandi.

Pegar horft er til framtíðar viljum við taka vel á móti öllum sem vilja sækja Borgarbyggð heim. Við erum stolt af öllu því sem við höfum upp á að bjóða. Ferðapjónustan er okkur mikilvæg og við viljum hafa hana áfram í sátt við allt og alla. Ferðapjónustan er í sókn og þurfum við öll að halda vel á spöðunum svo okkar svæði verði áfram einn áhugaverðasti staður heims.

Guðmundur Freyr Kristbergsson,
Háafelli.
Höf. skipar 3. seti á lista VG í
Borgarbyggð.

PENNAGREIN

Við eigum bara eina heilsu



Við eigum bara eina heilsu, góð heilsa er það dýrmætasta sem hver manneskja á. Sveitarfélög hafa bæði samfélagslegan og fjárhagslegan ávinning af því að styðja og hvetja íbúa til heilbrigðs lífs.

En hvernig förum við að því að átta okkur á stöðunni varðandi lýðheilsu í samfélaginu sem við búum í? Hvernig mælum við lýðheilsu? Hvernig metum við hvar við þurfum að bæta í, gera betur. Til eru fjölmargar leiðir og hefur embætti landlæknis gefið út svokallaða lýðheilsuvísu. Lýðheilsuvísunum er ætlað að auðvelda sveitarfélögum og heilbrigðisstofnunum að greina styrkleika og veikleika og með þá vitneskju er hægt að vinna að því að finna leiðir til að skilja þarfir til bættrar heilsu og líðan í sveitarfélaginu.

Í lýðheilsuvísunum sem komu út sl. haust má skoða stöðuna á Vesturlandi. Þar kemur t.d. fram að fleiri fullorðnir nota virkan ferðamáta í vinnu/skóla í samanburði við aðra landshluta. Hlutfall framhaldsskólanema sem hefur prófað kannabis er lægst á landinu, sem er afar ánægjulegt. Lægsta hlutfall framhaldsskólanema sem segist oft hafa verið einmana. Hlutfall barna í 8.-10. bekk sem tekur þátt í skipulögðu íþróttastarfi er lægst á Vesturlandi miðað við aðra landshluta. Fleiri fullorðnir meta andlega heilsu sæmilega/lélega og á Vesturlandi mæta færri konur í leghálskrabbameinsskoðun en í öðrum landshlutum.

Skipulag þarf að vera á forsendum alhliða heilsuefingar, bæði líkamlegrar og andlegrar, auk þess að hámarka loftgæði. Ein einfaldasta leiðin til að auka hreyfingu í daglegu lífi er að velja virkan ferðamáta, svo sem göngu eða hjólræið-

ar. Þess vegna vill VG efla Borgarbyggð enn frekar sem heilsuefflandi samfélag m.a. með því að fjölga göngu- og reiðhjólástígum, gera skal framkvæmdaáætlun fyrir allt sveitarfélagið í samstarfi við Vegagerðina og landeigendur. Auk þess þyrfti að fjölga merktum gönguleiðum og koma fyrir bekkjum og líkamsræktartækjum utan-dyra. Einnig skal gefa út gönguleiðakort um Borgarbyggð. Þetta ætti að vinna í samstarfi við áhugamannafélög og landeigendur.

Íþróttir og tómsundurir eiga að vera fyrir alla, aðgengi að þeim þarf því að vera í lagi og fjölbreytt úrval í boði. Vinstrihreyfingin grænt framboð leggur áherslu á forvarnargildið sem öflugt íþrótt- og tómsundastarf hefur í för með sér og því mikilvægt að styðja vel við þetta starf hjá öllum aldurs-hópum.

Ein stærsta áskorunin þegar horft er á lýðheilsuvísana er að horfa á þá staðreynd að fleiri fullorðnir meta andlega heilsu sæmilega/lélega. Það þarf að vinna gegn einmanaleika og kvíða með fjölbreyttum leiðum. Það hafa verið færð rök fyrir því að útvera ein og sér hafi mikil jákvæð áhrif á andlega heilsu. Það þarf líka að vera tryggt aðgengi að sálfræðingum og hlúð sé að starfsumhverfi fólks.

Það er mál bjargfesta skoðun að ef við hugum að andlegri og líkamlegri heilsu, erum við enn betur í stakk búin fyrir framtíðina. Verkefni á borð við „Heilsuefflandi samfélag“ er frábært framtak og það þarf að efla enn frekar, markmiðið ætti að vera virk þátttaka allra samfélagshópa.

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir
Höf. skipar 2. seti á lista VG í
Borgarbyggð

PENNAGREIN

Barnafjölskyldur í forgrunni



Málefni fjölskyldna með börn sem eru yngri en 6 ára hafa verið mikið í umræðunni á Akranesi á síðustu misserum og hefur umræðan þá að mestu snúið að börnum sem eru á svokölluðum dagforeldra aldri. Á þessu kjörtímabili hefur þjónusta til handa þessum börnum og foreldrum þeirra verið bætt. Á síðasta ári var gerður þríhliða samningur á milli foreldra, dagforeldra og Akraneskaupstaðar, með það fyrir augum að bæta þjónustu og auka framboð á dagvistunarræðum. Eftir tilkomu samningsins er yfirsýn á stöðu mála hjá dagforeldrum og upplýsingagjöf til handa foreldrum nú mun betri en áður var. Samhliða þessu hefur niðurgreiðsla Akraneskaupstaðar vegna dvalar ungbara hjá dagforeldrum verið hækkuð úr 40 þúsund krónum í 55 þúsund á mánuði og í 63 þúsund fyrir fjölbura.

Á miðju sumri 2017 varð ófyrirséð brottvarf úr hópi dagforeldra og var útlit fyrir að einhver börn fengju ekki pláss hjá dagforeldrum. Skóla- og frístundaráð vann hratt og örugglega að lausn á verkefninu í nánú samstarfi við foreldra, dagforeldra og leikskóla bæjarins. Með samstilltu átaki voru málin leyst með farsælum hætti. Í þessum aðstæðum kom það enn og aftur í ljós hversu mikinn mannauð við eigum á leikskólum kaupstaðarins og hversu hæfir stjórnendur eru þar innanborðs. Samningurinn og yfirsýnin hefur jafnframt stuðlað að því að börn voru tekin inn á leikskóla í byrjun þessa árs en ekki eingöngu í ágúst eins og tíðkast hefur. Enn fremur er frábært að segja frá því að börnum sem fædd eru í janúar til maí 2017 hefur öllum verið boðið leikskólapláss nú í haust.

Við í Sjálfstæðisflokknum á Akranesi erum hvergi nærri hætt og ætlum að halda áfram að bæta þjónustu við fjölskyldur með ung börn á Akranesi. Við ætlum að tryggja dagvistunarræði að loknu foreldraorlofi. Í því samhengi erum við farin að huga að byggingu á nýjum leikskóla, með það að leiðarljósi að tryggja hið minnsta öllum tveggja ára börnum á Akranesi leikskólavist.

Höldum áfram að hugsa í lausnum, höldum áfram að gera góðan bæ enn betri.

Þórður Guðjónsson.
Höf. er formaður skóla- og frístunarráðs og er í 5. seti á lista Sjálfstæðismanna í komandi sveitastjórnarkosningum.

PENNAGREIN

Um mikilvægi íþróttastarfs í Borgarbyggð



Hreyfing hefur margvísleg góð áhrif á líkamlega og andlega heilsu fólks og hefur fjölþætt forvarnargildi hjá öllum aldurshópum. Síðustu áratugina hefur samfélag okkar breyst talsvert með aukinni notkun snjalltækja, aukinni kyrrsetu og aukinni tíðni offituvandamála. Með þetta til hliðsjónar þurfum við að bregðast við og reyna eftir fremsta megni að styðja við bæði skipulagt íþróttastarf sem og aðgengi almennings að útivistarsvæðum, líkamsræktaraðstöðu og sundlaugum.

Í héraðinu okkar er mikið af flottu íþróttafólki sem náð hefur langt í sinni grein, hvort sem það er einstaklingsgrein eða hópíþrótt. Einnig búum við vel með flott fólk sem stendur að baki þessum árangri, þjálfarar, foreldrar og áhugafólk sem tilbúið er að vinna íþróttunum til heilla.

Þrátt fyrir það eru of margir bæði börn og fullorðnir sem ekki stunda reglulega hreyfingu. Til að auka þátttöku í skipulagðri hreyfingu þarf að hafa hana aðgengilega og fjölbreytta, fyrir suma henta hópíþróttir en aðrir kjósa einstaklingsgreinarnar, sumir hafa gaman að boltaíþróttum á meðan þær henta ekki öllum.

Með tilkomu tómsundabílsins hafa möguleikar barna og unglinga, úr dreifbýlinu, á að sækja æfingar í Borgarnes aukist gífurlega og hjálpar það mikið til við að auka þátttöku. Áhugavert væri að skoða möguleikann á að fjölga ferðum tómsundabílsins og eins hvort hægt væri að nýta íþróttamannvirkin á Varmalandi og Kleppjárnreykjum betur með fjölbreyttari akstursleiðum.

Pannig mætti í leiðinni auka samstarf íþróttafélaganna í héraðinu og auka möguleikana á að ná í lið í fleiri aldursflokkum og eins rýmka um íþróttahúsið í Borgarnesi þar sem hver æfingátími er umsetinn. Einnig hefur tilkoma íþrótt- og tómsundaskólans breytt miklu fyrir yngstu árgangana og er það mjög jákvætt að geta stytt „vinnudag“ þeirra með þessu móti og gera þeim sem búa í dreifbýlinu kleift að æfa íþróttir beint eftir skóla og fá skólaakstur heim að þeim loknum.

Ég myndi einnig vilja sjá sveitarfélagið okkar setja sér framtíðaráætlun hvað stækkun og uppbyggingu íþróttamannvirkja varðar. Íþróttahúsið í Borgarnesi er eins og áður segir fullnýtt og barist um hvern æfingátíma þar. Arið 2013 setti Ungmennasamband Borgarfjarðar upp áætlanir, annars vegar 4 ára og hins vegar 10 ára, að því hvernig sambandið myndi vilja haga uppbyggingu íþróttamannvirkja í Borgarfirði. Var sú vinna unnin að beiðni sveitarfélagsins og var hluti af samstarfssamningi þess við UMSB. Fátt af því sem þar er sett á 4 ára áætlunina hefur komist í verk og ekkert af 10 ára áætluninni. Þessu þarf að breyta og sveitarfélagið þarf að mynda sér skýra framtíðaráætlun ætli það að halda sér samkeppnishæfu við önnur sveitarfélög hvað íþróttamannvirki varðar.

Höldum áfram að leita leiða til að hámarka nýtingu íþróttamannvirkjanna okkar og byggja upp íþróttaaðstöðuna í Borgarbyggð.

Unnur Jónsdóttir
Höfundur skipar 10. seti á lista VG í Borgarbyggð

Hettupeysur í mörgum litum

Við hönnum, prentum og merkjum fyrir þig og þína

Simi: 666 5110
smaprent@smaprent.is
www.smaprent.is

Fréttaveita Vesturlands

www.skessuhorn.is

PENNAGREIN

Skoðum allar leiðir

Vegna umfjöllunar um vegagerð um Teigsskóg, endurútreikning og endurhönnun af norskum aðila á leiðum sem þar hafa verið settar fram af hálfu svokallaðra umhverfissinna og kostunarmanna þeirra, fóru undirritaðir að athuga hvaða leiða ætti að líta til. Og viti menn, það á að skoða, reikna og ef til vill endurhanna D (göng um Hjallaháls) sem er bara hálfnað verk. Það þarf þá önnur göng, Djúpiðfjörður-Gufufjörður, á móti Þ-H þverunar fjarða og um Teigsskóg. Og líklega taka til skoðunar A leið sem hefur aldrei verið inni hjá Vegagerðinni vegna kostnaðar. En það á EKKI að taka leið I til skoðunar, sem er eins og Þ-H leiðin sem Vegagerðin hef-


ur ákveðið að fara, nema að hún fer ekki yfir þrætueplið Teigsskóg heldur á að liggja frá Hallsteinsnesi og yfir í Laugalandshraun og tengja bæði Bjarkalund og hringtengja Reykhóla við Vestfjarðaveg 60. Eða má bara gera hvað sem er við landið annar staðar en við Teigsskóg og í landi Grafar í Þorskafirði, til dæmis skera hlíðar í Djúpafríði og klaungrast upp á Ódrjúgsháls og niður í Gufufjörð?

Það hlýtur að vera krafa sveitarstjórnar og samfélagsins að skoða skuli allar leiðirnar sem Vegagerðin hannaði og reiknaði kostnað á til að geta borið allt saman. Og síðast en ekki síst þarf að liggja fyrir áætlun um hvenær hægt sé

að keyra viðkomandi leiðir sem Vegagerðin hefur hannað.

Það skildi þá ekki vera að þessir svokölluðu umhverfisinnar og eigendur þessara jarða sem ekki vilja veginn um Teigsskóg séu að kaupa sér leið framhjá sínu landi með kostunarmönnunum sem telja sig umhverfissinna!

Með vinsemi og virðingu,
Gunnbjörn Óli Jóhannsson.
Gústaf Jökull Ólafsson.



PENNAGREIN

Skýringar á óháðu mati mismunandi leiða

Tilboð um kostun á óháðri rýni vegna vegagerðar í Gufudalssveit er tilkomið vegna minnar bókunar á sveitarstjórnarfundum 8. mars, þar sem tekin var ákvörðun um að leið Þ-H yrði lögð til grundvallar við breytingu á aðalskipulagi: „KK lét bóka vegna atkvæðis gegn tillöggunni. Hagsmunir Reykhólahrepps eru skýrir í þessu máli, að farin verði sú leið sem veldur minnstum umhverfisspjöllum, liggur nær bæjunum í Gufudalssveitinni og sátt getur orðið um. Allur samundurur leiða Þ-H og D2 grundvallast af því hvernig þær eru hannaðar og útfærðar. Lengd jarðgangna undir Hjallaháls vekur furðu, sem og brattur sneiðingur upp á Ódrjúgsháls, framarlega á hálsinum en ekki utar þar sem hálsinn er lægri og snjóléttari. Vegagerðin ein hefur

komið að því verki að hanna og útfæra veglínurnar, en engir hlutlausir fagaðilar með aðra sýn, reynslu og hugmyndir að lausnum. Betur útfærð jarðgangnaeið er eina raunhæfa leiðin til að losa málið úr þeim atakafarvegi sem það hefur verið í allt of lengi og sættir sjónarmið umhverfis og vegagerðar. Skammtíma fjárhagshagsmunir eiga ekki að ráða för þegar teknar eru ákvarðanir um framkvæmdir sem valda óafturkræfu raski á viðkvæmri náttúru og lífríki. Okkur ber að skila landinu í ásætlanlegu horfi til komandi kynslóða.“

Ítarlegri gögn styðja ákvarðantöku

Í aðalskipulagi setur sveitarfélagið fram sína stefnu um landnotkun, skipulaginu fylgir umhverfisskýrsla, samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana. Sveitarfélagið á ekki að notast eingöngu við upplýsingar frá framkvæmdaaðila í sinni skipulagsvinnu og það þarf að vera tryggt að ákvarðanir um landnotkun séu byggðar á bestu fánlegu upplýsingum. Vinna norsku verkfræðistofunnar er til að byggja betur undir ákvarðanir sveitarstjórnar. Það er vilji sveitarstjórnar að íbúum verði gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum og beina spurningum til verkfræðinga Multiconsult.

Það er eðlilegt að Multiconsult fari gróft yfir alla kosti og rýni útreikninga Vegagerðarinnar og athugi hvort betur sé hægt að útfæra leiðir. Þ-H er sú leið sem Vegagerðin vill og ætlar sér að fara, D2 er sú leið sem veldur minnstum umhverfisspjöllum samkvæmt niðurstöðu umhverfismats framkvæmdarinnar. Þess vegna var unnið með þær báðar í skipulagsvinnunni til að byrja með en meirihluti sveitarstjórnar tók síðan ákvörðun 8. mars um að Þ-H yrði lögð til grundvallar við breytingu á aðalskipulaginu.

D2 er sú leið sem veldur minnstum umhverfisspjöllum samkvæmt niðurstöðu umhverfismats framkvæmdarinnar. Þess vegna var unnið með þær báðar í skipulagsvinnunni til að byrja með en meirihluti sveitarstjórnar tók síðan ákvörðun 8. mars um að Þ-H yrði lögð til grundvallar við breytingu á aðalskipulaginu.

Til upplýsingar

Það er tvennt sem nýtur sérstakrar verndar varðandi vegagerð um Gufudalssveit. Grunnsvæði fjarðanna er skilgreint sem votlendi og nýtur sérstakrar verndar samkv. 61.gr náttúruverndarlaganna; „því má ekki raska nema brýna nauðsyn beri til“. Lög um vernd Breiðafjarðar ná líka til

fjarðanna og ákvæði Ramsarsamningsins um vernd votlendis eiga líka við. Teigsskógur nýtur líka sérstakrar verndar; „honum má ekki raska nema brýna nauðsyn beri til“ og ákvæði Bernarsamningsins um villtar plöntur og dýr og lífssvæði þeirra eiga líka við um hann. Á Hallsteinsnesinu er líka svæði 303 á náttúruuminjaskrá.

Hvort tveggja skógurinn og grunnsvæðið er einstakt á landsvísi og það eru ríkir framtíðarhagsmunir fyrir Reykhólahrepp að varðveita skóginn óraskaðan og komast hjá því eins og kostur er að þvera firðina.

Karl Kristjánsson, Kambi.
Höfundur er sveitarstjórnarfulltrúi í Reykhólahreppi.

Fréttaveita Vesturlands

www.skessuhorn.is

VÖRUR OG ÞJÓNUSTA

VOGIR
Bílavogir
Kranavogir
Skeifuvogir
Pallvogir
Aflestrarhausar

VOGIR.IS

RAFMAGN
Húsarafmagn
Töflusmiði
Íðnaðarrafmagn
Bátarafmagn
Bílarafmagn

Fyrir alla vigtun

vogir@vogir.is Sími 433-2202

GALITO
RESTAURANT

Býður upp á alhliða veisluþjónustu

Ferlingarveislur, pinnamat, snittur, erfidrykkjur, veisluhlæðborð og veislur við önnur tækifæri.

Fagmennskan í fyrirrúmi
Upplýsingar í síma: 430 6767

Smáprent

Hönnun, prentum og merkjum
fyrir einstaklinga, hópa, félög, samtök og fyrirtæki

Skagabraut 6, Akranesi - sími: 431-5110/666-5110
www.smaprent.is - smaprent@smaprent.is

H P Pípulagnir ehf.
Alhliða pípulagnarþjónusta

LÖGGILTUR
PIPPULAGNA-
MEISTARI

Hilmar 820-3722
Páll 699-4067
hppipulagnir@gmail.com

SKESSUHORN 2017

Sprautu- og bifreiðaverkstæði Borgarness

Tjónaskoðun – Bílamálun – Réttingar – Bílrúðuskipti

Þjónustum öll tryggingafélög

Sólbakka 5, Borgarnesi • 437-1580 • sbb@simnet.is

Getum við aðstoðað þig?

Fjölrítunar- og útgáfupjónustan

sími: 437 2360
olgeirhelgi@islandia.is

Hönnun prentgripa & alhliða prentþjónusta
Dreifibréf - Boðsbréf
Ritgerðir - Skýrslur
Reikningar - Eyðublöð
Umslög - Bréfsfni

Á DÖFINNI

Akranes - miðvikudagur 9. maí
Karlakvöld Samfylkingarinnar á kosningaskrifstofunni að Stíllholti kl. 19:00. Bjór, bratwürst og bretzel. Veislustjóri er Stefán Pálsson sagnfræðingur.

Borgarbyggð - fimmtudagur 10. maí
Ráðstefna um íslenska þjóðfélagið á Bifröst 10. og 11. maí. Yfirskrift ráðstefnunnar er framtíð háskólastarfs á landsbyggðinni. Dagskráin hefst fimmtudaginn 10. maí kl. 10:30 og stendur til kl. 15:00 þann 11. maí. Nánar í Skekkuhorni vikunnar.

Borgarbyggð - fimmtudagur 10. maí
Messa í Borgarneskirkju á vígsludegi kirkjunnar. Kór eldri borgara syngur undir stjórn Zsusönnu Budai. Prestur er sr. Páll Ágúst Ólafsson.

Uppstigningardagur kl. 11:00 til 12:00.

Akranes - fimmtudagur 10. maí
Hátíðarguðsþjónusta á uppstigningardag kl. 14:00. Sr. Práinn Haraldsson þjónar fyrir altari. Hljómur, kór eldri borgara, syngur. Stjórnandi er Lárus Sighvatsson. Sveinn Arnar Sæmundsson leikur á orgel.

Borgarbyggð - föstudagur 11. maí
Háskólalestin heldur vísindaveislu í Hjálmakletti í Borgarnesi dagana 11. og 12. maí. Sjá nánar auglýsingu og frétt í Skekkuhorni vikunnar.

Akranes - föstudagur 11. maí
Uppistand með Sóla Hólm á Gamla Kaupfélaginu kl. 21:00. Miðasala á tix.is.

Borgarbyggð - laugardagur 12. maí
Krakkaflóamarkaður í Brákarey kl. 13:00. Krökkum gefst kostur á að koma og selja eða skiptast á leikföngum, spilum, bókum, tölvuleikjum, hjólum og öðru því sem þau eru hætt að leika sér með eða vaxin upp úr. Koma þarf með lítið borð, hjólbörur eða annað til raða hlutunum á. Stæðið kostar kr. 300 og þarf að skrá sig á Facebook eða á netfangið bjarg@simnet.is fyrir föstudaginn 11. maí.

Borgarbyggð - laugardagur 12. maí
Stórsýning Rafta og Fornbílafélags Borgarfjarðar í Brákarey kl. 13:00 til 17:00. Sýningin er orðin fastur liður í starfi félaganna og dregur að sér áhugafólk af öllu landinu auk þess sem íbúar Borgarbyggðar hafa ætíð sótt sýninguna vel.

Gamlir bílar og mótörhjól auk fjölda sýningarbása. Aðgangur ókeypis og vöfflusala á staðnum.

Akranes - laugardagur 12. maí
Stjórnin á Gamla Kaupfélaginu frá 23:55. Sigga, Grétar og félagar í Stjórninni mæta á Skagann Eurovisionkvöldið 12. maí. Aldurstakmark er 20 ár. Miðasala á midi.is.

Snæfellsbær - sunnudagur 13. maí
Afmælistónleikar Karlakórsins Kára kl. 20:00. Karlakórinn Kári verður með 10 ára afmælistónleika ásamt Elmarí Gilbertssyni og Eypóri Inga Gunnlaugssyni í Félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík. Aðrir gestasöngvarar verða Lárus Hannesson, Hólmfríður Friðjónsdóttir og Karlakórinn Heiðbjört. Undirleikarar verða Friðrik Vignir Stefánsson

og Valentina Kay. Kórstjóri: Hólmfríður Friðjónsdóttir. Friðrik Vignir mun leika af fingrum fram eins og honum einum er lagið frá kl. 19:30 og fram að tónleikum. Miðasala á www.midi.is.

Dalabyggð - þriðjudagur 15. maí
Tónleikar í Dalabúð. Jógvan Hansen og Pálmi Sigurhjártarson verða með tónleika í Dalabúð kl. 20:00. Á dagskrá eru m.a. lögin hans Jóns í bankanum, Ég er kominn heim, Loksins fann ég þig, Komdu í kvöld, Kvöldsigling, Vertu ekki að horfa og fleiri. Miðaverð er kr. 3.500. Miðasala við innganginn.

NÝFÆDDIR VESTLENDINGAR



1. maí. Drengur. Þyngd: 4.174 gr. Lengd: 55 cm. Foreldrar: Valgerður Helga Ísleifsdóttir og Guðni Leifur Friðriksson, Grundarfirði. Ljós móðir: Hrafnhildur Ólafsdóttir.



4. maí. Drengur. Þyngd: 3.910 gr. Lengd: 51 cm. Foreldrar: María Björgvinsdóttir og Arnþór Ólafsson, Akranesi. Ljós móðir: Ásthildur Gestsdóttir.



5. maí. Drengur. Þyngd: 3.768 gr. Lengd: 53 cm. Foreldrar: Arna Pétursdóttir og Svanberg Björnsson, Akranesi. Ljós móðir: Jóhanna Ólafsdóttir.



5. maí. Drengur. Þyngd: 4.272 gr. Lengd: 54 gr. Foreldrar: Heiðrún Arna Friðriksdóttir og Lárus Blöndal Guðjónsdóttir, Reykjavík. Ljós móðir: Jóna Björk Indriðadóttir.

MARKAÐSTORG VESTURLANDS

TIL SÖLU

Reiðhjól til sölu
Kvennmannsreiðhjól, 3ja gíra og karlmannsreiðhjól 3x7 gíra. Bæði hjólin hafa verið yfirfarin og eru í mjög góðu ástandi. Uppl. í síma 431-5646.

Markaðstorg Vesturlands

SKRÁÐU SMÁUGLÝSINGUNA FRÍTT Á WWW.SKESSUHORN.IS FYRIR KLUKKAN 12.00 Á ÞRIÐJUDÖGUM



Bolir í mörgum litum

Við hönnum, prentum og merkjum fyrir þig og þína

 Smáprent

Sími: 666 5110
smaprent@smaprent.is
www.smaprent.is



Við óskum þessum nýju Vestlendingum til hamingju.

5.000 kr. gjafabréf bíður þeirra í verslun okkar Dalbraut 1.

LINDEX

SPURNING
VIKUNNAR

Hvað finnst þér best á pizzuna?

(Spurt á Akranesi)



Ingibjörg Gestsdóttir
Sveppir, beikon, laukur og gráð-
ostur



Hjördís Garðarsdóttir
Ostaveisla



Ingibjörg Anna Elíasdóttir
Pepperoni, sveppir og laukur



Jóbanna Guðrún Gunnars-
dóttir
Gráðostur, paprika og skinka



Stefanía Sunna Róbertsdóttir
Pestó, kjúklingur, kasjúhnetur,
parmesanostur og rauðlaukur



Keppendur Sundfélags Akraness á mótinu í Danmörku. Guðbjörg Bjartey Guð-
mundsdóttir, Ingibjörg Svava Magnúsardóttir, Íris Rakel Aðalsteinsdóttir, Kristján
Magnússon, Auður María Lárusdóttir, Karen Káradóttir, Helga Rós Ingimarsdóttir,
Íris Petra Jónsdóttir, Aldís Thea Glád Danielsdóttir, Freyja Hrönn Jónsdóttir,
Bjarni Snær Skarphéðinsson, Tómas Týr Tómasson, Mateuz Kuptel og Guðbjarni
Sigþórsson.

Gerðu gott
mót í Danmörku

Fjórtán ungir og efnilegir sund-
kappar úr Sundfélagi Akraness
héldu í keppnisferð til Farum í
Danmörku um liðna helgi. Í til-
kynningu frá sundfélaginu segir að
sundkapparnir hafi staðið sig vel og
margir bætt sinn besta árangur.

Kristján Magnússon vann gull-
verðlaun í 100 m skriðsundi og
hreppti bronsið í 200 m skriðsundi,
100 m baksundi og 50 m baksundi.
Guðbjarni Sigþórsson setti tvö ný
Akranesmet í mótinu. Hann bætti
eigið Akranesmet í 100 m flugsundi

um fjórar sekúndur og eigið met í
50 m flugsundi um hálfa sekúndu.
Þá náðu þrír sundmenn í fyrsta sinn
lágmarkum fyrir Aldursflokka-
meistaramót Íslands. Það voru þau
Auður María Lárusdóttir, Mateusz
Kuptel og Bjarni Snær Skarphéð-
insson.

„Mótið fór fram á laugardag og
sunnudag en eftir það héldu krakk-
arnir til Kaupmannahafnar þar sem
borgin var skoðuð og Tívolí heim-
sótt,“ segir í tilkynningu sund-
félagsins.

kgk



Krakkarnir njóta sín í veðurblíðunni í Danaveldi.



Svipmynd frá leiknum á laugardaginn.

Ljós-
m. þa.

Víkingur Ó. sótti
sigur í fyrsta leik

Víkingur Ó. vann góðan útisigur á
ÍR, 0-2, þegar liðin mættust í fyrstu
umferð 1. deildar karla í knatt-
spyrnu á laugardag. Þeir Ibrahim
Sorie Barrie og Gonzalo Zamor-
ano skoruðu mörk Víkings í síðari
hálfleik.

Heimamenn í ÍR voru heldur
ákveðnari í upphafi leiks en liðs-
menn Víkings Ó. náðu helst að
ögna markinu eftir föst leikatriði.
Leikurinn var engu að síður nokk-
uð líflægur eftir að liðin höfðu gefið
sér nokkrar mínútur í að læra inn
á vindinn. Litlu munaði að ÍR-ing-
ar kæmst yfir á 20. mínútu en þeir
skölluðu boltann rétt yfir eftir góða
fyrirgjöf. Næsta korterið eða svo
datt leikurinn aðeins niður og fátt
markvert gerðist. Það sem eftir lifði
fyrri hálfleiks voru Ólafsvíkingar
mun hættulegri. Fyrst átti Krist-
inn Magnús Pétursson skot rétt
framhá úr dauðafæri eftir undir-
búning Gonzalo. Næst átti Kwame
Queue þrumuskalla að marki ÍR sem
Patrik Sigurður Gunnarsson varði
meistaralega og staðan markalaus í

hléinu.

Síðari hálfleikur var daufur fyrst
um sinn og sterkur vindur gerði
leikmönnum erfitt fyrir. Það var því
nánast sem þruma úr heiðskíru lofti
þegar Víkingur skoraði á 57. mín-
útu. Gonzalo átti góða hornspyrnu
sem skoppaði í gegnum þvöguna á
Ibrahim sem þrumaði honum upp í
markhornið. ÍR-ingar sóttu aðeins
í sig veðrið eftir markið en sköp-
uðu sér engin alvöru færi. Það var
heldur að Víkingur bætti við. Sú
varð einmitt raunin á 83. mínútu.
Ingibergur Kort Sigurðsson átti
þá góðan sprett upphægri kantinn
áður en hann lagði boltann á Gon-
zalo sem skoraði af öryggi og inn-
siglaði sigur Víkings.

Með sigrinum krækti Víkingur
Ó. í þrjú stig og situr liðið í öðru
sæti deildarinnar með þrjú stig, rétt
eins og HK og ÍA í sætunum fyrir
ofan og neðan. Næst mætir Víking-
ur Ó. liði HK. Sá leikur fer fram í
Kórnum í Kópavogi næstkomandi
laugardag, 12. maí.

kgk

Öll Vesturlandsliðin áfram í bikarnum

Leikið var í 32 liða úrslitum Mjólk-
urbikars karla í knattspyrnu í byrj-
un síðustu viku. Þrjú Vesturlands-
lið voru enn með í keppninni áður
en umferðin hófst; ÍA, Víkingur Ó.
og Kári. Öll sigruðu þau sína leiki
og eru því komin áfram í 16 liða úr-
slit. Næsta umferð bikarsins verður
leikin dagana 30. og 31. maí næst-
komandi.

Frábær byrjun ÍA á
Selfossi

ÍA reið á vaðið 30. apríl þegar lið-
ið mætti Selfossi á útivelli. Bæði lið
leika í 1. deild á komandi sumari.
Skagamenn hófu leikinn af krafti og
komust yfir strax á 2. mínútu með
marki frá Arnar á M. Guðjónssyni.
Aðeins mínútu síðar var brotið á
Ólafi Val Valdimarssyni í vítateign-
um og vítaspyrna dæmd. Þórður
Þorsteinn Þórðarson fór á punktin
og skoraði af öryggi. Frábær byrj-
un Skagamanna sló heimamenn út
af laginu og þurftu þeir góðan tíma
til að komast inn í leikinn aftur. Þeir
náðu að minnka muninn á 25. mín-
útu með marki frá Gilles Ondo en
Skagamenn voru áfram sterkari. Á
43. mínútu fékk Stefán Teitur Þórð-
arson laglega stungusendingu inn
fyrir vörn Selfyssinga og skoraði
með góðu skoti. Staðan í hálfleik
1-3 fyrir ÍA. Síðari hálfleikur var
ekki eins fjörugur og sá fyrri. Skaga-
menn láu til baka, þéttu vörnina og
beittu skyndisóknum. Á 85. mín-

útu kom löng sending fram völinn,
beint á Steinar Þorsteinsson sem
var einn og óvaldaður. Hann skor-
aði fjórða mark ÍA og innsiglaði 1-4
sigur. Í næstu umferð bikarsins fara
Skagamenn suður með sjó og mæta
úrvalsdeildarliði Grindavíkur.

Augljós getumunur

Þriðjudaginn 1. maí ferðust liðs-
menn Víkings Ó. til Hveragerðis
og mættu 4. deildar liði Hamars.
Heimamenn byrjuðu leikinn afar
vel, náðu forystunni strax á 4. mín-
útu með marki frá Samuel Mason
og komust síðan í 2-0 á 25. mín-
útu þegar Samuel skoraði aftur. En
eftir það tóku liðsmenn Víkings Ó.
við sér og sýndu af hverji ferir eru
þremur deildum fyrir ofan Hamar.
Þeir minnkuðu muninn á 31. mín-
útu þegar heimaenn skoruðu sjálfs-
mark. Skömmu síðar jöfnuðu þeir
metin með marki frá Kwame Quee
og rétt fyrir hálfleik voru þeir komn-
ir yfir eftir að Emmanuel Eli Keke
skoraði. Staðan 2-3 í hálfleik. Bjart-
ur Bjarni Barkarson kom Víkingi í
2-4 snemma í síðari hálfleik en eftir
það varð bið á næstu mörkum. Ívar
Reynir Antonsson kom Víkingi í 2-5
á 82. mínútu en heimamenn náðu
að klóra í bakkann undir lokin með
marki Dimitrije Pobulic og lokatöl-
ur urðu 3-5 fyrir Víking Ó. Ólafs-
víkingar mæta Fram á útivelli í 16
liða úrslitum bikarsins.



Steinar Þorsteinsson skoraði fyrir ÍA í stórsigri á Selfyssingum.

Ljós-
m. úr safni/ gbh.

Markaregn
í framlengingu

Káramenn voru rauðklæddir á bar-
áttudegi verkalyðsins þegar þeir
tóku á móti Hetti frá Egilsstöðum
í Akraneshöllinni. Bæði leika lið-
in í 2. deildinni. Leikurinn var væg-
ast sagt kaflaskiptur og úrslitin réð-
ust ekki fyrr en eftir framlengingu.
Káramenn voru heilt yfir sterkari í
venjulegum leiktíma en Hattarmenn
vörðust vel og léku skipulega. Með
heppni hefðu gestirnir hæglega geta
stolið sigrinum. Markalaust var eft-
ir 90 mínútur en mörkunum átti eft-
ir að rigna inn í framlengingunni.
Jón Vilhelm Ákason kom Kára yfir á
fyrstu sekúndum framlengingarinn-
ar með skalla af stuttu færi eftir góða

sókn Kára og ótrúlega markvörslu
markvarðar Hattar. Skömmu síðar
jafnaði Sæbjörn Guðlaugsson fyrir
gestina og staðan 1-1 eftir fyrri hluta
framlengingarinnar. Eftir að flaut-
að var til síðari hluta framlenging-
ar náðu Káramenn góðum kafla og
gerðu út um leikinn. Á fjögurra mín-
útna kafla skoraði Ragnar Már Lárus-
son tvisvar og Jón Vilhelm einu sinni
og Káramenn komnir í 4-1. Halldór
Bjarki Guðmundsson minnkaði met-
in í 4-2 á 112. mínútu en Alexand-
er Már Þorláksson innsiglaði 5-2 sig-
ur Kára á lokamínútunni. Káramenn
eru þar með komnir í 16 liða úrslit
bikarkeppinnar í fyrsta sinn í sögu
félagsins. Þar mæta þeir úrvalsdeild-
arliði Víkings R. Sá leikur fer fram á
Akranesi.

kgk



Verðlaunaðir fyrir góðan vetur í körfunni

Verðlaunahóf Körfuknattleikssambands Íslands vegna keppnistímabilsins 2017 til 2018 var haldið í síðustu viku. Þar voru veitt verðlaun í 1. deildum karla og kvenna og Domino's deildum karla og kvenna, bæði einstaklingsverðlaun og tilkynnt um lið ársins. Liðsmenn deildarmeistara Skallagríms voru áberandi þegar veitt voru verðlaun fyrir 1. deild

karla. Eyjólfur Ásberg Halldórs-son var valinn leikmaður ársins og Finnur Jónsson hjálfi ársins. Auk Eyjólf var Bjarni Guðmann Jónsson liðsfélagi hans valinn í lið ársins í 1. deildinni. Þá var Grundfirðingurinn Hlynur Bæringsson valinn í lið ársins í Domino's deild karla, en hann leikur með Stjörnunni.

kgk



Héldu til keppni í ringói

Ringófélagar úr Borgarbyggð gerðu nýverið góða ferð á Suðurland. Þeir unnu á fjögurra liða móti sem fram fór á Hvolsvelli í umsjón HSK. Spiluð var tvöföld umferð og sigraði UMSB í fjórum leikjum en tapaði í tveimur. Þetta var þriðja og

síðasta mót þessara liða í vetur. Sá háttur hefur verið hafður á síðustu árum og gefist vel, að sögn Flemming Jessen þjálfara. Næsta verkefni ringófélaga í Borgarbyggð er þáttaka í Landsmóti UMFÍ sem fer fram 13. – 15. júlí í sumar. mm/fj



Kári fékk skell í fyrsta leik

Keppni í 2. deild karla í knattspyrnu hófst sl. sunnudag. Á Akranesi tók Kári á móti Fjarðabyggð í fyrsta leik liðsins í 2. deild í sögu félagsins. Káramenn verða að vona að fall sé fararheill, því þeir fengu skell í Akraneshöllinni og töpuðu með fimm mörkum gegn einu. Káramenn voru sterkari framan af fyrri hálfleik og fengu óskabyrjun þegar Guðlaugur Þór Brands-son skoraði eftir 15. mínútna leik. Adam Örn Guðmundsson jafnaði á 30. mínútu. Tíu mínútum síðar snerist leikurinn hins vegar á punktinum þegar Sindri Snæfells Kristinsson, varnarmaður Kára, var

rekin út af fyrir litlar sakir. Gestirnir í Fjarðabyggð nýttu sér það og komust yfir á lokamínútu með fyrri hálfleiks marki Mate Coric. Staðan 1-2 í hléinu. Gestirnir nýttu sér að vera einum fleiri í síðari hálfleik og bættu við þremur mörkum. Fyrst skoraði Aleksandar Stojkovic áður en Adam Örn skoraði annað mark sitt. Javier Angel Chocano innsiglaði síðan sigur gestanna á 90. mínútu. Lokatölur 1-5. Næst mætir Kári liði Hugins á Seyðisfirði næstkomandi laugardag, 12. maí.

kgk/ Ljós. Knattspyrnufélagið Kári.

Vestlenskir sundgarpar sópuðu til sín verðlaunum

Íslandsmótið í Garpasundi fór fram í Ásvallalaug í Hafnarfirði um liðna helgi. Þar etja kappi sundmenn með reynslu, 25 ára og eldri. Fimm sundgarpar kepptu fyrir íþróttafélag á Vesturlandi, þrír frá Sundfélagi Akraness og tveir frá UMSB. Fyrir Sundfélag Akraness kepptu Ágúst Júlíusson, Kári Geirlaugsson og Vignir Barkarson en Guðmunda Ólöf Jónasdóttir og Ingimundur Ingimundarson syntu undir merkjum UMSB. Skemmst er frá því að segja að Vestlendingarnir sópuðu til sín verðlaunum og sneru heim með hvorki fleiri né færri en 22 gullverðlaun og settu sjö ný Íslands-met.

Ingimundur keppti í flokki 70-74 ára og bar sigur úr þytum í 100 m skriðsundi og 50 m baksundi. Þá hreppti hann silfrið í 50 m skriðsundi.

Í flokki 65-69 ára varð Kári Geirlaugsson áttfaldur Íslandsmeistari. Hann sigraði í 50 m, 100 m, 200 m, 400 m og 800 m skriðsundi, 50 m og 100 m baksundi og 100 m fjórsundi. Kári setti nýtt Íslandsmet í 50 m baksundi og 100 m fjórsundi.

Guðmunda Ólöf keppti einnig í flokki 65-69 ára og vann til fimm gullverðlauna; í 50 m og 100 m skriðsundi, 50 m baksundi, 50 m bringusundi og 100 m fjórsundi. Íslandsmet setti hún í 100 m skriðsundi og fjórsundinu.

Vignir keppti í flokki 50-54 ára og sigraði í 50 m, 100 m, og 200 m skriðsundi sem og í 50 m bringusundi. Hann hafnaði í öðru sæti í 100 m skriðsundi og þriðja sæti í 50 m baksundi.



Fulltrúar Sundfélags Akraness, þeir Vignir Barkarson, Kári Geirlaugsson og Ágúst Júlíusson.

Ágúst keppti í flokki 25-29 ára og vann þar til fimm gullverðlauna; í 50 m skriðsundi, 50 m bringusundi, 50 m flugsundi, 100 m flugsundi, 50 m baksundi. Setti Ágúst jafnframt ný Íslandsmet í flugsundunum og baksundinu.

ÍA hafnaði í 4. sæti í stigakeppni félaga með 166 stig og UMSB í 7. sæti með 70 stig. Hefðu félögin keppt saman hefðu þau hafnað í þriðja sæti í stigakeppni félaga.

Ingimundur hvetur sundfélögin á Akranesi og í Borgarnesi til að sameina krafta sína í garpaflökki. „Vitað er að það er er margt gott sundfólk á aldrinum 25 ára og eldri sem tengjast Akranesi og Borgarfirðinum. Ef þessi félög myndu keppa samam er ljóst að það yrði sterkt lið. Ég skora á

sundfólk á Akranesi og í Borgarfirði á aldrinu 25-80 ára að taka fram sundfötin og mæta með sameiginlegt lið á næsta Garpamót að ári,“ segir Ingimundur.

kgk/ Ljós. Sundfélag Akraness.



Guðmunda Ólöf og Ingimundur.

Skagamenn byrjuðu mótið á sigri

ÍA sigraði Leikni R. með einu marki gegn engu í fyrstu umferð 1. deildar karla í knattspyrnu á laugardag. Leikurinn fór fram í Akraneshöllinni og kvartaði enginn áhorfanda yfir því, enda gekk á með eljum á Akranesi þennan dag. Eina mark leiksins skoraði Steinar Þorsteinsson á 60. mínútu eftir undirbúning Andra Adolphssonar.

Skagamenn mættu ákveðnir til leiks og voru skipulagðir í sínum aðgerðum. Þeir tóku sér tíma í að þreifa fyrir sér gegn gestunum úr Breiðholti. En eftir því sem leið á fyrri hálfleikinn urðu sóknir þeirra markvissari og þeir stöðugt líklegri til að taka forystuna. Markið lá í loftinu frá miðjum fyrri hálfleik og fram að hléi og yfirburðir Skagamanna voru algjörir. Litlu munaði að ÍA kæmist yfir skömmu fyrir hálfleik þegar Hörður Ingi Gunnarsson átti gott skot sem fór rétt framhjá markinu. Staðan því markalaus í hléinu.

Í byrjun síðari hálfleiks tóku Skagamenn upp þráðinn þaðan sem frá var horfið. Þeir stjórnuðu gangi mála inni á vellinum en gestirnir virkuðu ekki líklegir til afreka. Skagamönnum tókst að brjóta ísinn á á 61. mínútu. Andri Adolphsson lék þá varnarmenn gestanna grátt, sendi síðan boltann á Stein-



ar Þorsteinsson sem skoraði auðveldlega og kom ÍA yfir, 1-0. Fleiri urðu mörkin ekki en Skagamenn hefðu þó hæglega getað skorað fleiri. Þeir áttu álitlega sókn þegar tíu mínútur lifðu leiks. Henni lauk með góðri fyrirgjöf á Steinar sem hitti ekki boltann í upplögðu færi. Garðar Gunnlaugsson slapp svo einn í gegnum vörn gestanna á lokamínútunni en skot hans var ekki nægilega gott til að bæta við

í blálokin.

Skagamenn fengu þrjú stig að launum fyrir sigurinn og sitja í þriðja sæti eftir fyrstu umferð deildarinnar. Fyrir ofan eru Víkingur Ó. og HK sem einnig sigruðu fyrstu leiki sína í sumar. Næst leika Skagamenn á morgun, upps- tigningardag 10. maí, þegar þeir heimsækja Þór á Akureyri.

kgk/ Ljós. úr safni/ gbb.

80

STAÐIR



DAGLEGA Á FERÐINNI MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

Eimskip Flytjandi veitir samræmda flutningaþjónustu um land allt og eru áfangastaðirnir 80 talsins.

EIMSKIP

Flytjandi



Eskey ÓF-80 hefur fiskað afar vel að undanfögnu. Hér er komið að landi eftir mettur.



Aflinn úr Skarphéðni á leið á markaðinn, þeir Bjarni og Alexander sjá um það.

Afar líflegt við Akraneshöfn

Mjög gott fiskerí hefur verið á miðunum við Akranes eftir að hrygningarstoppi lauk á Vestur-
svæði 21. apríl síðastliðinn. Afla-
brögð hafa verið með besta móti
að sögn þeirra Alexanders Eiríks-
sonar og Bjarna Bragasonar sem
annast löndun og sölu aflans fyrir
Fiskmarkað Snæfellsbæjar. Línu-
báturinn Eskey kom t.d. inn til
löndunar á mánudaginn í síðustu
viku með metafla í einum túr, eða
16 tonn. Daginn eftir var Eskeyin
með 14 tonn og síðan 12 tonn á
miðvikudag. Þetta gerir á fimmta
tug tonna á þremur dögum.

Þá hófst strandveiðitímabilið
á miðvikudaginn. Strax um ell-
efuleitið sama morgun kom fyrsti
bátur að landi með dagsskammt-
inn, eða 770 kíló af þorski. Sömu
sögu var að segja af flestum þeim
bátum sem gerðir verða út til
strandveiða frá Skaganum, þeim
gekk vel í upphafi tímabilsins.
Auk þeirra eru nokkrir hand-



Steinólfur Jónasson er hér að landa úr báti sínum Skarphéðni SU.

færabátar gerðir út frá Akranesi.
Steinólfur Jónasson á Skarphéðni
SU-3 var að landa tveimur tonn-
um af stórþorski þegar ljósmynd-
ari Skessuhorns kom við á bryggj-

unni síðdegis á miðvikudaginn.
Steinólfur rær einn og sagði hann
afar vel hafa gengið á veiðunum
að undanfögnu.

mm



Það er alltaf fallett þegar vel fiskast.



Gauji var mættur til að stýra löndunarkrananum. Vanur maður þar á ferð.

VÍKURVAGNAR EHF.

Sérhæfir sig í öllu sem viðkemur dráttarbeislum og kerrum.

Við getum boðið upp á breiða línu af kerrum til flestra nota,
svo sem hestakerrur, farangurskerrur, bílaflutingavagna, vélavagna
ásamt sérsmiði eftir þínum þörfum.

Önnumst allt almennt viðhald á kerrum og vögnum.



Hyrjarhöfði 8 110 Reykjavík
sími: 577-1090
netfang: sala@vikurvagnar.is
www.vikurvagnar.is



Hestakerra 2 öxla sem
rúmar 4 hesta.



Flatvagn 2 öxla með
niðurfellanlegum skjólborðum.

